

From: [Samráðsgátt](#)
To: [Svava Svanborg Steinarsdóttir](#)
Subject: Til samráðs: Hollustuháttareglugerð
Date: þriðjudagur, 4. janúar 2022 16:34:20

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 2/2022, „Hollustuháttareglugerð“. Umsagnarfrestur er til og með 21.01.2022.

Umsagnir verða birtar í gáttinni jafnóðum og þær berast. Athugið að ekki er hægt að breyta umsögnum eftir að þær hafa verið sendar inn.

[Smelltu hér til að skoða málið nánar/senda inn umsögn.](#)

Niðurstöður samráðsins verða birtar í gáttinni þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

Þetta er sjálfvirkur póstur til áskrifenda. [Hér er hægt að afskrá sig.](#)

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

Samráðsgáttin/Ísland.is

REGLUGERÐ
um hollustuhætti.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja landsmönnum og öðrum sem hér dvelja heilnæm lífsskilyrði og öruggt nærumhverfi.

2. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um framkvæmd hollustuverndar og heilbrigðiseftirlit samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá gildir reglugerðin um vöktun og rannsóknir, eftirlit með meindýravörnum, gæludýrum og opnum svæðum.

3. gr.
Skilgreiningar.

Baðaðstaða er aðstaða fyrir viðskiptavini eða almenning þar sem aðgangur er að sturtu eða baði.

Eftirlit er athugun á vöru, þjónustu, ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur, skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eftirlitsaðilar eru heilbrigðisnefndir og faggiltir skoðunaraðilar samkvæmt heimild í 58. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisfulltrúi annast eftirlit í umboði heilbrigðisnefndar.

Fristundahús er hús utan þéttbýlis sem ætlað er til tímabundinnar dvalar.

Fullbúin baðaðstaða er sérstakt herbergi, með baðkeri eða sturtu, salerni og handlaug með heitu og köldu vatni, spegli, sápu, handþurrkum, ruslafötu og snögum eða fráleggsstað fyrir föt.

Fullbúin snyrting er sérstakt herbergi með salerni með salernispappír, handlaug með heitu og köldu vatni, spegli, sápu, ruslafötu og handþurrkum.

Færanleg starfsemi er starfsemi sem eðlis síns vegna er færanleg milli staða. Í starfseminni er notast við hreyfanlegan búnað til að vinna tímabundið verk á hverjum stað sem tengist almennt ekki veitukerfum á staðnum. Um er að ræða starfsemi sem ekki þarf byggingarleyfi fyrir né er gert ráð fyrir á skipulagi.

Gæludýr er hvert það lifandi dýr sem haldið er til afþreyingar, sbr. reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra.

Handlaug er vaskur með rennandi neysluvatni og heitu vatni, sem ætlaður er til handþvotta.

Hollustuvernd tekur til eftirlits með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfis- eða skráningarskyldri starfsemi, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra og öryggisþáttum þeim tengdum. Einnig tekur hún til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum.

Húðflúr, húðgötun og húðrof. Húðflúr eða fegrunarflúr er tákn, mynd eða texti sem grafinn er á húð með þar til gerðri nál, með eða án bleks. Húðgötun er þegar stungið er gat á húð eða líkamshluta sem setja má skartgrip í. Húðrof er þegar húð er rofin, t.d. þegar húðflúr er afmáð eða í fegrunarskyni.

Íbúðarherbergi er herbergi sem er ætlað til daglegrar dvalar og svefns fyrir fólk.

Íbúðarhúsnæði er varanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar þeirra sem þar búa.

Innra eftirlit er eftirlit rekstraraðila með eigin starfsemi framkvæmt af starfsmönnum hans eða þjónustuaðila, í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í starfsleyfi, lögum og reglugerðum séu uppfylltar.

Meindýr eru rottur og mýs annars vegar og skordýr og aðrir hryggleysingar hins vegar, sem valda tjóni eða umtalsverðum óhreinindum í eða við hýbýli manna, í gripahúsum, farartækjum, vöruskemmum o.s.frv.

Ónæði er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, s.s. vegna óþrífnaðar, ólyktar, hávaða, titrings, geislunar eða varmaflæðis.

Rekstraraðili er einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi starfsemi og er háður starfsleyfi eða skráningarskyldu samkvæmt reglugerð þessari, sbr. viðauka I og II.

Skolvaskur er vaskur til að skola búnað og áhöld og er hvorki notaður til handþvotta né í tengslum við matvæli.

Snyrting er sérstakt rými með salerni og ruslafötu með aðgengi að handlaug.

Starfsleyfi er ákvörðun heilbrigðisnefndar í formi skriflegs leyfis þar sem tilteknum rekstraraðila er heimilað að starfrækja tilgreinda starfsemi að því tilskildu að hann uppfylli viðeigandi ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis.

Þynningarsvæði er sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum.

II. KAFLI

Umsjón og samræming.

4. gr.

Yfirstjórn.

Umhverfis- og auðlindaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessarri.

5. gr.

Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun skal vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með líkum hætti á landinu öllu og skal stofnunin koma á samvinnu þeirra er að málum þessum starfa.

Stofnunin skal hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og veita þá ráðgjöf og þjónustu varðandi heilbrigðiseftirlit sem hún getur og aðstæður krefjast. Stofnunin gefur út fræðsluefni, leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um heilbrigðiseftirlit og framkvæmd þess, svo og um samræmingu krafna um mælingar sem gerðar eru.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd.

Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar.

Heilbrigðisnefnd ber í starfi sínu að samþætta framkvæmd þessarar reglugerðar við framkvæmd annarra reglugerða á sviði hollustuhátta, matvæla, mengunarvarna og umhverfissvöktunar sem henni er falið að framfylgja og sem saman eiga að stuðla að heilnæmum lífsskilyrðum og öruggu nærumhverfi.

III. KAFLI

Starfsleyfi og skráning.

7. gr.

Starfsleyfisskylda.

Stofnanir, fyrirtæki og önnur starfsemi sem talin er upp í viðauka I, hvort sem er á ábyrgð einstaklinga eða lögaðila, skulu hafa gilt starfsleyfi gefið út af heilbrigðisnefnd, sbr. þó 8. gr.

Óheimilt er að hefja starfsleyfisskylda starfsemi hafi starfsleyfi fyrir hana ekki verið gefið út af heilbrigðisnefnd sbr. þó 8. gr.

8. gr.

Skráningarskylda.

Ráðherra er heimilt, sbr. 8. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, að kveða á um í reglugerð að atvinnurekstur, sbr. viðauka II, sé háður skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfis. Um framvæmd skráningarskyldu fer samkvæmt reglugerð um skráningarskyldu sem ráðherra setur skv. 1. tl. 1. mgr. 4 gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Óheimilt er að hefja skráningarskylda starfsemi án þess að starfsemin hafi verið skráð hjá Umhverfisstofnun.

9. gr.

Umsókn um starfsleyfi.

Umsókn um starfsleyfi skal senda heilbrigðisnefnd. Umsókn skal fylgja upplýsingar um rekstraraðila, lýsing á tegund starfseminnar, umfangi hennar og umfangi einstakra rekstrarþátta, uppdættir af staðsetningu og önnur gögn sem heilbrigðisnefnd telur þörf á. Einnig skal fylgja afrit af gildandi deiliskipulagi eða gildandi aðalskipulagi, sé deiliskipulag ekki til staðar.

10. gr.

Útgáfa starfsleyfis.

Starfsleyfi skal gefið út á tiltekinn rekstraraðila og á tiltekna staðsetningu viðkomandi starfsemi og vera í samræmi við deiliskipulag

Í starfsleyfi skal lýsa í hverju starfsemin er fólgin, tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, m.a. færanlega starfsemi, tegund hennar, fastanúmer, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengi, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir, gæðastjórnun og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni, sbr. 15. gr.

Í starfsleyfi má heimila að færanleg starfsemi tengist fráveitu á staðnum enda sé fráveita til staðar sem hefur gilt starfsleyfi, eðli verkefnisins krefst þess og leyfi eiganda fráveitu liggur fyrir.

Útgefandi starfsleyfis skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Útgefandi starfsleyfis skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem hafa gert athugasemdir tilkynnt um afgreiðsluna.

Útgefandi starfsleyfis skal auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Birting á vefsíðu útgefanda starfsleyfis telst vera opinber birting. Starfsleyfi skal fylgja greinargerð þar sem farið er yfir málsmeðferðina og gerð grein fyrir afstöðu útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust.

11. gr. *Gildistími.*

Starfsleyfi skal gefa út til tiltekins tíma.

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist útgefanda.

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða starfsleyfi á gildistíma þess ef tilefni þykir til.

12. gr. *Breytingar á starfsemi.*

Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varða ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara.

Heilbrigðisnefnd metur upplýsingarnar samkvæmt 1. mgr., innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega hvort nauðsynlegt sé að breyta eða gefa út nýtt starfsleyfi vegna breytinga á rekstri. Ef gefa þarf út nýtt starfsleyfi ber umsækjanda að leggja fram nýja umsókn þess efnis til heilbrigðisnefndar. Í umsókn rekstraraðila skulu a.m.k. koma fram þær upplýsingar sem krafist er í 9. gr. eins og við á hverju sinni.

IV. KAFLI

Skyldur rekstraraðila.

13. gr. *Almenn ákvæði.*

Rekstraraðilar skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, starfsleyfis skilyrði og almennar kröfur. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Starfsleyfi skal vera sýnilegt viðskiptavinum.

Rekstraraðilum ber að fylgja að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um atriði er varða hreinlæti, hollustuhætti og öryggisþætti.

14. gr. *Hreinlæti og smíðætta.*

Rekstraraðilum sem falla undir reglugerð þessa ber að gæta gæta fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku er varðar húsnæði, lóðir, farartæki og annan búnað sem tilheyrir viðkomandi rekstri.

Starfsfólk sem vinnur við stofnanir eða fyrirtæki, sem um er fjallað í VII.-XII. kafla, skal stunda persónulegt hreinlæti og klæðast hreinum vinnufatnaði við störf sín. Það má ekki stunda vinnu sína sé það haldið smitnæmum sjúkdómi eða kvilla sem öðrum getur stafað hættu af.

Rekstraraðilar skulu gæta þess að starfsstöðvar verði ekki útbreiðslustaðir sjúkdóma. Ef upp kemur grunur um sjúkdóm eða smit meðal starfsfólks eða viðskiptavina skal þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd. Sé þess þörf skal heilbrigðisnefnd tilkynna sóttvarnalækni um slík tilfelli.

15. gr.
Innra eftirlit.

Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu í starfsleyfi um innra eftirlit í starfsemi þar sem smithætta er fyrir hendi eða sérstakra öryggisráðstafana er þörf. Rekstraraðilar sem falla undir kafla VIII., X., XI. og rekstraraðilar í skipulagðri afþreyingarþjónustu, sbr. viðauka I, skulu viðhafa innra eftirlit. Innra eftirlit skal taka mið af umfangi og stærð fyrirtækja.

Í innra eftirliti felst að:

- tilgreina áhættuþætti, fyrirbyggjandi aðgerðir og mikilvæga eftirlitsstaði, s.s. varðandi hitastig vatns og heilbrigðisvottorð starfsfólks,
- viðhafa skriflegar hreinlætisáætlanir sem fela í sér umgengnisreglur og áætlanir eftir því sem við á, s.s. um meindýravarnir, viðhald loftræstikerfa, þrif og gerileyðingu,
- skilgreina viðeigandi þjálfun starfsfólks og gera grein fyrir starfsréttindum þeirra,
- skrá óhöpp, slys og úrbætur,
- skrá viðhald tækja og búnaðar.
- gera skriflega áætlun um öryggi gesta og notenda, sem felur í sér almennt áhættumat og áætlun um forvarnir, sem er hluti af innra eftirliti. Grípa skal til viðeigandi aðgerða í samræmi við niðurstöður áhættumatsins til að draga úr eða koma í veg fyrir aðstæður er ógna öryggi gesta og notenda.

V. KAFLI

Húsnæði, lóðir og aðbúnaður.

16. gr.
Almenn ákvæði.

Húsnæði sem fjallað er um í reglugerð þessari, skal hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Húsnæði fyrirtækja og stofnana samkvæmt VII.-XII. kafla skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúðarhúsnæði, nema annað sé sérstaklega tekið fram í reglugerð þessari.

Húsnæði skal í samræmi við eðli starfseminnar fullnægja almennum skilyrðum um rými, birtu, upphitun og loftræstingu. Eftir því sem við á skulu hús og lagnir vera meindýraheld og skólplögnum haldið við. Sömuleiðis skulu gólf, veggir, loft og húsbúnaður eftir því sem við á gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.

Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hættu á húðbruna almenns notanda. Vatnshiti við töppunarstað í handlaugum og böðum skal ekki fara yfir 38 °C á leikskólum, leikvöllum og í daggæslu hjá dagforeldrum. Að öðru leyti skal vatn uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar.

Aðgangur skal vera að neysluvatni í þeirri starfsemi sem fjallað er um í V.-X. kafla, sbr. þó ákvæði 25. gr. um fjallaskála. Um gæði neysluvatns gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.

Um eldvarnir gilda ákvæði laga um brunavarnir og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Húsnæði skal að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

17. gr.

Aðbúnaður og umhirða húsnæðis.

Eigandi eða umráðamaður húsnæðis eða mannvirkis sem heyrir undir reglugerð þessa skal halda eigninni við og halda henni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð, girðingum og búnaði, þannig að valdi fólki ekki ónæði eða stefni heilsu þess í hættu.

Húsnæði telst heilsuspillandi þegar ástand þess er á þann hátt að það hefur áhrif á flesta eða alla þar sem þar dvelja að jafnaði og er skaðlegt heilsu þeirra, t.d. vegna hita- eða rakaskemmda, hávaða, fráveitu skólps, reyks, fasts eða fljótandi úrgangs, mengunar í lofti, jarðvegi, eða vatni, gasleka, geislunar, meindýra, óþrifnaðar eða viðhaldsleysis. Viðkomandi heilbrigðisnefnd sker úr um hvort húsnæði sé ófullnægjandi eða heilsuspillandi skv. þessari grein.

Við framkvæmdir og viðhald húsnæðis eða lóðar skal taka tillit til eðlis starfseminnar og lágmarka ónæði og áhrif á starfsemina. Leitast skal við að nota vistvæn efni og aðferðir við slíkar aðgerðir.

Nota skal vistvæn efni og aðferðir við þrif, þá sérstaklega á stöðum sem ætlaðir eru börnum og öðrum viðkæmum hópum. Ekki má haga hreinsun húsa, húshluta, húsmuna, bifreiða og tækja þannig að leitt geti til óþrifnaðar eða ónæðis fyrir aðra.

Húsnæði og búnaði stofnana og fyrirtækja samkvæmt VI.-XII. kafla skal haldið hreinu og snyrtilegu og ýtrasta hreinlætis gætt í samræmi við þá starfsemi sem um ræðir. Allsherjarhreingerning skal fara fram eftir þörfum.

Öll hættuleg efni og tæki eins og ræstiefni, lyf, málningarvörur og hættuleg eða oddhvöss tæki skulu geymd á tryggan og öruggan hátt þar sem börn ná ekki til svo sem í læstum lyfja- eða efnaskápum eða annars konar læstum hirslum.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera kröfu um að í húsnæði sé gert ráð fyrir rými fyrir hjálpartæki og búnað þar sem þess er þörf.

Rekstraraðili ber ábyrgð á að tæki og búnaður sem tilheyrir rekstrinum sé samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum og reglulega yfirfarinn. Rekstri starfseminnar skal háttað á þann veg að heilsa og öryggi þeirra sem þjónustuna sækja sé sem best tryggð. Þar sem við á skal tryggja notendum nauðsynlegan öryggisbúnað.

18. gr.

Frágangur og umhirða lóða og opinna svæða.

Lóð í kringum húsnæði ásamt girðingum skal vera frágengin þannig að valdi ekki slysaheitu eða séu skaðlegar fólki og henni haldið hreinni þannig að ekki berist að óþörfu óþrifnaður inn og valdi óþægindum fyrir þá sem þar dvelja eða leita þjónustu.

Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun, óþrifnaði eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslaugar bifreiðar, bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörðun, svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum.

19. Gr.
Snyrtingar

Notendur húsnæðis sem heyrir undir reglugerð þessa skulu eiga greiðan aðgang að snyrtingum þar sem við á. Þetta gildir þó ekki um fjallaskála, sbr. 25. gr. og viðauka III.

Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera í nálægð við salerni. Þá skal vera ruslafata með loki við hvert salerni.

Salernisrými má ekki opnast beint út í aðstöðu þar sem matvæli eru meðhöndluð og salerni skal aðgreint frá því rými þar sem fólk hefst við að jafnaði.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera kröfu um viðeigandi fjölda salerna eftir umfangi starfsemi á stöðum þar sem almenningur sækir þjónustu eða viðburði.

Um gerð og fjölda salerna og handlauga í húsnæði eða á svæði sem fellur undir reglugerð þessa gilda ákvæði viðauka III. Að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.

VI. KAFLI

Íbúðarhúsnæði, starfsmannabúðir og starfsmannabústaðir.

20. gr.
Þynningarsvæði

Íbúðarhúsnæði, starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir skulu ekki vera á þynningarsvæði starfsleyfisskyldrar starfsemi, sbr. viðauka I og II í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

21. gr.
Íbúðarhúsnæði.

Óheimilt er að leigja út íbúðarhúsnæði eða íbúðarherbergi nema húsnæðið hafi hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Hvorki má leigja út íbúðarhúsnæði eða íbúðarherbergi ef heilsu manna er stefnt í hættu, m.a. vegna hita og raka, hávaða, fráveitu skólps, meindýra, reyks, fasts eða fljótandi úrgangs, mengunar í lofti, jarðvegi eða vatni, gasleka eða geislunar né leigja húsnæði til búsetu ef það er ekki ætlað til búsetu.

Almenningur getur leitað til heilbrigðisnefndar ef leiguhúsnæði og annað íbúðarhúsnæði er ekki talið fullnægjandi m.t.t. hollustuhátta eða ef húsnæði er álitð heilsuspillandi, sbr. 17. gr. Heilbrigðisnefnd getur bannað útleigu íbúðarhúsnæðis ef hún telur að húsnæðið geti ógnað heilsu íbúanna eða nágrennanna. Þar skal sérstaklega tekið tillit til velferðar barna, sjúklinga og aldraðra.

22. gr.
Starfsmannabústaðir.

Starfsmannabústaðir fyrir fjóra eða færri skulu fullnægja almennum kröfum um íbúðarhúsnæði samkvæmt byggingarreglugerð. Að öðru leyti gilda sömu reglur um starfsmannabústaði og um íbúðarhúsnæði eftir því sem við á.

Gólfplötur skal vera minnst 4 m² á hvern íbúa í svefnrými. Í hverju rúmi svefnrýmis skal vera dýna, a.m.k. 2 metrar á lengd og 90 cm breidd.

Þvottahús skal vera á staðnum. Íbúar skulu eiga greiðan aðgang að fullnægjandi búnings- og baðaðstöðu. Þar skal vera a.m.k. einn baðklefi fyrir hverja 10 íbúa. Sé ekki um íbúð að ræða skal handlaug vera í hverju herbergi ef ekki er snyrting þar.

23. gr.
Starfsmannabúðir.

Um starfsmannabúðir gilda sömu reglur og um íbúðarhúsnæði eftir því sem við á.

Starfsmannabúðir má ekki setja niður svo nærri ám, vötnum eða sjávarströnd að flæðihætta stafi af eða svo nærri klettum og skriðum, að grjóthrun eða ofanflóðahætta sé fyrir hendi eða þar sem þær geta mengað ár, vötn eða sjávarstrendur.

Gólfplötur skal vera minnst 4 m² á hvern íbúa í svefnrými. Í hverju rúmi svefnrýmis skal vera dýna, a.m.k. 2 metrar á lengd og 90 cm breið. Lofthæð í starfsmannabúðum skal vera minnst 2,2 m.

Frárennsli frá starfsmannabúðum skal leiða í viðurkennda rotþró eða safntank.

Greiður aðgangur skal vera að baðklefa með baðtækjum. Þar skal vera a.m.k. einn baðklefi fyrir hverja 10 íbúa.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að semja við Vinnueftirlitið um að það taki að sér eftirlit með starfsmannabúðum.

VII. KAFLI

Gististaðir og gistiskýli.

24. gr.
Almenn ákvæði um gististaði.

Um flokkun gististaða og tegundir fer samkvæmt lögum og reglum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum hreinlætisbúnaði áður en nýjum gesti er vísað til gistiherbergis eða rúms. Ef þvottur er þvegin á staðnum skal það gert við aðstæður sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

Fullbúin baðaðstaða skal vera á staðnum ef hana er ekki að finna í gistiherbergi. Ekki skulu vera fleiri en 10 viðskiptavinir um fullbúna baðaðstöðu með búningsklefa. Handlaug skal vera í eða við herbergi, sé ekki fullbúin baðaðstaða eða fullbúin snyrting í gistiherbergi. Ekki er þó skylt að hafa handlaug í eða við gistiherbergi á minni gistiheimilum.

Ef gæludýr eru á heimili þar sem rekin er gisting á einkaheimili, þ.e. gisting í flokki I samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, skal það koma fram í markaðssetningu og gestum tilkynnt það sérstaklega þegar bókað er.

Í gistiskála er gestum leyfilegt að nota eigin rúmföt. Að öðru leyti gilda framangreind ákvæði um gististaði þar sem við á.

Þar sem skipi hefur verið breytt í gististað skal vera handlaug á herbergjum sé ekki snyrting þar. Safngeymar skulu vera fyrir frárennsli.

25. gr.
Fjallaskálar.

Um fjallaskála gilda ákvæði um gististaði þar sem við getur átt. Gestum er leyfilegt að nota eigin rúmföt.

Þar sem þannig hagar til að ekkert vatn er að hafa frá náttúrunnar hendi skal viðhafa sérstakar ráðstafanir til að forðast mengun. Þar sem yfirborðsvatn er leitt í krana skal merkja að þar sé um að ræða yfirborðsvatn og því ekki víst að um sé að ræða drykkjarhæft vatn.

26. gr.

Frístundahús og frístundabyggð.

Við staðsetningu frístundahúsa skal þess sérstaklega gætt að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir hættu eða ónæði sem getur stafað frá umhverfinu, s.s. vegna umferðar, hávaða og ólyktar.

Eldhús eða eldhúskrókur skal fylgja hverju húsi. Svefnherbergi skulu aldrei vera minni en 5 m².

Skólp skal leitt í viðurkennda rotþró eða aðra viðurkennda fráveitu.

27. gr.

Tjald-, smáhýsa- og hjólhýsasvæði.

Við staðsetningu og rekstur tjald-, smáhýsa- og hjólhýsasvæða skal þess gætt að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir ónæði sem getur stafað frá umhverfinu, s.s. vegna umferðar, hávaða og ólyktar. Enn fremur skal þess gætt að ónæði berist ekki frá svæðinu til nálægra íbúa.

Rekstraraðili svæðisins skal sjá um að það sé þrifið, að umgengni sé góð og öryggisgæsla sé nægjanleg.

Á svæðinu skal vera aðstaða til uppþvotta, nægilegur fjöldi íláta fyrir sorp og aðstaða til sorpflokkunar.

Á svæðinu eða í námunda við það skal vera aðstaða til að tæma og hreinsa ferðasalerni. Rekstraraðili skal veita gestum upplýsingar um og vísa á aðstöðuna.

Þess skal gætt við staðsetningu útisalerna að af þeim stafi ekki óhollusta og óþrifnaður.

28. gr.

Gistiskýli

Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum hreinlætisbúnaði áður en nýjum gesti er vísað til rúms. Ef þvottur er þvegin á staðnum skal það gert við aðstæður sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

Ef gistiskýli er ætlað til lengri dvalar á 1. mgr. ekki við en gestum skal standa til boða aðstaða til þvotta.

Rúm skal vera minnst 2 m að lengd og 90 cm á breidd.

Fullnægjandi baðaðstaða skal vera á staðnum ef ekki er snyrting með baðaðstöðu í gistiherbergi.

VIII. KAFLI

Um heimili, stofnanir og leiksvæði fyrir börn

29. gr.
Almenn ákvæði.

Undir þennan kafla falla skólar, leikskólar, daggæsla í heimahúsum, frístundaheimili, leikvællir, gæsluvællir og önnur sambærileg svæði þar sem börn dvelja.

Ákvæði seinni málsl. 1. mgr. 16. gr. á ekki við þar sem börn dvelja á einkaheimilum.

Starfsreglur, lóðir, innréttingar og búnaður skal miða við að auka öryggi og koma í veg fyrir slys.

Girða skal af lóð við leikskóla. Heimilt er að krefjast þess að lóð við grunnskóla og frístundaheimili sé girt af að öllu leyti eða hluta vegna slyshættu í umhverfinu.

Ræsting skal fara fram samkvæmt skriflegri hreinlætisáætlun og verklýsingu fyrir hvert vinnusvæði sem kveður á um hvað eigi að þrifa, hve oft og hvaða efni eigi að nota til þrifa.

Við eftirlit með öryggi og slysavörnum skal farið að leiðbeiningum¹ Umhverfisstofnunar¹ um öryggi og slysavarnir á leikskólum og leiksvæðum og ÍST-EN stöðlum þar sem við á.

Um daggæslu barna skulu að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

30. gr.
Húsnæði og aðbúnaður.

Hljómburður og hljóðeinangrun skulu vera svo að truflun verði ekki af ólíkri starfsemi innan heimilis eða stofnunar samkvæmt kafla þessum.

Rými á hvern nemanda á kennslustöðum, grunn- og leikskólum og frístundaheimilum fer eftir ákvæðum byggingarreglugerðar. Meta skal þörfina eftir aldri barna. Aðstaða skal vera til tómtunda og innileikja.

Þar sem aðstaða er til íþróttaiðkana skal vera fullbúin snyrting, bað- og búningsaðstaða.

Þar sem við á skal vera aðstaða til að skipta á börnum.

Á heimilum og stofnunum þar sem börn sofa skulu ekki aðrar vistarverur en svefnherbergi eða svefnsalir notaðar til svefns. Í svefnsölum skal ætla hverju barni a.m.k. 4 m². Börn skulu sofa sér í rúmi sem hæfir aldri þess. Í rúmunum skal vera dýna, sæng, kodd og rúmteppi. Rúmföt skulu vera til staðar og skulu þau vera heil og hrein og skipt um a.m.k. vikulega þegar um lengri dvalartíma er að ræða en tvær vikur.

Þegar um er að ræða sumarþúðir og skylda starfsemi þar sem dvalartími er tvær vikur eða skemmri tími má miða við minni gólfplöt á barn í svefnsal með kojum, þó aldrei minni en 2 m². Er þá einnig heimilt að hafa svefnþoka í rúmunum, enda sé í rúmunum dýna og lak.

Innanstokksmunir og leikföng skulu hafa aldri barna. Leikföng skulu vera CE merkt og þannig gerð og viðhaldið að þau skapi ekki hættu. Litir og fönðurefni mega ekki innihalda skaðleg efni og skulu standast gildandi reglugerðir varðandi merkingar og innihald. Leikföng skulu þriffin reglulega.

31. gr.

¹ Leikvallatæki – Skoðunarhandbók: <https://ust.is/library/Skrar/utgefing-efni/Annad/handb%C3%B3k%20um%20leikvallat%C3%A6ki%202011.pdf>
Öryggisvísir leiksvæða: https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Hollustuhaettir/oryggisvisir_2004.pdf

Leikskólar og skólar.

Í skólum skal vera aðstaða til aðhlynningar nemenda vegna skyndiveikinda. Skal þar vera að lágmarki legubekkur, stóll og handlaug. Þar sem heilsugæsla er starfrækt í skólum, skal hún fullnægja kröfum sem gerðar eru til lækningastofa.

Handlaug skal vera í kennslustofum í grunnskólum, þar sem við á. Í skólum skal vera handlaug í stofum þar sem börn matast sem og í sérkennslustofum þar sem verknám fer fram.

Sé mötuneyti starfrækt í skóla skal nemendum séð fyrir sérstakri aðstöðu til að matast.

Um heimavist gilda almenn ákvæði um íbúðarhúsnæði og gististaði eftir því sem við á.

Á leikskólum skal vera handlaug ætluð fullorðnum og skolvaskur. Í leikstofum þar sem börn matast jafnframt skal vera handlaug.

IX. KAFLI

Snyrtistofur, sólbaðsstofur, húðflúrstofur og önnur sambærileg starfsemi.

32. gr.

Almenn ákvæði.

Undir þessa grein fellur, m.a. hársnyrting, fót snyrting, förðun, nudd, naglaásetning, leirvafning og önnur sambærileg starfsemi.

Ætla skal a.m.k. 5 m² gólfrymi fyrir hvern aðgerðastól.

Ávallt skal hreinsa, sótthreinsa og dauðhreinsa tæki, áhöld og búnað eftir því sem við á með viðeigandi efnum og aðferðum. Nota skal einnota, dauðhreinsaðan búnað s.s. nálar þar sem því verður við komið. Hrein og sótthreinsuð og/eða dauðhreinsuð áhöld og búnaður skal notaður við hvern viðskiptavin. Margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavinar skulu dauðhreinsuð og pökkuð á viðurkenndan hátt. Skartgripir sem settir eru í nýgerð göt á húð, skulu vera dauðhreinsaðir og lausir við skaðleg efni. Þar sem gerðar eru hvers konar stungur á húð skal sérstök smitgát viðhöfð.

Dauðhreinsibúnaðinn skal athuga reglulega. Búnaðinn skal prófa með sporaprófum eða öðrum viðurkenndum aðferðum.

Nauðsynlegur búnaður og aðstaða, s.s. borð og skolvaskur, skal vera til staðar til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum. Aðstaða til þrifa á áhöldum skal vera aðskilin því rými þar sem viðskiptavinum er sinnt. Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo og geyma í lokuðum skápum eða ílátum.

Í vinnurými skal vera sérstök handlaug með fljótandi handsápu, gerlaeyði og einnota handþurrkum eða handþurrkum á rúllu. Á hársnyrtistofum skal vera sérstakur vaskur til hárvotta og sérstakir vaskar til þvotta á áhöldum og blöndunarefna. Í aðgerðarými fótaaðgerðastofa skal vera handlaug og skolvaskur.

Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavini þar sem við á.

33. gr.

Sólbaðsstofur

Á ljósastofum skal hengja upp á áberandi stað þær reglur sem gilda um notkun sólarlampa/ljósabekkja. Þar skal m.a. koma fram að einstaklingum yngri en 18 ára eru óheimil afnot af sólarlömpum, í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum.

Ljósabekkir og sólarlampar skulu þannig staðsettir og varðir að aðrir en þeir sem nota bekkina verði ekki fyrir geislun. Hlíðargleraugu skulu vera aðgengileg fyrir viðskiptavinum.

Starfsfólk rekstraraðila skal þrifa og sótthreinsa sólbekki og hlífðargleraugu eftir hverja notkun.

Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavinum.

Kröfum Geislavarna ríkisins um ljósabekki og ljósaperur, svo og upplýsingum og aðvörunum embættis landlæknis til viðskiptavina skal fylgt við reksturinn.

34. gr.

*Húðflúrstofur og stofur sem framkvæma
húðgötun, nálarstungur, fegrunarflúr og hvers konar húðrof.*

Rekstraraðila ber að afla vottorðs frá embætti landlæknis.

Óheimilt er að flúra, húðgata eða beita nálarstungu á einstakling undir 18 ára aldri. Engan má flúra, húðgata eða beita nálarstungu sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Viðskiptavinir skulu fá munnlegar og skriflegar upplýsingar um húðflúr, afnám húðflúrs og húðgötun. Upplýsingarnar skulu m.a. fela í sér fræðslu um varanlega breytingu á húð, mögulega sýkingarhættu, eftirmeðferð á flúraða eða gataða húðsvæðinu og hugsanleg ofnæmisviðbrögð. Upplýsa skal um hugsanleg ofnæmisviðbrögð af völdum nikkels.

Gæta skal ítrasta hreinlætis við starfið. Sá sem framkvæmir aðgerð skal þvo hendur sínar fyrir og eftir aðgerð. Hanskar skulu notaðir við húðflúrun og húðgötun. Handlaug skal vera til staðar sem eingöngu er notuð til handþvotta.

Rekstraraðilar skulu hengja upp á áberandi stað þær reglur sem gilda um starfseminu.

X. KAFLI

Dvalarheimili og aðrar heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.

35. gr.

Hreinlæti og smitgát.

Nota skal hrein áhöld og búnað við hvern einstakling. Nota skal dauðhreinsuð tæki og áhöld í vefi fólks og einnota dauðhreinsaðan búnað, þar sem því verður við komið og viðhafa fyllstu smitgát.

Ávallt skal hreinsa tæki og búnað eins fljótt og auðið er og sótthreinsa hann eða dauðhreinsa eftir því sem við á með viðeigandi efnum og aðferðum. Menguð áhöld skal sótthreinsa eins fljótt og auðið er. Ílát undir blandað sótthreinsiefni skal vera með þétu loki. Loftræsting skal vera góð þar sem notkun og blöndun fer fram. Dauðhreinsibúnaðinn skal athuga reglulega, að lágmarki einu sinni á ári. Búnaðinn skal prófa með sporaprófum eða álíka viðurkenndum aðferðum. Niðurstöður sporaprófa skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Dauðhreinsuð áhöld skal geyma í lokuðum umbúðum eða ílátum og haldið aðgreindum frá óhreinum áhöldum. Aðstaða til almennrar hreinsunar áhalda og dauðhreinsunar skal vera vel aðgreind. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um sérstaka áhaldapvottavél

Rými sem ætluð eru til aðgerða skulu vel aðgreind og þannig útbúin að ekki verði smithætta eða sýkingarhætta frá öðru rými.

Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavini þar sem við á. Gott aðgengi að handlaugum og skolvaski skal vera við eða í vinnurými.

XI. KAFLI

Fangelsi og aðrar vistarverur fanga.

36. gr.

Skammtímagæsla.

Stærð klefa skal vera minnst 5 m². Fangi skal hafa aðgang að svefnbekk, teppi og baðaðstöðu.

Þrifa skal klefa eftir hverja notkun og sótthreinsa eftir þörfum.

37. gr.

Gæshvarðhald.

Rúm skal vera minnst 2 m að lengd og 90 cm breitt með rúmfatageymslu. Fangi skal hafa sængurföt og teppi. Fataskápur, borð og stóll skulu vera í klefa. Í honum skal vera ruslafata og spegill (álþynna). Fangi skal hafa aðgang að baðaðstöðu.

Lýsing í klefa skal vera fullnægjandi. Jafnframt skal vera hægt að útiloka birtu frá gluggum.

38. gr.

Afplánun.

Ákvæði 37 gr. gilda og um húsnæði þar sem afplánun fer fram.

Fangar skulu hafa aðgang að sameiginlegu rými þar sem hægt er að neyta matar.

XII. KAFLI

Íþróttamannvirki

39. gr.

Undir þennan kafla falla íþróttamannvirki þar sem fram fer skipulögð starfsemi, s.s. íþróttahús, íþróttamiðstöðvar og íþróttavellir.

Starfsfólk rekstraraðila sem falla undir kafla þennan skal hafa sótt námskeið í skyndihjálþ ásamt því að til staðar skal vera viðeigandi sjúkra- og skyndihjálparbúnaður.

Gestir skulu eiga greiðan aðgang að búningsherbergi með baðaðstöðu.

Innanhúss gervigrasvelli skal þrifa reglulega í samræmi við tilmæli heilbrigðisnefndar.

XIII. KAFLI

Hundar, kettir og önnur dýr.

40. gr.

Almennt um gæludýr.

Þeir sem halda gæludýr í mannvirkjum á íbúðarlóðum í þéttbýli eða á heimilum sínum þurfa ekki að sækja um heimild til heilbrigðisnefndar eða sveitarstjórnar nema ákvæði samþykkt viðkomandi sveitarfélags kveði á um annað. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um fjöleignarhús.

Gæludýr skulu þannig haldin að ekki valdi hættu, hávaða, ónæði, óhollustu eða óþrifnaði.

41. gr.

Hundar.

Fyrirbyggja skal smit hjá mönnum af völdum bandorma og spóluorma í hundum.

Til hreinsunar hunda gegn bandormum og spóluormum skal nota ormalyf sem Lyfjastofnun hefur viðurkennt til þeirra nota.

Eiganda eða umráðamanni hunds sem er fjögurra mánaða eða eldri er skylt að láta ormahreinsa hund sinn árlega. Hann ber allan kostnað af hreinsun hundsins, nema að annað komi fram í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags.

Þar sem búrekstur er skulu hundar ormahreinsaðir að liðinni aðalsláturtíð eða í síðasta lagi í desember ár hvert, nema að annað komi fram í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags. Nýgotnar tíkur og 3 – 4 vikna hvolpar skulu spóluormahreinsaðir sérstaklega samkvæmt leiðbeiningum dýralæknis.

Hundeigandi skal framvísa vottorði um spóluormahreinsun við skráningu hundsins.

Ef ekki er kveðið á um annað í samþykkt viðkomandi sveitarfélags skal eigandi eða umráðamaður hunds geyma hreinsunarvottorð í þrjú ár og framvísa til eftirlitsaðila ef óskað er. Heilbrigðisnefnd getur í samráði við embætti yfirdýralæknis, heimilað að vottorð frá öðrum en dýralækni verði viðurkennd, ef sérstakar aðstæður krefjast þess.

Að öðru leyti gilda ákvæði samþykkt einstakra sveitarfélaga. Setji sveitarfélag sér samþykkt um hundahald skal í henni kveða á um hreinsun hunda, ábyrgðartryggingar og merkingu.

42. gr.

Kettir.

Fyrirbyggja skal smit hjá mönnum af völdum spóluorma í köttum.

Til ormahreinsunar katta gegn spóluormum skal nota ormalyf sem Lyfjastofnun hefur viðurkennt til þeirra nota.

Eiganda eða umráðamanni kattar sem er fjögurra mánaða eða eldri er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans, nema að annað komi fram í samþykkt hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ef ekki er kveðið á um annað í samþykkt viðkomandi sveitarfélags skal eigandi eða umráðamaður kattar geyma hreinsunarvottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er. Heilbrigðisnefnd getur, í samráði við embætti yfirdýralæknis, heimilað að vottorð frá öðrum en dýralækni verði viðurkennd, ef sérstakar aðstæður krefjast þess. Óheimilt er að halda ketti í fjöleignarhúsum ef kattahaldið sannanlega veldur eða viðheldur sjúkdómum hjá íbúum.

Að öðru leyti gilda ákvæði samþykkt einstakra sveitarfélaga. Setji sveitarfélag sér samþykkt um kattahald skal í henni kveða á um hreinsun katta, ábyrgðartryggingar og merkingu.

43. gr.

Aðgangur dýra að mannvirkjum.

Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í eftirtalin húsrými eða lóðir, sbr. þó 2. mgr.:

Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir, svo sem lækna- og tannlæknastofur, sjúkrahús, aðgerðastofur og sjúkrahjálfun
Skóla og leikvelli
Fangelsi
Íþróttastöðvar, íþróttahús, sund- og baðstaði og heilsuræktarstöðvar
Snyrtistofur, nuddstofur, sólbaðsstofur og húðflúrstofur
Samkomustaði, svo sem kirkjur, leikhús, tónleikasalir, söfn og kvikmyndahús
Gististaði í flokki II, III og IV samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
Mötuneyti
Sumarbúðir fyrir börn
Almenningssamgöngutæki

Heimilt er þó að fara með gæludýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sé hún sérstaklega ætluð dýrum.

Heimilt er fólki með fötlun að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur og hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, fangelsi, verslunarmiðstöðvar og samkomuhús, enda sé viðkomandi einstaklingi ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur og viðkomandi skal hafa leyfi fyrir honum í samræmi við ákvæði í samþykktum einstakra sveitarfélaga.

Heimilt er eigendum eða rekstraraðilum veitingastaða, svo sem matsölustaða og kaffihúsa, að leyfa að komið sé með hunda og ketti inn í veitingasali veitingastaða að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Ætíð skal taka mið af hagsmunum gesta.
- b) Auglýsa skal á áberandi hátt á húsnæðinu sjálfu, sem og á vef hlutaðeigandi fyrirtækis, að heimilt sé að koma með hunda og ketti inn á staðinn.
- c) Tryggja skal að hundar og kettir séu einungis í veitingasölum veitingastaðar og ekki þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd og skal farið að leiðbeiningum Matvælastofnunar um hunda og ketti á veitingastöðum.
- d) Heilbrigðisnefnd getur sett ítarlegri ákvæði í starfsleyfi, m.a. um mat á áhættu.

Heimild skv. 4. mgr. gildir ekki þar sem mæting er ekki valfrjál og á stöðum þar sem fólki er gert að sækja þjónustu. Þá gildir heimild þessi ekki sé aðstaða veitingastaðar að einhverju leyti sameiginleg með annarri starfsemi eða á stað þar sem óheimilt er að hleypa gæludýrum inn á.

Eigendur eða rekstraraðilar veitingastaða sem nýta sér heimild skv. 4. mgr. skulu, með sannarlegum hætti, tilkynna það til hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar.

Eigendum eða rekstraraðilum veitingastaða sem ekki heimila að komið sé inn með hunda og ketti er heimilt að vísa frá viðskiptavinum með gæludýr.

Auk framangreinds er heilbrigðisnefnd heimilt, að fenginni beiðni hlutaðeigandi rekstraraðila, að veita leyfi til að halda hunda, ketti og önnur gæludýr á tilteknu svæði, tímabundið eða ótímabundið. Gefið skal út skriflegt leyfi þar um, sem m.a. kveður á um atriði tengd heilbrigði og hreinsun dýrsins, gildistíma leyfis, hvar dýrinu er heimilt að vera og þríf á húsnæði eða svæði.

Dýr má ekki flytja í almennum farþegarýmum samgöngutækja. Þetta gildir þó ekki um hjálparhunda, sbr. 3. mgr. 43. gr.

Búpening má hvorki hafa í híbýlum manna né í öðrum húsum nema þeim sem til þess eru ætluð.

XIV. KAFLI

Eftirlit og gjaldtaka.

44. gr.

Eftirlitsaðilar.

Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á heilbrigðiseftirliti og framkvæmd þess.

Á varnarsvæðum ber utanríkisráðherra ábyrgð á heilbrigðiseftirliti og framkvæmd þess.

Eftirlitsaðili skal hafa eftirlit með atvinnurekstri sbr. viðauka I og II, til að tryggja að farið sé að skilyrðum fyrir viðkomandi starfsemi.

45. gr.

Tíðni eftirlits.

Tíðni eftirlits skal vera reglubundin og í samræmi við áhættumat. Á grundvelli eftirlitsáætlana gerir eftirlitsaðili reglulega áætlanir um reglubundið eftirlit með atvinnurekstri samkvæmt viðauka I og II um tíðni vettvangsheimsókna fyrir mismunandi starfsemi. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna skal byggjast á kerfisbundnu mati á áhættu viðkomandi starfsemi.

Eftirlitsaðila er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti með atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum og eftirlitsaðili hefur samþykkt. Hafi starfsemi verið starfrækt samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfis og sé hollustuvernd fullnægjandi er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur.

Fyrirvaralaust eða annað óvenjubundið eftirlit skal fara fram þegar aðstæður krefjast, svo sem vegna eftirfylgni, kvartana, óhappa, slysa, starfsemi utan hefðbundinna starfsstöðva, óreglulegrar starfsemi, rekstrar og athafna sem ekki eru starfsleyfis- eða skráningarskyld og þegar ástæða er til eftirlits með takmörkuðum þáttum starfseminnar.

46. gr.

Umfang eftirlits.

Eftirlitsaðila er heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem reglugerð þessi, aðrar reglugerðir eins og við á hverju sinni og samþykktir sveitarfélaga ná yfir og er eftirlitsaðila heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Heilbrigðiseftirlit nær m.a. til skoðunar á húsnaði rekstraraðila, búnaði og umhverfi, töku sýna og skoðunar á skráðu og skjalfestu efni. Þá nær heilbrigðiseftirlit til eftirlits með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfis- eða skráningarskyldri hollustuháttastarfsemi, fræðslu, samráðs stofnana, úrvinnslu gagna, öryggisþátta og athafna einstaklinga eftir því sem við á. Eftirlitið felst jafnframt í því að framfylgja ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfa, sem heilbrigðisnefnd er falið.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd

reglugerðar þessarar, annarra reglugerða eins og við á hverju sinni og samþykktum sveitarfélaga og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits.

Eftirlit skal að jafnaði framkvæmt í viðurvist fulltrúa rekstraraðila nema aðstæður krefjist annars. Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskilyrðin og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Telji eftirlitsaðili, að liðnum þeim fresti, að ekki sé fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða starfsleyfa getur eftirlitsaðili gripið til þvingunarúrræða, sbr. XVI. kafla.

47. gr.

Skráning og yfirlit um framkvæmd eftirlits

Heilbrigðisnefnd ber að halda skrá um eftirlitsskylda starfsemi og skal a.m.k. skrá eftirtalin atriði:

1. þau starfsleyfi sem í gildi eru og þá starfsemi sem háð er skráningarskyldu og eftirlitsaðili hefur eftirlit með,
2. staðsetningu starfsstöðvar,
3. fastanúmer starfsstöðvar,
4. nafn, lögheimili og kennitölu rekstraraðila,
5. niðurstöður einstakra þátta eftirlits,
6. til hvaða úrræða hefur verið gripið ef ekki hefur verið farið að ákvæðum laga og reglugerða eða skilyrðum skráningar og starfsleyfa,
7. kvartanir sem borist hafa vegna viðkomandi starfsemi,
8. önnur skyld atriði.

Heilbrigðisnefnd skal fyrir 1. mars ár hvert skila til Umhverfisstofnunar yfirliti yfir framkvæmd og niðurstöður eftirlits á því formi sem stofnunin óskar eftir.

48. gr.

Gjaldtaka.

Um gjaldtöku fyrir skráningu, starfsleyfi og eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

XV. KAFLI

Valdsvið, þvingunarúrræði og undanþágur.

49. gr.

Frávik.

Ef frávik verða frá þeim skilyrðum sem um viðkomandi starfsemi gilda skal eftirlitsaðili krefja rekstraraðila um að gera hverjar þær viðeigandi viðbóttarráðstafanir sem eftirlitsaðili telur nauðsynlegar til að koma reglufylgni á aftur.

50. gr.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum eftirlitsaðila getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hámark dagsekta skv. 61. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir skal vera 500.000 kr. á dag.

51. gr.
Undanþágur.

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og Umhverfisstofnunar að veita undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar.

XVI. KAFLI

Viðurlög.

52. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og samþykktum sveitarfélaga varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum samkvæmt reglugerð þessari eru refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

53. gr.

Sektir má ákvarða lögaðila þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

XVII. KAFLI

Málsmeðferð og úrskurðir.

54. gr.
Úrskurðarnefnd.

Rísi ágreiningur um framkvæmd reglugerðarinnar, heilbrigðissamþykktar sveitarfélaga um heilbrigðiseftirlit eða um ákvarðanir yfirvalda sem tengjast því er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar, sbr. 65 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar umhverfis- og auðlindaráðherra fer með úrskurðarvald, sbr. 66. gr. sömu laga og 71. gr. reglugerðar þessarar.

Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnsýslunnar.

55. gr.
Ágreiningur stjórnvalda.

Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórna um framkvæmd reglugerðarinnar eða heilbrigðissamþykktar sveitarfélaga skal vísa málinu til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Sama gildir um ágreining milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda, sbr. 66. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

XVIII. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

56. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum,

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Á sama tíma fellur brott núgildandi reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

VIÐAUKI I

Starfsleyfisskyld starfsemi.

Akstursíþróttasvæði
Almenningssamgöngutæki
Baðstaðir í náttúrunni (1. og 2. flokkur)
Baðstofur og gufubaðstofur
Dagdvöl
Daggæsla dagforeldra með sex börn eða fleiri
Dvalarheimili
Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar
Dýragæsla
Dýralæknastofur
Dýraspítalar
Fangelsi og fangagæsla
Fjallaskálar, nema sæluhús
Fótaaðgerðarstofur
Frístundabyggð
Frístundaheimili og önnur félagsaðstaða og dægradvöl
Gistiskýli
Gististaðir
Gæsluvellir
Heilbrigðisþjónusta
Heilsugæslustöðvar
Heilsuræktarstöðvar
Heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga með sex börn eða fleiri
Húðflúrstofur, húðgötun, húðrof og fegrunarflúr
Íþróttamannvirkni
Leikskólar
Leiksvæði
Læknastofur
Nálastungustofur
Sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn
Samgöngumiðstöðvar
Samkomustaðir
Sjúkrahús
Sjúkraþjálfun
Skemmtigarðar
Skipulögð afþreyingarþjónusta
Skólar og kennslustaðir fyrir börn eða 6 eða fleiri fullorðna
Snyrtistofur
Starfsmannabúðir
Sund- og baðstaðir
Tannlæknastofur
Tannsmiðir sem taka á móti viðskiptavinum
Tjald-, smáhýsa- og hjólhýsasvæði
Útihátíðir
Veitingastaðir
Verslunarmiðstöðvar
Verslun með fegrunar- og snyrtiefni
Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eitrefni
Önnur sambærileg starfsemi sem að mati Umhverfisstofnunar skal vera starfsleyfisskyld.

VIÐAUKI II

Skráningarskyld starfsemi.

Almenningssalerni

Dýrasnyrtistofur

Garðaúðun

Gæludýraverslanir

Hársnyrtistofur

Hnykkjarar (kírópraktorar)

Íþróttavellir án þjónustuhúss

Meindýravarnir

Nuddstofur

Sólbaðsstofur

Starfsmannabústaðir

Önnur sambærileg starfsemi sem að mati Umhverfisstofnunar skal vera skráningarskyld.

VIÐAUKI III

Snyrtingar.

Fangelsi og vistarverur fanga.

Fangar skulu hafa aðgengi að snyrtingu.

Aldrei skulu fleiri en 10 fangar nota sömu snyrtingu.

Fjallaskálar.

Fjallaskálar skulu hafa viðunandi salernis- og snyrtiaðstöðu, sem samþykkt er af heilbrigðisnefnd.

Frístundahús.

Í frístundahúsum sem ætluð eru til útleigu skal vera fullbúin snyrting með baðaðstöðu eða aðgangur að sérstöku húsi með snyrtingu og baðaðstöðu.

Gistiskýli.

Að minnsta kosti eitt salerni skal vera fyrir hverja 10 einstaklinga.

Gististaðir.

Ekki skulu vera fleiri en 10 viðskiptavinir um fullbúna snyrtingu.

Heilbrigðisþjónusta

Gestir skulu hafa aðgengi að fullbúinni snyrtingu með aðgengi fyrir fólk með fötlun. Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu.

Hjúkrunar- og dvalarheimili skulu hafa fullbúna baðaðstöðu og fullbúna snyrtingu enda sé ekki fullbúin baðaðstaða og fullbúin snyrting inn af hverju íbúðarherbergi. Skulu aldrei vera fleiri en 10 heimilismenn um baðaðstöðu með búningsklefa og fullbúna snyrtingu. Handlaug skal vera í herbergjum sé snyrting ekki inn af því.

Heimili, stofnanir og leiksvæði fyrir börn.

Fullbúin snyrting og baðaðstaða skal vera til staðar. Eitt bað skal vera til staðar fyrir 10 börn, þegar um er að ræða hóp barna í sumarbúðum eða sambærilega starfsemi.

Íþróttamannvirki

Gestir skulu hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu með aðgengi fyrir fólk með fötlun.

Samgöngumiðstöðvar.

Gestir samgöngumiðstöðva skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu.

Snyrtistofur, nuddstofur, húðflúrstofur og önnur sambærileg starfsemi.

Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu.

Starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir.

Þar skal vera a.m.k. eitt salerni fyrir hverja 10 íbúa.

Tjald-, smáhýsa- og hjólhýsasvæði

Fyrir 25 gesti skal vera ein fullbúin snyrting þar sem tekið er tillit til þarfa fólks með fötlun. Fyrir 26-100 gesti skulu vera tvö salerni og tekið tillit til þarfa fólks með fötlun a.m.k. varðandi annað salernið. Fyrir hverja 50 gesti umfram 100 skal vera eitt salerni. Þvagstæði geta komið að 1/3 hluta fyrir salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna.

Útihátíðir.

Á mótssvæðum og útihátíðum skal fjöldi fullbúinna snyrtinga ekki vera færri en fjórar, þar af ein ætluð fólki með fötlun. Fyrir hverja 200 gesti umfram 200 skal vera eitt salerni til viðbótar. Þvagstæði geta komið að 1/3 hluta fyrir

salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna. Salerni skulu eftir atvikum dreifð um útihátíðarsvæði.

Veitingastaðir.

Heilbrigðisnefnd metur hvort skylda eigi veitingastaði sem selja skyndibita til að setja upp salerni fyrir viðskiptavinum

DRÖG

Hollustuháttareglugerð.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öruggt nærumhverfi og forvarnir, með áherslu á að vernda og viðhalda lýðheilsu og heilnæmum lífsgæðum viðkvæmra hópa og almennings.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um framkvæmd hollustuverndar og heilbrigðiseftirlit, þ.m.t. vöktun og rannsóknir, eftirlit með meindýravörnum, gæludýrum, opnum svæðum, húsnæði og vistaverum og sóttvörnum.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirtalinnna orða og orðasambanda sem hér greinir:

1. *Almenningssamgöngutæki* eru samgöngutæki sem flytja almenning á milli staða, önnur en leigubílar.
2. *Badaðstaða* er aðstaða fyrir viðskiptavinum eða almenning þar sem aðgangur er að sturtu eða baði.
3. *Dýragarður* er sýning dýra, annarra en skrautfiska, á almannafæri, svo sem í dýra- og skemmtigörðum.
4. *Dýralæknastofa og/eða dýraspítali* er aðstaða þar sem dýrum er veitt heilbrigðisþjónusta af dýralækni.
5. *Eftirlit* er athugun á vöru, þjónustu, ferli eða starfsemi til að ákvarða samræmi þeirra við tilteknar kröfur.
6. *Eftirlitsaðilar* eru heilbrigðisnefndir og faggiltir skoðunaraðilar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
7. *Fangelsi og fangagæsla* er stofnun þar sem vistaðir eru þeir sem afplána refsingar, sæta gæsluvarðhaldi (skammtímagæsla) eða eru vistaðir tímabundið í fangaklefa.
8. *Fjallaskálar* eru gististaðir þar sem er gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús..
9. *Fristundaheimili og önnur félagsaðstaða og dægradvöl fyrir börn* eru staðir ætlaðir börnum til leikja og náms að loknum skóladegi eða á frídögum.
10. *Fullbúin badaðstaða* er sérstakt herbergi, með baðkeri eða sturtu, salerni og handlaug með heitu og köldu vatni, spegli, sápu, handþurrkum, ruslafötu og snögum eða fráleggsstað fyrir föt.
11. *Fullbúin snyrting* er sérstakt herbergi með salerni með salernispappír, handlaug með heitu og köldu vatni, spegli, sápu, ruslafötu og handþurrkum. Á fullbúinni snyrtingu húsnæðis sem almenningur hefur aðgang að skal vera aðgengi að einnota tíðavörum.
12. *Færanleg starfsemi* er starfsemi sem eðlis síns vegna er færanleg milli staða. Í starfseminni er notast við hreyfanlegan búnað til að vinna tímabundið verk á hverjum stað sem tengist almennt ekki veitukerfum á staðnum. Um er að ræða starfsemi sem hvorki þarf byggingarleyfi fyrir né er gert ráð fyrir á skipulagi.

13. *Garðaúðun* er úðun trjáa og runnagróðurs gegn skordýrum.
14. *Gistiskýli* er húsnæði sem ætlað til svefns, matar og daglegrar dvalar, án þess að greiðsla komi fyrir, þar með talið er tímabundið húsnæði fyrir heimilislausa, húsnæðisúrræði fyrir fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi og húsnæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.
15. *Gististaður* er starfsemi sem fellur undir reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
16. *Gæludýr* er hvert það lifandi dýr sem haldið er til afþreyingar, sbr. reglugerð um velferð gæludýra.
17. *Handlaug* er vaskur með rennandi neysluvatni og heitu vatni, sem ætlaður er til handþvotta.
18. *Heilsugæslustöð* er aðstaða þar sem almenningar lækningar, hjúkrun, heilsuvernd og forvarnir, bráða- og slysamóttaka og önnur heilbrigðisþjónusta er veitt á vegum heilsugæslustöðva, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu.
19. *Heilsuræktarstöð* er húsnæði eða útisvæði þar sem almenningi er boðið upp á aðstöðu til líkamsæfinga eða íþróttaiðkana, þ.m.t. líkamsræktarstöðvar og bardagaíþróttastöðvar eða sambærileg starfsemi.
20. *Heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga* eru vistheimili, meðferðarheimili, hjálparstöðvar, neyðarathvörf, sumardvalarheimili og sumarbúðir og önnur heimili sem taka sex eða fleiri börn til uppeldis eða umönnunar til lengri eða skemmri tíma. Börn heimilisfólks 12 ára og yngri sem þar búa skulu talin með dvalarbörnum.
21. *Hestaleiga og/eða reiðskóli* er starfsemi þar sem boðnir eru fram reiðtúrar gegn gjaldi, og/eða kennsla í hestamennsku.
22. *Hollustuvernd* tekur til eftirlits með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfis- eða skráningarskyldri starfsemi, húsnæði, öðrum vistarverum og umhverfi þeirra og öryggisþáttum þeim tengdum. Einnig tekur hún til sóttvarna og fræðslu í þessum efnum.
23. *Húðflúrstofofna og stofa þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr* er stofa þar sem tákni, mynd eða texti er grafinn á húð með þar til gerðri nál, með eða án bleks, stungið er gat á húð eða líkamshluta sem setja má skartgrip í og annað þar sem húð er rofin, t.d. þegar húðflúr er afmáð eða í fegrunarskyni.
24. *Innra eftirlit* er eftirlit rekstraraðila með eigin starfsemi framkvæmt af starfsmönnum hans eða þjónustuaðila, í þeim tilgangi að tryggja að kröfum í starfsleyfi, lögum og reglugerðum séu uppfylltar.
25. *Íbúðarhúsnæði* er varanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar þeirra sem þar búa.
26. *Íþróttahús og/eða íþróttamiðstöð* er íþróttamannvirki þar sem fram fer skipulögð íþróttastarfsemi ásamt annarri starfsemi eftir atvikum og sem almenningur hefur aðgang að.
27. *Íþróttavöllur* er sérstakt svæði þar sem fram fer skipulögð íþróttastarfsemi ásamt annarri starfsemi eftir atvikum og sem almenningur hefur aðgang að, með eða án þjónustuhúss.
28. *Mannabústaðir* eru íbúðasvæði eða íbúðarhúsnæði, frístundahús, gististaðir, starfsmannabúðir, starfsmannabústaður og annað sambærilegt húsnæði.
29. *Meindýr* eru rottur og mýs annars vegar og skordýr og aðrir hryggleysingar hins vegar, sem valda tjóni eða umtalsverðum óhreinindum í eða við hibýli manna, í gripahúsum, farartækjum, vöruskemmmum o.s.frv.
30. *Meindýravarnir* eru aðferðir og efni sem notast er við þegar meindýrum skal eytt eða haldið í lágmarki.
31. *Nálastungustofa* er stofa þar sem nálastungum er beitt í fegrunar- eða lækningaskyni.
32. *Nuddstofa* er stofa þar sem boðið er upp á nudd, hér undir fellur þó ekki nudd á stofu sjúkranuddara.
33. *Ónæði* er veruleg og ítrekuð truflun eða áreiti sem tilheyrir ekki því umhverfi sem um ræðir, svo sem vegna óþrífnaðar, ólyktar, hávaða, titrings, geislunar eða varmaflæðis.
34. *Rekstraraðili* er einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi starfsemi og háður er heilbrigðiseftirliti samkvæmt reglugerð þessari.
35. *Samgöngumiðstöð* er miðstöð samgangna sem þjónustar almenning þar sem bílar, ferjur, flugvélar, lestir, rútur og strætisvagnar eða sambærileg farartæki koma og fara.
36. *Samkomustaður* er staður þar sem fram fer skemmtana- og samkomuhald, meðal annars samkomuhús, tónleikasalur, safn, leikhús, kvikmyndahús, kirkja, félagsmiðstöð, markaður og veitingastaður.
37. *Skemmtigarður* er tímabundin eða varanleg starfsemi á svæði þar sem almenningur getur sótt sér ýmsa afþreyingu, með eða án tækja.
38. *Sjúkrastofnun* er stofnun þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta og fellur undir lög um heilbrigðisþjónustu.
39. *Skipulögð afþreyingarstarfsemi* er atvinnustarfsemi þar sem boðnar eru fram eða seldar skipulagðar ferðir utanhúss, sem kalla á sérstakan búnað og sérstaka þekkingu starfsmanna, m.a. varðandi öryggismál. Um getur verið að ræða bæði styttri og lengri ferðir. Slík starfsemi getur verið m.a. flúðasiglingar, ís- og hellaskoðunarferðir, köfun, hestaleigur og reiðskóli eða -námskeið, vélsleðaferðir og önnur sambærileg afþreyingarþjónusta.
40. *Skolvaskur* er vaskur til að skola búnað og áhöld og er hvorki notaður til handþvotta né í tengslum við matvæli.

41. *Skólahúsnæði fyrir börn* tekur til húsnæðis og lóðar svo sem leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og sérskóla, hvort sem um er að ræða einkaskóla eða skóla sem reknir eru á vegum opinberra aðila þar sem kennsla og námskeiðahald fer fram.
42. *Snyrting* er sérstakt rými með salerni og ruslafötu og með aðgengi að handlaug.
43. *Snyrtistofa* eru stofa þar sem veitt er snyrting gegn gjaldi, svo sem fót-, hand- og andlitssnyrtingu og ýmis konar líkamssnyrtingar.
44. *Starfsleyfi* er ákvörðun heilbrigðisnefndar í formi skriflegs leyfis þar sem tilteknum rekstraraðila er heimilað að starfrækja tilgreinda starfsemi að því tilskildu að hann uppfylli viðeigandi ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis.
45. *Starfsmannabúðir* eru færanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar, vinnu eða samkomuhalds starfsfólks til skamms tíma í senn vegna atvinnustarfsemi.
46. *Starfsmannabústaður* er varanlegt íbúðarhúsnæði sem ætlað er til svefns, matar, daglegrar dvalar, vinnu eða samkomuhalds starfsfólks í tengslum við atvinnustarfsemi.
47. *Tjald- og hjólhýsasvæði* eru svæði ætluð ferðamönnum til dvalar gegn gjaldi.
48. *Útihátíð* er samkoma sem haldin er utanhúss vegna hátíðahalda eða skemmtana fyrir almenning, á afmörkuðu svæði og stendur yfir í meira en þrjár klukkustundir, svo sem bæjarhátíðir, sbr. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
49. *Veitingastaðir* eru staðir þar sem framreiddur er matur og/eða drykkur hvort sem er til neyslu fyrir viðskiptavinum á staðnum eða ekki, þar með talin mötuneyti, skyndibitastaðir og söluskálar.
50. *Verslunarmiðstöð* er bygging með tveimur eða fleiri verslunum eða veitingastöðum undir sama þaki þar sem fyrir hendi er sameiginleg aðstaða fyrir gesti.

II. KAFLI

Umsjón og samræming.

4. gr.

Stjórn mála.

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar eftir því sem við á.

5. gr.

Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun skal vinna að samræmingu heilbrigðiseftirlits þannig að framkvæmdin sé með sama hætti á landinu öllu. Stofnunin skal sérstaklega gæta að hagkvæmni í eftirliti og fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.

Stofnunin skal sjá um gerð fræðsluefnis og upplýsa þá er starfa að heilbrigðiseftirliti. Stofnunin skal koma á og hafa nána samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa. Þá skal stofnunin veita ráðgjöf og þjónustu og vinna að samræmingu og framfylgd krafna sem gerðar eru til starfsemi á sviði heilbrigðiseftirlits. Til þess að stuðla sem best að þessu markmiði gefur stofnunin út, leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd.

Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á heilbrigðiseftirliti og framkvæmd þess samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar þessarar.

Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar, vinna að bættu heilbrigðiseftirliti, annast fræðslu fyrir almenning og samþætta framkvæmd þessarar reglugerðar við framkvæmd annarra reglugerða á sviði hollustuhátta, mengunarvarna og umhverfissvöktunar sem henni er falið að framfylgja og sem saman eiga að stuðla að heilnæmum lífsskilyrðum og öruggu nærumhverfi.

III. KAFLI

Starfsleyfi og skráning.

7. gr.

Starfsleyfi og skráning.

Rekstraraðili sem er með starfsemi sem talin er upp í viðauka skal hafa gilt starfsleyfi útgefið af heilbrigðisnefnd eða gilda skráningu eftir því sem við á.

Starfsleyfi skal veitt uppfylli starfsemi þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar sem um starfsemina gildir. Óheimilt er að hefja starfsleyfis skyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út.

Um starfsemi sem er skráningarskyld fer samkvæmt reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur. Rekstraraðili slíkrar starfsemi skal skrá starfsemina í samræmi við ákvæði þeirra reglugerðar og óheimilt er að hefja skráningarskyldan atvinnurekstur fyrr en skráning hefur farið fram, skráningargjald greitt og rekstraraðili fengið staðfestingu þar um.

Starfsleyfi eða staðfesting á skráningu, eftir því sem við á, skulu vera sýnileg viðskiptavinum og þeim sem nota viðkomandi þjónustu. Þar skulu vera upplýsingar um að almenningur geti snúið sér til heilbrigðisnefndar ef talið er að starfsemin brjóti gegn lögum eða reglum sem um hana gilda.

Rekstraraðili starfsemi sem talin er viðauka skal eftir því sem við á sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar á því formi sem krafist er eða skrá starfsemi sína áður en starfsemi hefst.

Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi, sbr. 1. mgr., enda sé fram komin fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi. Veiti ráðherra undanþágu skal heilbrigðisnefnd kveða á um hana í starfsleyfi og jafnframt að rekstraraðili fylgi öðrum ákvæðum útgefins starfsleyfis eða starfsleyfistillögu. Jafnframt skal kveða á um skýrslugjöf rekstraraðila til heilbrigðisnefndar um framgang nauðsynlegra úrbóta sem tengjast forsendum undanþágu. Heilbrigðisnefnd skal birta undanþágu ráðherra á vefsvæði sínu sem og eftirlitsskýrslur fyrirtækja sem starfa á undanþágu.

8. gr.

Umsókn um starfsleyfi.

Rekstraraðili starfsemi sem háð er starfsleyfi skal sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar á því formi sem krafist er áður en starfsemi hefst. Skal rekstraraðili tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn og að henni fylgi þau gögn sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynleg. Umsóknum skulu m.a. fylgja upplýsingar um rekstraraðila, lýsing á tegund starfseminnar, umfangi hennar, umfangi einstakra rekstrarþátta og staðsetningu.

9. gr.

Útgáfa starfsleyfis.

Starfsleyfi skal gefið út á tiltekinn rekstraraðila. Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulagslög og gildandi deiliskipulag eða aðalskipulag, eftir því sem við á. Heilbrigðisnefnd skal leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þessa þætti.

Í starfsleyfi skal lýsa í hverju starfsemin er fólgin, tilgreina rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, m.a. færanlega starfsemi, tegund hennar, fastanúmer, skilyrði, gildistíma og endurskoðun starfsleyfis, auk ákvæða um eftirlit, umgengi, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir, gæðastjórnun og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni, sbr. 15. gr.

Í starfsleyfi má heimila að færanleg starfsemi tengist tímabundið fráveitu á staðnum enda sé fráveita til staðar sem hefur gilt starfsleyfi, eðli verkefnisins krefst þess og leyfi eiganda fráveitu liggur fyrir.

Heilbrigðisnefnd skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Birting á vefsíðu heilbrigðisnefndar telst vera opinber birting. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur heilbrigðisnefndar innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Heilbrigðisnefnd skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem hafa gert athugasemdir tilkynnt um afgreiðsluna.

Heilbrigðisnefnd skal auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Starfsleyfi skal fylgja greinargerð þar sem farið er yfir málsmeðferðina og gerð grein fyrir afstöðu heilbrigðisnefndar til athugasemda sem bárust. Nefndin skal auk þess hafa upplýsingar um umsóknir um starfsleyfi skv. 8. gr., umsóknir um breytingu á starfsleyfi, starfsleyfi í endurskoðun, útgáfu starfsleyfa, ákvarðanir um þörf á endurskoðun, endurskoðuð starfsleyfi, breytt starfsleyfi, kæruheimildir, skráningar, sbr. 7. gr., og aðrar viðeigandi upplýsingar á vefsvæði sínu.

10. gr.

Gildistími starfsleyfis.

Starfsleyfi skal gefa út til tiltekins tíma.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að framlengja gildistíma starfsleyfis á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist nefndinni.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi á gildistíma þess vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á rekstrinum sem varða geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða ef breytingar verða á aðalskipulagi sveitarfélags.

11. gr.

Breytingar á starfsemi.

Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar með hæfilegum fyrirvara um fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varða ákvæði starfsleyfis.

Sé fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr., umtalsverð skal heilbrigðisnefnd endurskoða starfsleyfið. Nefndin metur upplýsingar frá rekstraraðila samkvæmt 1. mgr. innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega hvort nauðsynlegt sé að breyta eða gefa út nýtt starfsleyfi vegna breytinga á starfsemi. Ef gefa þarf út nýtt starfsleyfi ber umsækjanda að leggja fram nýja umsókn þess efnis til

heilbrigðisnefndar. Í umsókn rekstraraðila skulu a.m.k. koma fram þær upplýsingar sem krafist er í 8. gr. eins og við á hverju sinni.

IV. KAFLI

Skyldur rekstraraðila.

12. gr.

Reglufylgni.

Rekstraraðilar og aðrir sem undir reglugerð þessa falla skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar þessarar og annarra reglugerða settra samkvæmt þeim, starfskilyrði, starfsleyfisskilyrði ef við á og almennar kröfur. Auk framangreinds ber rekstraraðilum að fylgja ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um viðkomandi starfsemi gilda og leiðbeiningum þar um að því er varðar hollustuhætti, svo sem laga um kynrænt sjálfræði, byggingarreglugerðar, reglugerðar um hávaða, reglugerðar um neysluvatn, reglugerðar um fráveitur og skólp og aðrar reglugerðir sem gilda um tiltekna starfsemi. Um kröfur varðandi geymslu, undirbúning og framleiðslu matvæla í húsnæði, almenningsamgöngutækjum eða á öðrum svæðum sem undir reglugerð þessa falla fer samkvæmt ákvæðum laga um matvæli og reglugerðum á grundvelli þeirra.

Starfsemi og athafnir sem falla undir reglugerð þessa skulu háð heilbrigðiseftirliti, sbr. IX. kafla. Fylgja ber fyrirmælum heilbrigðisnefndar um atriði er varða hreinlæti, hollustuhætti og öryggisþætti.

Verði frávík frá þeim kröfum og skilyrðum sem um starfsemina gilda skal rekstraraðili upplýsa heilbrigðisnefnd tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar, veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerðar þessarar. Óski rekstraraðili eftir slíkri undanþágu skal skriflegri beiðni beint til ráðherra þar sem tilgreina skal með skýrum hætti frá hvaða skilyrði óskað er eftir undanþágu og í hvaða ákvæði skilyrðið er að finna, gildistíma undanþágu og þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort aðstæður máls séu svo sérstakar að veita skuli undanþágu í umbeðnu tilviki. Veiti ráðherra undanþágu samkvæmt þessari grein skal heilbrigðisnefnd kveða á um hana í starfsleyfi, þar sem við á.

13. gr.

Öryggisþættir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á að tæki og búnaður sem tilheyrir starfseminni sé í lagi og reglulega yfirfarinn samkvæmt þeim reglum og leiðbeiningum sem um viðkomandi tæki eða búnað gilda. Rekstri starfseminnar skal háttáð á þann veg að heilsa og öryggi þeirra sem þjónustuna sækja sé sem best tryggð. Tryggja skal að starfsfólk hafi hlotið viðeigandi þjálfun og fylgja skal reglum um aldurstakmark viðskiptavina. Þar sem við á skal tryggja viðskiptavinum nauðsynlegan öryggisbúnað.

14. gr.

Hreinlæti og smithætta.

Rekstraraðilum ber að gæta fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku er varðar aðbúnað, farartæki og önnur tæki og búnað, húsnæði, lóðir og önnur svæði sem tilheyrja viðkomandi rekstri.

Rekstraraðilar skulu gæta þess að starfsstöðvar verði ekki útbreiðslustaðir sjúkdóma. Ef upp kemur grunur um sjúkdóm eða smit meðal starfsfólks eða viðskiptavina skal þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd. Sé þess þörf skal heilbrigðisnefnd tilkynna sóttvarnalækni um slík tilfelli.

Starfsfólk sem starfar á gististöðum, veitingastöðum, tjald- og hjólhýsasvæðum, útihátíðum, snyrtistofum, nuddstofum, sjúkrastofnunum, sólbaðsstofum, húðflúrstofum og sambærilegum stofum, dvalarheimilium eða í fjallaskálum, frístundabyggð, almenningsamgöngutækjum, skólahúsnæði eða öðrum heimilum og stofnunum fyrir börn, vistarverum fanga eða sinnir daggæslu barna í heimahúsum og annarri sambærilegri starfsemi skal stunda persónulegt hreinlæti og klæðast hreinum vinnufatnaði við störf sín. Það má ekki stunda vinnu sína sé það haldið smitnæmum sjúkdómi eða kvilla sem öðrum getur stafað hætta af.

Þeir sem eyða meindýrum skuli að lokinni vinnu við útrýmingu á rottum eða veggjalús að gera skýrslu um verkið og senda til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Þar skal koma fram hver er verkbeiðandi, um hvaða meindýr var að ræða, hver framkvæmdi verkið og hvenær, hvaða útrýmingarefni voru notuð til verksins og varúðarráðstafanir sem gripið var til í því skyni að vernda heilsu manna og dýra, annarra en meindýra, og umhverfið. Skýrslu skal skila innan þriggja virkra daga ef um er að ræða útrýmingu á veggjalús en innan mánaðar ef um er að ræða útrýmingu á rottum.

15. gr.

Innra eftirlit.

Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um innra eftirlit í starfsleyfi atvinnureksturs og skal það taka mið af umfangi og eðli starfsemi. Um innra eftirlit í skráningarskyldri starfsemi fer samkvæmt starfsskilyrðum sem gilda um hlutaðeigandi starfsemi, sbr. og reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur.

Í innra eftirliti felst m.a. að:

- a) tilgreina áhættuþætti, fyrirbyggjandi aðgerðir og mikilvæga eftirlitsstaði, svo sem varðandi hitastig vatns,
- b) viðhafa skriflegar hreinlætisáætlanir sem fela í sér umgengnisreglur og áætlanir eftir því sem við á, svo sem um meindýravarnir, viðhald loftræstikerfa, þrif og gerileyðingu,
- c) skilgreina viðeigandi þjálfun starfsfólks, tryggja að starfsfólk hafi hlotið hana og gera grein fyrir starfsréttindum þeirra,
- d) skrá óhöpp, slys og úrbætur, sem og frávik varðandi öryggisþætti,
- e) skrá viðhald tækja og búnaðar,
- f) gera skriflega áætlun um öryggi gesta og notenda, sem felur í sér almennt áhættumat og áætlun um forvarnir, sem hluta af innra eftirliti. Grípa skal til viðeigandi aðgerða í samræmi við niðurstöður áhættumatsins til þess að draga úr eða koma í veg fyrir aðstæður sem geta ógnað öryggi gesta og notenda.

16. gr.

Húsnæði.

Húsnæði sem fjallað er um í reglugerð þessari, skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins.

Eigandi eða umráðamaður húsnæðis eða mannvirkis sem heyrir undir reglugerð þessa skal halda eigninni við og halda henni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð, girðingum og búnaði, þannig að valdi fólki ekki ónæði eða stefni heilsu þess í hættu. Leitast skal við að nota vistvæn efni og aðferðir við þrif.

Húsnæði telst heilsuspillandi þegar ástand þess er á þann hátt að það hefur áhrif á flesta eða alla sem þar dvelja að jafnaði og er skaðlegt heilsu þeirra, t.d. vegna hita- eða rakaskemmda, hávaða, fráveitu, reyks, fasts eða fljótandi úrgangs, mengunar í lofti, jarðvegi, eða vatni, gasleka, geislunar, meindýra, óþrifnaðar eða viðhaldsleysis. Heilbrigðisnefnd sker úr um hvort húsnæði sé ófullnægjandi eða heilsuspillandi samkvæmt þessari grein.

Húsnæði gististaða, frístundahúsabyggðar, veitingastaða, heimila og stofnana fyrir börn, snyrtistofa, nuddstofa, húðflúrsstofa, sólbaðsstof, dvalarheimila, sjúkrastofnana og vistarverur fanga skulu vera aðskildar frá óskyldri starfsemi eða íbúðarhúsnæði, nema annað sé sérstaklega tekið fram í reglugerð þessari.

Húsnæði skal í samræmi við eðli starfseminnar fullnægja almennum skilyrðum um rými, birtu, upphitun og loftræstingu. Hús og lagnir skulu vera meindýraheld og skólplögnum haldið við. Gólf, veggir, loft og húsbúnaður skal, eftir því sem við á, gerður úr eða klæddur efni sem auðvelt er að þrifa.

Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Vatnshiti við töppunarstað í handlaugum og böðum skal ekki fara yfir 38 °C á leikskólum, leikvöllum og í daggæslu barna í heimahúsum. Að öðru leyti skal vatn uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar.

Aðgangur skal vera að neysluvatni í húsnæði sem fellur undir mannabústaði, á veitingastöðum, útihátíðum, heimilum og stofnunum fyrir börn, í húsnæði daggæslu barna í heimahúsum, á snyrtistofum, nuddstofum, húðflúrsstofum og sambærilegum stofum, sólbaðsstofum, dvalarheimilum og sjúkrastofnunum, sbr. þó ákvæði 24. gr. um fjallaskála. Um gæði neysluvatns gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera kröfu um að í húsnæði sé gert ráð fyrir rými fyrir hjálpartæki og tiltekinn búnað þar sem þess er þörf.

Við framkvæmdir og viðhald húsnæðis eða lóðar skal taka tillit til eðlis starfseminnar og lágmarka ónæði og áhrif á starfsemina. Leitast skal við að nota vistvæn efni og aðferðir við slíkar aðgerðir.

Óheimilt er að haga hreinsun húsa, húshluta, húsmuna, bifreiða og tækja þannig að leitt geti til óþrífnaðar eða ónæðis fyrir aðra.

Öll hættuleg tæki og hættuleg efni, eins og ræstiefni, lyf, málningarvörur og hættuleg eða oddhvöss tæki, skulu geymd á tryggan og öruggan hátt þar sem börn ná ekki til, svo sem í læstum lyfja- eða efnaskápum eða annars konar læstum hirslum.

Um eldvarnir gilda ákvæði laga um brunavarnir og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

Við framkvæmd reglugerðar þessara skal tryggja, eftir því sem við á, að staðið sé vörð um rétt einstaklinga til kynræns sjálfræðis og líkamlegrar friðhelgi.

17. gr.

Lóðir og önnur opin svæði.

Lóð í kringum húsnæði ásamt girðingum skal vera frágengin þannig að valdi ekki slysaættu eða séu skaðlegar fólki og henni haldið hreinni þannig að ekki berist að óþörfu óþrífnaður inn og valdi óþægindum fyrir þá sem þar dvelja eða leita þjónustu.

Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma hluti, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða, mengun, óþrífnaði eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja lausamuni, númerslaugar bifreiðar, bílflök og sambærilega hluti að undangenginni viðvörun, svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum. Tilkynna skal lóðareiganda eða eiganda lausamunar um málið, svo tryggt sé að hlutaðeigandi hafi fengið vitneskju um málið og gefist færi á að bregðast við áður en hluturinn er fjarlægður.

18. gr.

Snyrtingar.

Um gerð og fjölda salerna og handlauga í húsnæði eða á svæði sem fellur undir reglugerð þessa gilda ákvæði sem tiltekin eru í einstökum greinum. Að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar, m.a. hvað varðar fjölda snyrtinga sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar. Tryggja skal að staðið sé vörð um rétt einstaklinga til kynræns sjálfræðis.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera ítarlegri kröfu um viðeigandi fjölda salerna eftir umfangi starfsemi á stöðum þar sem almenningur sækir þjónustu eða viðburði.

Salernisrými má ekki opnast beint út í aðstöðu þar sem matvæli eru meðhöndluð og salerni skal aðgreint frá því rými þar sem fólk hefst við að jafnaði.

Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera í nálægð við salerni. Þá skal vera salernispappír og ruslafata með loki við hvert salerni.

Í skólum, samkomuhúsum, verslunarmiðstöðum, veitingastöðum og öðru húsnæði sem almenningur hefur aðgang að og þar sem fólk safnast saman skal vera aðgengi að einnota tíðavörum.

Þar sem salerni kvenna og karla eru aðskilin skal einnig vera til staðar einstaklingssalerni fyrir önnur kyn.

V. KAFLI

Mannabústaðir o.fl.

19. gr.

Staðsetning mannabústaða.

Sveitarstjórn skal við ákvörðun á staðsetningu íbúðasvæðis eða íbúðarhúsnæðis, frístundahúsabyggðar, gistihúsa, starfsmannabúða, starfsmannabústaða og annars sambærilegs húsnæðis taka tilliti til hugsanlegra umhverfisþátta og mengunar frá nærliggjandi starfsemi samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunaryarnæftirlit. Þar sem kveðið er á um fjarlægðartakmörk í öðrum reglugerðum eða í skipulagi skal taka tillit til þeirra marka. Sveitarstjórn getur leitað umsagnar heilbrigðisnefndar um framangreinda þætti.

Um fráveitur gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp. Skólp skal leitt í fráveitu sveitarfélagsins eða þar sem sameiginleg fráveita er ekki til staðar í viðurkennt hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn.

20. gr.

Íbúðarhúsnæði.

Óheimilt er að leigja út íbúðarhúsnæði eða íbúðarherbergi nema húsnæðið fullnægi almennum kröfum um íbúðarhúsnæði, sbr. 1. mgr. 16. gr. Hvorki má leigja út íbúðarhúsnæði eða íbúðarherbergi ef heilsu manna er stefnt í hættu, m.a. vegna hita og raka, hávaða, fráveitu skólps, meindýra, reyks, fasts eða fljótandi úrgangs, mengunar í lofti, jarðvegi eða vatni, gasleka eða geislunar né leigja húsnæði til búsetu ef það er ekki ætlað til búsetu.

Almenningur getur leitað til heilbrigðisnefndar ef leiguhúsnæði og annað íbúðarhúsnæði er ekki talið fullnægjandi m.t.t. hollustuhátta eða ef húsnæði er álitid heilsuspillandi, sbr. 17. gr. Ef heilbrigðisnefnd berst tilkynning um leiguhúsnæði sem er ekki talið fullnægjandi m.t.t. hollustuhátta eða húsnæðið er álitid heilsuspillandi, skal jafnframt tilkynna leigusala um málið og honum boðið að vera viðstaddan þegar skoðun á húsnæði fer fram. Í framangreindum tilvikum getur heilbrigðisnefnd krafist úrbóta af hálfu eiganda húsnæðis innan ákveðins tímafrests. Hafi eigandi húsnæðis ekki gert viðeigandi úrbætur innan frests getur heilbrigðisnefnd bannað afnot af íbúðarhúsnæðinu. Við ákvörðun heilbrigðisnefndar skal sérstaklega tekið tillit til velferðar barna, sjúklinga og aldraðra.

21. gr.

Starfsmannabústaðir.

Um starfsmannabústaði gilda sömu reglur og um íbúðarhúsnæði eftir því sem við á.

Starfsmannabústaðir fyrir fjóra eða færri skulu fullnægja almennum kröfum um íbúðarhúsnæði samkvæmt byggingarreglugerð. Að öðru leyti gilda sömu reglur um starfsmannabústaði og um íbúðarhúsnæði eftir því sem við á.

Gólfplötur skal vera minnst 4 m² á hvern íbúa í svefnrými. Í hverju rúmi svefnrýmis skal vera dýna, a.m.k. 2 metrar á lengd og 90 cm breið.

Þvottaaðstaða skal vera á staðnum. Íbúar skulu eiga greiðan aðgang að fullnægjandi búnings- og baðaðstöðu. Þar skal vera a.m.k. einn baðklefi fyrir hverja tíu íbúa. Þar skal vera a.m.k. eitt salerni fyrir hverja tíu íbúa. Sé ekki um íbúð að ræða skal handlaug vera í hverju herbergi ef ekki er sér snyrting þar.

22. gr.

Starfsmannabúðir.

Um starfsmannabúðir gilda sömu reglur og um íbúðarhúsnæði eftir því sem við á.

Starfsmannabúðir má ekki setja niður svo nærri ám, vötnum eða sjávarströnd að flæðihætta stafi af eða svo nærri klettum og skriðum, að grjóthrun eða ofanflóðahætta sé fyrir hendi eða þar sem þær geta mengað ár, vötn eða sjávarstrendur.

Gólfplötur skal vera minnst 4 m² á hvern íbúa í svefnrými. Í hverju rúmi svefnrýmis skal vera dýna, a.m.k. 2 metrar á lengd og 90 cm breið. Lofthæð í starfsmannabúðum skal vera minnst 2,2 m.

Greiður aðgangur skal vera að baðklefa með baðtækjum. Þar skal vera a.m.k. einn baðklefi fyrir hverja tíu íbúa. Þar skal vera a.m.k. eitt salerni fyrir hverja tíu íbúa.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að semja við Vinnueftirlitið um að það taki að sér hollustuháttaeftirlit með starfsmannabúðum.

23. gr.

Gististaðir.

Um flokkun gististaða og tegundir fer samkvæmt reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum búnaði ef við á, áður en nýjum gesti er vísað til gistiherbergis eða rúms. Ef þvottur er þvegin á staðnum skal það gert við aðstæður sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

Fullbúin baðaðstaða skal vera á staðnum ef hana er ekki að finna í gistiherbergi. Ekki skulu vera fleiri en tíu viðskiptavinir um fullbúna baðaðstöðu með búningsklefa.

Handlaug skal vera í herbergi, sé ekki fullbúin baðaðstaða eða fullbúin snyrting í gistiherbergi. Heilbrigðisnefnd getur þó, að fenginni beiðni frá hlutaðeigandi rekstraraðila, veitt rekstraraðila leyfi til að hafa handlaug við herbergi, þar sem sérstökum vandkvæðum er bundið að hafa hana í herberginu sjálfu, svo sem vegna aldurs hússins. Heilbrigðisnefnd skal gefa út skriflegt leyfi þar um, þar sem kveðið er á um gildistíma leyfis og þau skilyrði sem leyfið er háð. Kveða skal á um framangreint í starfsleyfi þar sem við á. Ekki er skylt að hafa handlaug í eða við

gistiherbergi á minni gistiheimilum, þ.e. gististöðum með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út fimm eða færri herbergi eða einungis er rými fyrir tíu einstaklinga eða færri.

Ekki skulu vera fleiri en tíu viðskiptavinir um fullbúna snyrtingu.

Séu gæludýr á heimili þar sem rekin er heimagisting, þ.e. gisting í flokki I samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, skal það koma fram í markaðssetningu og gestum tilkynnt það sérstaklega þegar bókað er.

Í gistiskála er gestum leyfilegt að nota eigin rúmföt. Að öðru leyti gilda framangreind ákvæði um gististaði um gistiskála þar sem við á.

Þar sem skip er nýtt sem gististaður skal vera handlaug á herbergi sé ekki snyrting þar.

24. gr.

Fjallaskálar.

Um fjallaskála gilda ákvæði 23. gr. um gististaði þar sem við getur átt. Gestum er leyfilegt að nota eigin rúmföt.

Fjallaskálar skulu hafa viðunandi salernis- og snyrtiaðstöðu, sem samþykkt er af heilbrigðisnefnd.

Þar sem þannig hagar til að ekkert vatn er að hafa frá náttúrunnar hendi skal viðhafa sérstakar ráðstafanir til að forðast mengun. Þar sem yfirborðsvatn er leitt í krana skal merkja sérstaklega, að þar sé um að ræða yfirborðsvatn sem geti verið varhugavert.

25. gr.

Frístundahús.

Við staðsetningu frístundahúsa skal þess sérstaklega gætt að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir hættu eða ónæði sem getur stafað frá umhverfinu, svo sem vegna umferðar, hávaða og ólyktar.

Eldhús eða eldhúskrókur skal fylgja hverju húsi. Svefnherbergi skulu aldrei vera minni en 5 m².

Í frístundahúsum sem ætluð eru til útleigu skal vera fullbúin snyrting með baðaðstöðu eða aðgangur að sérstöku húsi með snyrtingu og baðaðstöðu.

26. gr.

Gistiskýli

Í gistiskýlum skal fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku gætt. Allur búnaður skal vera hreinn og heill. Rúm skal vera minnst 2 m að lengd og 80 cm breitt. Lýsing skal vera fullnægjandi. Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum búnaði ef við á, áður en nýjum gesti er vísað til rúms. Ef þvottur er þveginn á staðnum skal það gert við aðstæður sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

Fullnægjandi baðaðstaða skal vera á staðnum ef ekki er snyrting með baðaðstöðu í gistiherbergi. Að jafnaði skulu ekki vera fleiri en tíu einstaklingar um baðaðstöðu með búningsklefa. Handlaug skal vera í herbergjum sé ekki sér snyrting í hverju herbergi. Ekki skulu vera fleiri en tíu viðskiptavinir um fullbúna snyrtingu.

Þegar gistiskýli er fyrir fimm eða fleiri skal að auki vera til staðar a.m.k. eitt 18 m² herbergi til tómstunda og félagsstarfa. Ekki skulu fleiri en 18 einstaklingar um hvert slíkt herbergi.

27. gr.

Tjald- og hjólhýsasvæði og útihátíðir.

Við staðsetningu og rekstur tjald- og hjólhýsasvæða skal þess gætt að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir ónæði sem getur stafað frá umhverfinu, svo sem vegna umferðar, hávaða og ólyktar. Enn fremur skal þess gætt að ónæði berist ekki frá svæðinu til nálægra íbúa.

Rekstraraðili svæðisins skal sjá um að það sé þrifið, að umgengni sé góð og öryggisgæsla sé nægjanleg.

Á svæðinu skal vera aðstaða til upphvotta og fullnægjandi aðstaða fyrir sorp.

Á svæðinu eða í námunda við það skal vera aðstaða til að tæma og hreinsa ferðasalerni. Rekstraraðili skal veita gestum upplýsingar um og vísa á aðstöðuna.

Fyrir 25 gesti skal vera ein fullbúin snyrting þar sem tekið er tillit til þarfa fólks með fötlun. Fyrir 26-100 gesti skulu vera tvö salerni og tekið tillit til þarfa fólks með fötlun a.m.k. varðandi annað salernið. Fyrir hverja 50 gesti umfram 100 skal vera eitt salerni. Þvagstæði geta komið að 1/3 hluta fyrir salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna.

Þess skal gætt við staðsetningu útisalerna að af þeim stafi ekki óheilmæmi, ólykt og óþrifnaður.

Á mótssvæðum og útihátíðum skal fjöldi fullbúinna snyrtinga ekki vera færri en fjórar þar sem tekið er tillit til þarfa fólks með fötlun. Fyrir hverja 200 gesti umfram 200 skal vera eitt salerni til viðbótar. Þvagstæði geta komið að 1/3 hluta fyrir salerni karla. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna. Salerni skulu eftir atvikum dreifð um útihátíðarsvæði.

VI. KAFLI

Heimili, stofnanir og leiksvæði fyrir börn

28. gr.

Almenn ákvæði.

Undir þennan kafla fellur leiksvæði og skólahúsnæði fyrir börn, daggæsla barna í heimahúsum, heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga, frístundaheimili, leiksvæði og önnur sambærileg svæði og stofnanir fyrir börn, og skal framangreint vera háð heilbrigðiseftirliti.

Ákvæði 4. mgr. 16. gr. á ekki við þar sem börn dvelja á einkaheimilum.

Starfsreglur, lóðir, innréttingar og búnaður skal miða við að auka öryggi og koma í veg fyrir slys.

Girða skal af lóð við leikskóla. Heimilt er að krefjast þess að lóð við grunnskóla og frístundaheimili sé girt af að öllu leyti eða hluta vegna slyshættu í umhverfinu.

Ræsting skal fara fram samkvæmt skriflegri hreinlætisáætlun og verklýsingu fyrir hvert vinnusvæði sem kveður á um hvað eigi að þrifa, hve oft og hvaða efni eigi að nota til þrifa. Leitast skal við að nota vistvæn efni og aðferðir við þrif.

Um öryggi leiksvæða gilda ákvæði reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. Við eftirlit með öryggi og slysavörnum skal farið að leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um öryggi og slysavarnir á leikskólum og leiksvæðum sem er að finna á vef stofnunarinnar og ÍST-EN stöðlum þar sem við á.

Um daggæslu barna í heimahúsum gilda ákvæði reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum.

29. gr.

Húsnæði og aðbúnaður.

Hljómburður og hljóðeinangrun skulu vera þannig að truflun verði ekki af ólíkri starfsemi innan heimilis eða stofnunar samkvæmt kafla þessum.

Rými á hvern nemanda í grunnskóla fer samkvæmt reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða. Rými á hvern nemanda í leikskóla fer samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla.

Miða skal rými nemanda í skólum og barna í leiksskólum við ákvæði í byggingarreglugerð. Meta skal þörfina eftir aldri barna. Aðstaða skal vera til tómtunda og innileikja.

Þar sem aðstaða er til íþróttaiðkunar skal vera fullbúin snyrting, bað- og búningsaðstaða.

Þar sem við á skal vera aðstaða til að skipta á börnum.

Á heimilum og stofnunum þar sem börn sofa skulu ekki aðrar vistarverur en svefnherbergi eða svefnsalir notaðar til svefns. Í svefnsölum skal ætla hverju barni a.m.k. 4 m². Hvert barn skal hafa sér rúm sem hæfir aldri þess. Í rúmunum skal vera dýna, sæng, koddur og rúmteppi. Rúmföt skulu vera til staðar og skulu þau vera heil og hrein og skipt um a.m.k. vikulega þegar um lengri dvalartíma er að ræða en tvær vikur.

Þegar um er að ræða sumarþúðir og skylda starfsemi þar sem dvalartími er tvær vikur eða skemmri tími má miða við minni gólfhlöð á barn í svefnsal með kojum, þó aldrei minni en 2 m². Er þá einnig heimilt að hafa svefnþoka í rúmunum, enda sé í rúmunum dýna og lak.

Fullbúin snyrting og baðaðstaða skal vera til staðar á heimilum og stofnunum fyrir börn. Eitt bað skal vera til staðar fyrir tíu börn, þegar um er að ræða hóp barna í sumarþúðum eða sambærilega starfsemi.

Innanstokksmunir og leikföng skulu hafa aldri barna. Leikföng skulu vera CE merkt og þannig gerð og viðhaldið að þau skapi ekki hættu. Litir og fönðurefni mega ekki innihalda skaðleg efni og skulu standast gildandi reglugerðir varðandi merkingar og innihald. Leikföng skulu þrífir reglulega.

30. gr.

Skólahúsnæði fyrir börn.

Í skólum skal vera aðstaða til aðhlynningar nemenda vegna skyndiveikinda. Skal þar vera að lágmarki legubekkur, stóll og handlaug. Þar sem heilsugæsla er starfrækt í skólum, skal hún fullnægja kröfum sem gerðar eru til lækningastofa.

Handlaug skal vera í kennslustofum í grunnskólum.

Á leikskólum skal vera handlaug ætluð fullorðnum og skolvaskur.

Sé mötuneyti starfrækt í skóla skal nemendum séð fyrir sérstakri aðstöðu til að matast. Í aðstöðu leik- og grunnskóla þar sem börn matast jafnframt skal vera greiður aðgangur að handlaug fyrir börn.

Um heimavist gilda almenn ákvæði um íbúðarhúsnæði og gististaði eftir því sem við á.

VII. KAFLI

Önnur sérstök ákvæði fyrir tilteknar tegundir starfsemi.

31. gr.

Starfsemi þar sem viðhafa skal sérstakt hreinlæti og smitgát.

Undir þessa grein fellur starfsemi þar sem starfsfólk, tæki, búnaður eða áhöld geta komist í snertingu við notendur eða viðskiptavin, svo sem snyrtistofur, nuddstofur, húðflúrsstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr. Greinin gildir einnig um stofur þar sem gerðar eru aðgerðir, svo sem læknaðstofur og fóttaðgerðastofur, sjúkrahús, aðrar sjúkrastofnanir og önnur sambærileg starfsemi.

Húsnæði og búnaði stofnana og fyrirtækja samkvæmt þessari grein skal haldið hreinu og snyrtilegu og ítrasta hreinlætis gætt í samræmi við þá starfsemi sem um ræðir. Allsherjarhreingerning skal fara fram eftir þörfum.

Starfsfólk skal gæta ítrasta hreinlætis við störf sín og ávallt þvo hendur sínar fyrir og eftir meðferð eða aðgerð. Hanskar skulu notaðir þar sem við á.

Ávallt skal hreinsa, sótthreinsa og dauðhreinsa tæki, áhöld og búnað eftir því sem við á með viðeigandi efnum og aðferðum. Menguð áhöld skal sótthreinsa eins fljótt og auðið er. Nota skal einnota, dauðhreinsaðan búnað, svo sem nálar þar sem því verður við komið. Hrein og sótthreinsuð og/eða dauðhreinsuð áhöld og búnaður skal notaður fyrir hvern viðskiptavin. Margnota áhöld sem snerta eða fara í gegnum húð viðskiptavinar skulu dauðhreinsuð og þökkuð eða varin á viðurkenndan hátt. Skartgripir sem settir eru í nýgerð göt á húð, skulu vera dauðhreinsaðir og lausir við skaðleg efni. Þar sem gerðar eru stungur á húð skal sérstök smitgát viðhöfð.

Dauðhreinsibúnað skal prófa með sporaprófum eða öðrum viðurkenndum aðferðum eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Niðurstöður sporaprófa skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Nauðsynlegur búnaður og aðstaða, svo sem borð og skolvaskur, skal vera til staðar til þvotta og sótthreinsunar á áhöldum. Handklæði, ábreiður eða tauhlífar skal þvo og geyma í lokuðum skápum eða ílátum. Ílát undir blandað sótthreinsiefni skal vera með þétu loki. Loftræsting skal vera góð þar sem notkun og blöndun fer fram.

Í vinnurými skal vera sérstök handlaug með fljótandi handsápu, gerlaeyði og einnota handþurrkum eða sambærilegu.

Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavinum þar sem við á.

32. gr.

Snyrtistofur.

Ætla skal a.m.k. 5 m² gólfrymi fyrir hvern aðgerðastól. Sérstakar þvottalaugar skulu vera til hárvotta og til blöndunar efna. Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu.

33. gr.

Hársnyrtistofur.

Á hársnyrtistofum skal vera sérstakur vaskur til hárvotta og sérstakir vaskar til þvotta á áhöldum og blöndunar efna. Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu.

34. gr.

Húðflúrsstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr.

Undir þessa grein fellur starfsemi húðflúrsstofa og annarra stofa þar sem fram fer húðgötun og húðrof, þ. á m. nálastungustofur. Fylgja skal ákvæðum 31. gr. til hins ítrasta.

Sá sem stundar húðgötun, húðflúrun og veitir meðferð með nálarstungum skal hafa lokið viðurkenndu námskeiði.

Óheimilt er að flúra, húðgata eða beita nálastungum á einstakling undir 18 ára aldri nema með skriflegu leyfi forráðamanns. Framvísa skal skilríkjum ef vafi leikur á um aldur. Óheimilt er að flúra, húðgata eða beita nálastungum á fólk sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

Viðskiptavinir skulu fá munnlegar og skriflegar upplýsingar um aðgerðina, þ.e. húðflúr (eða fjarlæging þess), húðgötun eða annað húðrof. Upplýsingarnar skulu m.a. fela í sér fræðslu um varanlega breytingu á húð, mögulega sýkingarhættu, eftirmeðferð á flúraða eða gataða húðsvæðinu og hugsanleg ofnæmisviðbrögð, m.a. af völdum nikkels.

Gæta skal ítrasta hreinlætis við starfið. Sá sem framkvæmir aðgerð skal þvo hendur sínar fyrir og eftir aðgerð. Hanskar skulu notaðir við húðflúrun og húðgötun. Handlaug skal vera til staðar sem eingöngu er notuð til handþvotta.

Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu.

Rekstraraðilar skulu hengja upp á áberandi stað þær reglur sem gilda um starfsemina.

35. gr.

Sólbaðsstofur.

Sólbekkir og hlífðarglæraugu skulu þrífir eftir hverja notkun.

Ljósabekkir og sólarlampar skulu þannig staðsettir og varðir að aðrir en þeir sem nota bekkina verði ekki fyrir geislun. Hlífðarglæraugu skulu vera aðgengileg fyrir viðskiptavinum og baðaðstaða skal vera á staðnum.

Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu.

Á sólbaðsstofum skal hengja upp á áberandi stað þær reglur sem gilda um notkun ljósabekkja og sólarlampa. Þar skal m.a. taka fram að einstaklingum yngri en 18 ára eru óheimil afnot af sólarlömpum í öðrum tilgangi en lækisfræðilegum.

Að öðru leyti skal fylgja kröfum Geislavarna ríkisins um ljósabekki og ljósaperur, svo og upplýsingum og aðvörumum embættis landlæknis til viðskiptavina.

36. gr.

Nuddstofur.

Á nuddstofu skal vera gott aðgengi að handlaug og skolvaski í eða við vinnurými. Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavinum þar sem við á. Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu.

37. gr.

Sjúkrastofnun og stofa þar sem framkvæmdar eru aðgerðir.

Undir þessa grein falla sjúkrahús, heilsugæsla, sjúkraþjálfun, stofur þar sem gerðar eru aðgerðir, svo sem læknaðstofur, fóttaðgerðastofur og aðrar sjúkrastofnanir. Fylgja skal ákvæðum 31. gr. til hins ítrasta.

Nota skal hrein áhöld og búnað við hvern einstakling viðhafa fyllstu smitgát. Nota skal dauðhreinsuð tæki og áhöld á vefi fólks og einnota dauðhreinsaðan búnað, þar sem því verður við komið.

Dauðhreinsuð áhöld skal geyma í lokuðum umbúðum eða ílátum og þeim haldið aðgreindum frá óhreinum áhöldum. Aðstaða til almennrar hreinsunar áhalda og dauðhreinsunar skal vera vel aðgreind. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um sérstaka áhaldavottavél.

Rými sem ætluð eru til aðgerða skulu vel aðgreind og þannig útbúin að ekki verði smithætta eða sýkingarhætta frá öðru rými.

Í aðgerðarými fótaaðgerðastofa skal vera handlaug og gott aðgengi að skolvaski.

Að öðru leyti skal fylgja sérstökum gæðastöðlum eða reglum viðkomandi starfsemi um hreinlæti, smitgát og sóttvarnir, þar sem við á.

Sjúklingar skulu hafa aðgengi að fullbúinni snyrtingu sem hönnuð eru á grundvelli algildrar hönnunar. Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu.

38. gr.

Dvalarheimili.

Fullbúin baðaðstaða og fullbúin snyrting skal vera á staðnum sé hún ekki inn af hverju íbúðarherbergi. Skulu aldrei vera fleiri en tíu heimilismenn um baðaðstöðu með búningsklefa og fullbúna snyrtingu. Baðaðstaða skal standast kröfur til friðhelgi einkalífs. Handlaug skal vera í herbergi sé snyrting ekki inn af því.

Hjúkrunar- og dvalarheimili skulu hafa fullbúna baðaðstöðu og fullbúna snyrtingu enda sé ekki fullbúin baðaðstaða og fullbúin snyrting inn af hverju íbúðarherbergi. Skulu aldrei vera fleiri en tíu heimilismenn um baðaðstöðu með búningsklefa og fullbúna snyrtingu. Handlaug skal vera í herbergjum sé snyrting ekki inn af því.

39. gr.

Fangelsi og fangagæsla.

Í skammtímagæslu skal stærð klefa skal vera minnst 5 m². Fangi skal hafa aðgang að svefnbekk, teppi og baðaðstöðu. Þrífa skal klefa eftir hverja notkun og sótthreinsa eftir þörfum.

Í klefa sem notaður er við gæsluvarðhald og afplánun skal rúm vera minnst 2 m að lengd og 90 cm breitt og með rúmfatageymslu. Fangi skal hafa sængurföt og teppi. Fataskápur, borð og stóll skulu vera í klefa. Í klefanum skal vera ruslafata og spegill (álþynna). Fangi skal hafa aðgang að baðaðstöðu. Lýsing í klefa skal vera fullnægjandi. Jafnframt skal vera hægt að útiloka birtu frá gluggum.

Fangar í afplánun skulu hafa aðgang að sameiginlegu rými þar sem hægt er að neyta matar. Aldrei skulu fleiri en tíu fangar nota sömu snyrtingu.

40. gr.

Íþróttamannvirki og íþróttavellir.

Undir þessa grein falla íþróttamannvirki þar sem fram fer skipulögð starfsemi, svo sem íþróttahús, íþróttamiðstöðvar og íþróttavellir.

Starfsfólk rekstraraðila sem falla undir kafla þennan skal hafa sótt námskeið í skyndihjálp og hafa þekkingu á almennum sóttvörnum. Viðeigandi sjúkra- og skyndihjálparbúnaður skal vera til staðar.

Gestir skulu eiga greiðan aðgang að búningsherbergi með baðaðstöðu. Gestir skulu hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar.

Innanhússgervigrasvelli skal þrífa reglulega.

41. gr.

Skipulögð afþreyingarstarfsemi.

Rekstraraðila í skipulagðri afþreyingarþjónustu ber að fylgja til hins ítrasta þeim kröfum sem gerðar eru til starfsemi skv. 13. gr.

Viðskiptavinir skulu hafa aðgang að búnings- og salernisaðstöðu. Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavinum eftir því sem við á.

42. gr.

Almenningssamgöngutæki og samgöngumiðstöðvar.

Rými sem ætlað er farþegum í almenningssamgöngutækjum skal vera vel við haldið og hreint. Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt að það valdi þeim eða öðrum hættu. Notkun almenningssamgöngutækja skal þannig hagað að frá þeim stafi hvorki hávaði né loftmengun að öþörfu.

Um aðgang dýra að almenningssamgöngutækjum fer skv. 5. mgr. 44. gr.

Gestir samgöngumiðstöðva skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar.

VIII. KAFLI

Hundar, kettir og önnur dýr.

43. gr.

Almennt.

Þeir sem halda gæludýr í mannvirkjum á íbúðarlóðum í þéttbýli eða á heimilum sínum þurfa að sækja um heimild til heilbrigðisnefndar eða sveitarstjórnar sé kveðið á um það í samþykkt viðkomandi sveitarfélags.

Gæludýrahald skal ekki valda óþrifnaði, hávaða, óheilmæmi, ónæði, smiti eða annari hættu fyrir íbúa.

Fyrirbyggja skal sýkingar hjá mönnum af völdum bandorma og spóluorma í hundum og spóluorma í köttum.

Um hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi fer samkvæmt ákvæðum laga um fjöleignarhús.

Að öðru leyti gilda ákvæði samþykkt einstakra sveitarfélaga. Setji sveitarfélag sér samþykkt um gæludýrahald skal í henni kveða á um merkingar, skráningar og ábyrgðartryggingar.

Varðandi ábyrgð og skyldur umráðamanna hunda og katta til að tryggja heilbrigði og velferð þeirra gilda ákvæði laga um velferð dýra og reglugerðar um velferð gæludýra.

Búpening má hvorki hafa í híbýlum manna né í öðrum húsum nema þeim sem til þess eru ætluð.

44. gr.

Aðgangur dýra að tilteknum svæðum, húsnæði og almenningssamgöngutækjum.

Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum í eftirtalin rými eða svæði, nema að það sé sérstaklega um getið í þessari grein eða að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 5. mgr.:

Sjúkrastofnanir, svo sem lækna- og tannlæknastofur, sjúkrahús, aðgerðastofur og húsnæði sjúkrahjálfa

1. Skóla og leikvelli

2. Fangelsi
3. Íþróttastöðvar, íþróttahús, sund- og baðstaði og heilsuræktarstöðvar
4. Snyrtistofur, nuddstofur, sólbaðsstofur og húðflúrstofur
5. Samkomustaði, svo sem kirkjur, leikhús, tónleikasali, söfn og kvikmyndahús
6. Gististaði í flokki II, III og IV samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
7. Mötuneyti
8. Sumarbúðir fyrir börn
9. Almenningsamgöngutæki

Heimilt er þó að fara með dýr inn á staði sem eru sérstaklega ætlaðir dýrum, svo sem sjúkrastofnanir fyrir dýr, snyrtistofur og íþróttamannvirki.

Heimilt er fólki með fötlun að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur og hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, fangelsi, verslunarmiðstöðvar, samkomuhús og í almenningssamgöngutæki, enda sé viðkomandi einstaklingi ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur og viðkomandi skal hafa leyfi fyrir honum í samræmi við ákvæði í samþykktum einstakra sveitarfélaga.

Heimilt er eigendum eða rekstraraðilum veitingastaða, svo sem matsölustaða og kaffihúsa, að leyfa að komið sé með hunda og ketti inn í veitingasali veitingastaða að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Ætíð skal taka mið af hagsmunum gesta.
- b) Auglýsa skal á áberandi hátt á húsnæðinu sjálfu, sem og á vef hlutaðeigandi fyrirtækis, að heimilt sé að koma með hunda og ketti inn á staðinn.
- c) Tryggja skal að hundar og kettir séu einungis í veitingasölum veitingastaðar og ekki þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd og skal farið að leiðbeiningum Matvælastofnunar um hunda og ketti á veitingastöðum.
- d) Mæting á viðkomandi stað skal vera valfrjáls og fólki ekki gert að sækja sér þangað þjónustu.
- e) Aðstaða veitingastaðar skal ekki að einhverju leyti vera sameiginleg með annarri starfsemi eða á svæði sem óheimilt er að veita hundum og köttum aðgang að.
- f) Tilkynna skal um nýtingu þessarar heimildar til heilbrigðisnefndar með sannanlegum hætti.
- g) Fylgja skal ítarlegri skilyrðum sem heilbrigðisnefnd getur kveðið á um í starfsleyfis rekstraraðila, m.a. um mat á áhættu.

Eigendur eða rekstraraðilar veitingastaða sem ekki hafa sérstaklega leyft aðgang hunda og katta er heimilt að vísa frá viðskiptavinum með gæludýr.

Heilbrigðisnefnd getur, að fenginni beiðni frá hlutaðeigandi rekstraraðila, veitt rekstraraðila leyfi til að heimila aðgang hunda, katta og annarra dýra að tilteknum svæðum, húsnæði eða almenningssamgöngutækjum að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Heilbrigðisnefnd skal gefa út skriflegt leyfi þar um, þar sem kveðið er á um gildistíma leyfis og þau skilyrði sem leyfið er háð. Kveða skal á um framangreint í starfsleyfi þar sem við á. Umhverfisstofnun gefur út leiðbeiningar um veitingu leyfis samkvæmt ákvæði þessu og þau lágmarksskilyrði sem heilbrigðisnefnd skal setja fyrir veitingu þess.

Ákvæði þessara greinar eiga ekki við um heimili fólks, svo sem hjúkrunarheimili eða sambýli. Þar er heimilt að halda gæludýr eftir því sem rekstraraðilar ákveða og í samræmi við ákvæði í samþykktum hlutaðeigandi sveitarfélaga.

IX. KAFLI

Heilbrigðiseftirlit.

45. gr.

Eftirlitshlutverk heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar þessarar og annarra reglugerða settra á grundvelli laganna, auk ákvæða annarra laga eða reglna sem heilbrigðisnefnd er falið að annast um framkvæmd á að því er varðar hollustuhætti.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með atvinnurekstri, annarri starfsemi og framkvæmdum auk athafna einstaklinga eftir því sem við á, og tryggja að skilyrðum samkvæmt lögum, reglugerðum, ákvæðum starfsleyfis, starfsskilyrðum og almennum kröfum að því er varðar hollustuhætti sé fullnægt, sbr. viðauka. Heilbrigðisnefnd gerir áætlanir um eftirlit eftirlitsskyldra aðila á grundvelli eftirlitsáætlana Umhverfisstofnunar og í samræmi við áhættumat um hollustuhætti.

Heilbrigðisfulltrúi annast eftirlit í umboði heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd getur falið framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits eða tilteknum heilbrigðisfulltrúum afgreiðslu einstakra mála í tilteknum málaflokkum sem undir heilbrigðisnefnd heyra.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fela faggiltum skoðunaraðilum tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins. Heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og annað sem varðar valdsvið og þvingunarúrræði er þó eingöngu í höndum heilbrigðisnefndar.

46. gr.

Reglubundið eftirlit.

Eftirlit með starfsleyfis skyldum atvinnurekstri, og skráningarskyldum atvinnurekstri, sbr. viðauka, skal vera reglubundið. Heilbrigðisnefnd gerir reglulega áætlanir um reglubundið eftirlit á grundvelli eftirlitsáætlana Umhverfisstofnunar þar sem m.a. skal kveða á um tíðni vettvangsheimsókna fyrir mismunandi starfsemi. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna skal byggjast á niðurstöðum áhættumats fyrir viðkomandi starfsemi.

Eftirlitsaðila er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum ef nauðsyn krefur, t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Hækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti með atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum og heilbrigðisnefnd hefur samþykkt. Hafi starfsemi verið starfrækt samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfis og séu hollustuhættir fullnægjandi er heilbrigðisnefnd heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur.

47. gr.

Tilfallandi eftirlit.

Óvenjubundið eftirlit, t.d. fyrirvaralaust eða stikkprufu eftirlit, skal fara fram þegar aðstæður krefjast, svo sem vegna eftirfylgni, kvartana, óhappa, slysa, starfsemi utan hefðbundinna starfsstöðva, óreglulegrar starfsemi, rekstrar og athafna sem ekki eru starfsleyfis- eða skráningarskyld og þegar ástæða er til eftirlits með takmörkuðum þáttum starfseminnar.

48. gr.

Umfang eftirlits.

Heilbrigðiseftirlit nær m.a. til skoðunar á húsnæði, lóð, búnaði og umhverfi, töku sýna og skoðunar á skráðu og skjalfestu efni. Þá nær heilbrigðiseftirlit til eftirlits með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfis- eða skráningarskyldri hollustuháttastarfsemi, fræðslu, samráðs stofnana, úrvinnslu gagna, öryggisþátta og sóttvarna.

49. gr.

Framkvæmd eftirlits.

Eftirlitsaðila er heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem reglugerð þessi, aðrar reglugerðir eins og við á hverju sinni og samþykktir sveitarfélaga ná yfir og er eftirlitsaðila heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf. Eftirlit skal framkvæmt í viðurvist fulltrúa rekstraraðila þar sem við á, nema aðstæður krefjist annars.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að aðstoða eftirlitsaðila eins og nauðsyn krefur, m.a. að veita eða afla allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits og afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits endurgjaldslaust.

Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemi sé í samræmi við lög, reglur og starfsleyfisskilyrði þar sem við á og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði heilbrigðisnefndar eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

50. gr.

Skráning heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðisnefnd ber að halda skrá um eftirlitsskylda starfsemi og skal a.m.k. skrá eftirtalin atriði:

1. Þau starfsleyfi sem í gildi eru og þá starfsemi sem háð er skráningarskyldu og eftirlitsaðili hefur eftirlit með,
2. staðsetningu starfsstöðvar,
3. fastanúmer starfsstöðvar ef við á,
4. nafn, lögheimili og kennitölu rekstraraðila,
5. niðurstöður einstakra þátta eftirlits,
6. til hvaða úrræða hefur verið gripið ef ekki hefur verið farið að ákvæðum laga og reglugerða eða skilyrðum skráningar og starfsleyfa,
7. kvartanir sem borist hafa vegna viðkomandi starfsemi,
8. önnur skyld atriði.

Heilbrigðisnefnd skal fyrir 1. mars ár hvert skila til Umhverfisstofnunar yfirliti yfir framkvæmd og niðurstöður eftirlits á því formi sem stofnunin óskar eftir.

51. gr.

Frávik.

Telji heilbrigðisnefnd að ekki sé fylgt ákvæðum laga, reglugerða eða starfsleyfa sem um viðkomandi starfsemi gilda skal eftirlitsaðili krefja rekstraraðila um hverjar þær viðeigandi viðbótarráðstafanir sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegar og fullnægjandi til að koma reglufylgni á aftur.

Heilbrigðisnefnd skal upplýsa Umhverfisstofnun um frávik þar sem til álita kemur að beita stjórnvaldssektum samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

52. gr.

Þagnarskylda.

Þeir sem starfa samkvæmt reglugerð þessari eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

53. gr.

Um gjaldtöku fyrir skráningu skráningarskyldrar starfsemi, starfsleyfi og eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

54. gr.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum eftirlitsaðila geta heilbrigðisnefndir sveitarfélaga beitt ákvæðum XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

55. gr.

Kærur.

Um ágreining sem rís um framkvæmd reglugerðarinnar, heilbrigðissamþykktar sveitarfélaga um heilbrigðiseftirlit eða um ákvarðanir yfirvalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

56. gr.

Sektir eða fangelsi.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og samþykktum sveitarfélaga varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum samkvæmt reglugerð þessari eru refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

57. gr.

Sektir lögaðila.

Sektir má ákvarða lögaðila þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Þó skal lögaðili ekki sæta refsingu ef um óhapp er að ræða. Einnig má, með sama skilorði, gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

58. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 43. gr. laganna.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur brott reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði um að ekki sé gert ráð fyrir íbúðasvæði á þynningarsvæði í þeim starfsleyfum sem voru gefin út fyrir gildistöku reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, skulu halda gildi sínu út gildistíma starfsleyfis.

VIÐAUKI

Starfsleyfis- og skráningarskyld starfsemi.

1. Aksturs- og kennslubrautir.
2. Almenningssalerni.
3. Baðstaður í náttúrunni, flokkur 1 og 2.
4. Daggæsla hjá dagforeldrum með sex börn eða fleiri.
5. Dvalarheimili.
6. Dýragarður.
7. Dýragæsla.
8. Dýrasnyrtistofa.
9. Dýraspítali og dýralækningastofa.
10. Fangelsi og fangagæsla
11. Fjallaskáli, nema sæluhús.
12. Garðauðun.
13. Gististaður í flokki II.
14. Gististaðir í flokki III og IV.
15. Gæludýraverslun.
16. Hársnyrtistofa.
17. Heilsugæslustöð.
18. Heilsuræktarstöð.
19. Heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga með sex börn eða fleiri.
20. Heitloftspurrkun fiskafurða.
21. Hestahald.
22. Hestaleiga og/eða reiðskóli.
23. Hundahótel.
24. Húðflúrstofof og stofa þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr.
25. Íþróttahús.
26. Íþróttamiðstöð.
27. Íþróttavöllur.
28. Kanínurækt.
29. Kírópraktor.
30. Leiksvæði.
31. Meindýravarnir.
32. Nuddstofa.
33. Sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn.
34. Samgöngumiðstöð.
35. Samkomuhús.
36. Sjúkrahús.
37. Sjúkrastofnun.
38. Sjúkraþjálfarar.
39. Skemmti- og þemagarður, þ.m.t. tívolí og skipulögð afþreyingarstarfsemi.
40. Skólahúsnæði.
41. Snyrtistofa.
42. Sólbaðsstofa
43. Starfsmannabúðir.
44. Starfsmannabústaðir
45. Sund- og baðstaður.
46. Tannlæknastofa.
47. Tjald- og hjólhýsasvæði.
48. Útihátíð.
49. Veitingastaður.
50. Verslunarmiðstöð.
51. Önnur sambærileg starfsemi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2019
UST201603-076/E.F.
04.01
Tilv.: UMH18060131/0011

Efni: Drög að endurskoðaðri reglugerð um hollustuhætti.

Hinn 13. mars 2018 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra starfshóp með fulltrúum frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Umhverfisstofnun og Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, í tilefni af heildarendurskoðun reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Starfshópurinn lagði hinn 7. maí 2018 fram tillögur að stefnu og áhersluatriðum sem hafa skyldi til hliðsjónar við endurskoðun á reglugerðinni. Í meðfylgjandi bréfi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 6. júlí 2018, fór ráðuneytið þess á leit við Umhverfisstofnun, að höfðu samráði við ráðuneytið og hollustuháttahóp, sem er samvinnuvettvangur Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæða, að unnin yrði tillaga að nýrri reglugerð. Tilnefndu öll heilbrigðiseftirlitssvæðin fulltrúa í umræddan vinnuhóp, að undanskildu heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Hinn 1. nóvember 2018 hóf framangreindur vinnuhópur vinnu sína við endurskoðun reglugerðarinnar. Vinnan dróst af ýmsum ástæðum svo óskað var eftir fresti hjá ráðuneytinu sem fyrst var veittur til 1. september 2019 en síðar til 21. október 2019. Hópurinn fundaði sjö sinnum á árinu 2018 og sjö sinnum á árinu 2019 vegna endurskoðunarinnar. Ákveðið var að byggja vinnuna á núgildandi reglugerð og gera ákvæði hennar skýrari. Farið var yfir hverja grein fyrir sig með það að markmiði að greina hana og hvort nauðsynlegt væri að skýra hana eða breyta. Á seinustu fundunum var svo farið yfir drögin í heild. Við vinnuna var haft samráð við fulltrúa Matvælastofnunar, Samgöngustofu, Mannvirkjastofnunar og Vinnueftirlitsins og farið yfir þau atriði í reglugerðinni sem sköruðust við málefnasvið þessara stofnana. Í framhaldi af því voru gerðar nokkrar breytingar á drögnum.

Vinnuhópurinn lauk störfum hinn 21. mars sl. Hinn 30. apríl sl. voru reglugerðardrögin send heilbrigðiseftirlitssvæðunum til yfirferðar og veittur þriggja vikna frestur til að leggja fram athugasemdir. Umsagnir bárust frá HER, HSS, HSL, HAUST, HVE, HVL, HVEST, HHK og HNE. Nær allar umsagninar fjölluðu um einstakar greinar reglugerðarinnar og breytingar á þeim. Fulltrúar Umhverfisstofnunar fóru yfir allar umsagnirnar og tóku tillit til þeirra breytinga sem taldar voru eiga við.

Undir lok vinnunnar hjá Umhverfisstofnun var leitast við að endurskipuleggja, einfalda og skýra ákvæðin og stytta reglugerðina að því marki sem unnt var. Sett voru fram almenn ákvæði sem gilda skulu um þann atvinnurekstur sem heyrir undir reglugerðina og þá með undantekningum, í stað þess að hafa þau í mörgum mismunandi ákvæðum. Á móti voru teknar út endurtekningar og þau ákvæði sem engu bæta við almennu ákvæðin. Auk þess voru ákvæði tekin út á þeim grundvelli að þau er að finna í öðrum reglugerðum og ákvæði þar sem aðrir sterkari eftirlitssaðilar eru til staðar á tilteknum sviðum samkvæmt öðrum lögum og reglum. Að lokum voru nokkur ákvæði tekin úr reglugerðinni og sett í leiðbeiningarskjöl sem hægt er að aðlaga með einföldum hætti, en að mati Umhverfisstofnunar er jákvætt að einfalda ferlið að því marki sem unnt er. Við vinnuna undir lokin var haft samráð við Mannvirkjastofnun, Fangelsismálastofnun, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, embætti landlæknis, Reykjavíkurborg og HNE.

Helstu breytingar:

- a) Í drögunum er að finna 56 greinar í 18 köflum ásamt þremur viðaukum. Er því um að ræða fækkun um 22 ákvæði til einföldunar og samræmingar.
- b) 3. gr.: Skilgreiningum var fækkað og þær sem fjalla um þann atvinnurekstur sem fellur undir reglugerðina voru fluttar í sérstakt leiðbeiningarskjál sem er meðfylgjandi. Mun þetta skjál nýttast heilbrigðiseftirlitinu sem og almenningi til glöggvunar á því hvort reglugerðin gildi um tiltekinn atvinnurekstur eða ekki.
- c) 8. gr.: Nýtt ákvæði sett inn um skráningarskyldu ásamt viðauka II um skráningarskylda starfsemi.
- d) 10. gr.: 4.-6. mgr. bætt við ákvæði um útgáfu starfsleyfis til samræmingar við 7. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- e) IV. kafli: Settur inn sérstakur kafli um almennar skyldur rekstraraðila, m.a. varðandi hreinlæti og innra eftirlit.
- f) V. kafli: Í kaflanum má finna almenn ákvæði um skyldur rekstraraðila varðandi húsnæði, lóðir og aðbúnað. Kaflinn var endurskipulagður frá núgildandi reglugerð og viðeigandi ákvæði sem finna mátti hér og þar í núgildandi reglugerð færðar í þennan kafla til að auka skýrleika.
- g) VII. kafli: Varðandi gististaði var ákveðið að leggja það til að heimagisting yrði ekki undanskilin og hafa inni 4. mgr. 24. gr. reglugerðardraganna. Heimagisting er því ekki undanskilin í viðauka I og leiðbeiningarskjali með skilgreiningum. Nýtt ákvæði um gistiskýli sett inn, sbr. 28. gr. og viðauka I.
- h) IX. kafli: Vakin er athygli á því að í 34. gr. er lagt til að óheimilt verði að flúra, húðgata eða beita nálarstungu á einstakling undir 18 ára aldri, og er um breytingu

að ræða frá 47. gr. nógildandi reglugerðar. Um þetta atriði náðist samþykki meirihluta vinnuhópsins.


- i) XI. kafli: Í samráði við Fangelsismálastofnun var ákveðið að leggja til að tekið yrði út að fangar skuli hafa aðgang að koddum á grundvelli öryggissjónarmiða. Einnig tekið út að í klefa fanga í afplánun skuli vera salerni með handlaug skermað af frá svefnaðstöðu.
- j) XIII. kafli: Þeim ákvæðum er varða dýr og aðgang þeirra að mannvirkjum var komið fyrir í sama kafla, þ. á m. 19. gr. nógildandi reglugerðar um hreinlæti og dýr. Meðfylgjandi eru leiðbeiningarskjal um aðgang dýra að mannvirkjum til nota fyrir heilbrigðiseftirlitið við beitingu 8. mgr. 43. gr. reglugerðardraganna. Taka skal fram að Umhverfisstofnun hefur ekki enn borist athugasemdir sem ætlunin var að leggja fram af hálfu Matvælastofnunar varðandi ákvæði þessa kafla.
- k) Skipulögð afþreyingarstarfsemi: Á grundvelli öryggissjónarmiða var ákveðið að skilgreina sérstaklega atvinnurekstur sem flokkast sem skipulögð afþreyingarstarfsemi og honum bætt við í viðauka I og leiðbeiningarskjal með skilgreiningum.
- l) Fylgiskjal 1 með nógildandi reglugerð verður að viðauka I um starfsleyfisskylda starfsemi og bætt er við viðauka II um skráningarskylda starfsemi. Fylgiskjal 2 verður að viðauka III um snyrtingar og fylgiskjal 3 er tekið út, sbr. tillögu að leiðbeiningum um aðgang dýra að mannvirkjum.
- m) Lagt er til að reglur um sóttvarnavottorð og sóttvarnaundanþágur fyrir skip verði tekin úr reglugerð um hollustuhætti, sbr. 55. gr. a. nógildandi reglugerðar, og sett í sér reglugerð. Er tillaga að slíkri reglugerð meðfylgjandi.
- n) Umhverfisstofnun bendir á að skýra þyrfti reglur er varða hreinlæti og smit-, sýkinga- og sóttvarnir á heilsugæslum, sjúkrahúsum, læknastofum og öðrum heilbrigðisstofnunum enn frekar, m.a. með tilliti til verkaskiptingar milli mismunandi eftirlistaðila.

Vert er að taka fram að þar sem breytingar á viðaukum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og sérstök reglugerð um skráningarskylda starfsemi á grundvelli þeirra laga eru nú í bígerð hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu gæti breytinga verið þörf á viðaukum nýrrar reglugerðar um hollustuhætti sem hér er lögð fram, til samræmis.

Virðingarfyllst



Erla Friðbjörnsdóttir
lögfræðingur



Elva Rakel Jónsdóttir
sviðsstjóri

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Umhverfissvið

Til umsagnar: drög að hollustuháttareglugerð

Garðabæ 21. janúar 2022

Meðfylgjandi eru umsögn stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) um drög að nýrri hollustuháttareglugerð sem ætlað er að koma í stað reglugerðar um hollustuhætti frá árinu 2002.

Á fundi framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitanna var samþykkt að stjórn SHÍ tæki saman helstu athugasemdir við drögin að nýrri reglugerð um hollustuhætti og var óskað eftir athugasemdum frá starfsmönnum heilbrigðiseftirlitanna. Meðfylgjandi eru athugasemdir sem fram komu við einstaka liði. Vekjum við athygli á að um er að ræða ábendingar um það sem vert er að skoða nánar, eða þar sem heilbrigðisfulltrúar telja að breyta þurfi ákvæðum, til að þau séu skýr og auðveld í framkvæmd.

Reikna má með að einhver heilbrigðiseftirlitssvæði skili inn sér umsögn um drögin þar sem ákveðin atriði eru tekin út og rökstudd nánar. Meðfylgjandi athugasemdir eru aftur á móti samantekt á þeim atriðum sem fram komu í athugasemdum og skoða þarf að mati heilbrigðisfulltrúa.

Miðað við fjölda athugasemda verður stjórn SHÍ þó að lýsa yfir vonbrigðum með þau drög sem liggja hér fyrir og að ekki hafi tekist að ná þeim markmiðum starfshópsins sem skipaður var 13. mars 2018 vegna endurskoðunar á reglugerðinni. Hlutverk þess hóps var að undirbúa heildarendurskoðun á reglugerðinni og var niðurstaða hópsins eftirfarandi (*skáletrað*);

- *hugtök verði skýr samræmd og skiljanleg.* Því miður hefur ekki tekist að samræma hugtök milli reglugerða og þau gerð skiljanleg og eru misjöfn heiti notuð fyrir sambærilega þætti. Mikilvægt er að drögin séu uppfærð og vísað í réttar reglugerðir og felld út það sem kemur fram í öðrum reglugerðum. Þar skiptir máli að skýrt sé kveðið á um hvar eftirlitsskyldan liggur.
- *reglugerðin verði hnitmiðuð og einfalt að framfylgja.* Við lestur reglugerðarinnar er ljóst að fleiri spurningar og vafamál vakna en voru í fyrri reglugerð.
- *í reglugerðinni verði skýrar lágmarkskröfur og kröfur verði þarfar, raunhæfar og mælanlegar.* Reglur þurfa að vera skýrar þannig að rekstraraðilar skilji það sem að baki liggur og eins þarf að setja mælikvarða, hámarks-, lágmarksgildi svo auðvelt sé að framfylgja reglunum.
- *heimildir verði til staðar til að hægt verði að framfylgja kröfum.* Ekki hefur verið skerpt á þessum atriðum og áfram óljóst hvaða regluverk heilbrigðisnefnd er að framfylgja, þar sem vantar mælikvarða og viðmið sem hægt er að styðjast við.

- *þegar vísað er í aðrar reglugerðir, sé skýrt kveðið á um hvaða eftirlitsaðili hafi eftirlit með þeim ákvæðum.*
- *vernda og viðhalda lýðheilsu og lífsgæði almennings með áherslu á viðkvæma hópa.* Mikið vantar uppá að fram komi kröfur t.d. gagnvart aðgengi fatlaðra og að starfsemi taki mið af viðkvæmum hópum.
- *skýra betur ábyrgð rekstraraðila og auðvelda honum að gæta þess að starfsemi hans sé innan settra reglna.* Eftirlitsskylda á atvinnustarfsemi hvort sem um er að ræða starfsleyfisskylda eða skráningarskylda starfsemi gerir mismiklar skyldur til rekstraraðila þar eð í huga þeirra sem eru með skráningarskylda starfsemi, eru aðrar væntingar til eftirlits en við starfsleyfisskylda starfsemi. Nauðsynlegt er að útbúa aðgengilegar viðmiðunarreglur fyrir skráningarskylda starfsemi þar sem fram koma skýrar leiðbeiningar um aðkomu heilbrigðiseftirlits að þeirra starfsemi.
- *heilbrigðisnefndir hafi eftirlit og hægt sé að viðhafa eftirlit með ákveðnum fyrirtækjaflokkum þó starfsemi sé hvorki starfsleyfis- eða skráningarskyld.* Setja þarf fram skýrari reglur um gjaldtöku við slíkt eftirlit og heilbrigðiseftirlitunum veitt heimild til að gjaldtöku við eftirlit sem ekki er markað í viðaukum laga og reglugerða, en nauðsynlegt er að hafa afskipti af.
- *eftirlit byggist á áhættumati.* Skilgreina þarf betur með hvaða hætti taka skal mið af innra eftirliti rekstraraðila og hvaða þættir það eru sem hafa áhrif á breytingu á áhættumat atvinnugreinaflokka.

Þá er ljóst að það ekki hefur tekist að uppfylla það markmið vinnuhópsins að samræma hollustuháttareglugerð við aðrar reglugerðir, s.s. á sviði byggingarmála og matvæla með áherslu á skýrleika og valdmörk stjórnsvalda.

Ljúka þarf vinnu við skráningarreglugerð og samræma og endurskoða viðauka um atvinnustarfsemi. Þá er nauðsynlegt að endurskoða ákvæði sem fram koma í reglugerðinni um opinbera kynningu á starfsleyfum og auglýsingatíma starfsleyfi, þar sem þau eru mjög íþyngjandi ákvæði fyrir rekstraraðila og eykur kostnað við starfsleyfisgerð.

Stjórn SHÍ er reiðubúin til að efna til samstarfs ásamt heilbrigðisfulltrúum með ráðuneytinu, Umhverfisstofnun og þeim hagaðilum sem koma að málaflokknum.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar SHÍ

Linda Hrönn Þórisdóttir

Árný Sigurðardóttir

Hörður Þorsteinsson

Drög að nýrri hollustuháttareglugerð (UMH20010001 - Mál nr. 2/2022)

Sjá: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3115](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3115)

Eftirl. svæði	Gr.	Mgr.- tölul	Athugasemd
HEV	1	1	Nærumhverfi, lögin gera ekki greinamun á nærumhverfi og umhverfi - af hverju er það sérstaklega tekið út?
HSL	2	1	HES hefur eftirlit með afmörkuðum atriðum um gæludýrahald s.s. að settar séu samþykktir um takmörkun í þéttbýli, en MAST hefur eftirlit með gæludýrum skv. reglugerð um velferð gæludýra https://island.is/reglugerdir/nr/0080-2016 .
HSL	2	1	vistaverum - vistarverum.
HEV	2	1	Húsnæði og vistarverur, er ekki verið að tala um sama hlutinn?
HEV	2	1	Sóttvarnir, er það ekki hlutverk landlæknis og sóttvarnarlæknis?
HHK	3	1	<i>reglugerðin gildir ekki um leigubíla. Orðalagsbreyting.</i>
HER	3	3	Dýragarður, skrautfiskar falla undir skilgr. gæludýr og reglugerð um gæludýr nær til þeirra.
HHK	3	8	Sæluhús - er réttara/skýrara að tala um neyðarskýli?
HEVF	3	8	Vantar skilgreiningu á hvað er frístundahús.
HER	3	9	Frístundaheimili og önnur félagsaðstaða og dægradvöl fyrir börn. Hér er gerð athugasemd við að þessir staðir séu einungis fyrir börn þar sem markmið reglugerðarinnar er að vernda viðkvæma hópa og þeir eru fleiri en einungis börn s.s. aldraðir, sjúkir fatlaðir o.fl. Lagt er til að skilgreiningin verði eftirfarandi: Frístundaheimili og önnur félagsaðstaða og dægradvöl sem eru ætlaðir fyrir börn og aðra hópa eru staðir þar sem skipulögð starfsemi fer fram og eru ekki heilbrigðisstofnanir
HHK	3	10	Fullbúin baðaðstaða vs. Baðaðstaða liður 2. Er þörf á að vera með þessa tvöföldu skilgreiningu?
HSL	3	11	Einnota tíðavörur. Er þetta hlutverk HES? Hvar eru mörkin? Set spurningamerki um hvort þetta eigi heima í þessari reglugerð, ætti ekki frekar að hvetja til notkunar á umhverfisvænum tíðavörum í stað þess að hvetja til einnota vörum?? Er þá ekki jafn nauðsynlegt að skaffa bleyjur fyrir ungabörn þar sem skiptiaðstaða er fyrir hendi?

HSL- HKK	3	12	Færanleg starfsemi, Hvaða starfsemi er færanleg á sviði hollustuhátta? Kamrar fyrir útihátíðir, færanleg þjónustuhús fyrir tímabundin tjaldsvæði, ruslagámar, garðaúðun? (jarðboranir?) – eitthvað annað? Þyrfti að bæta við að starfsemin þyrfti stöðuleyfi.
HER	3	14	Gistiskýli. Lagt er til að bætt sé við setninguna "... án þess að greiðsla gesta komi fyrir.
HSL	3	17	Vantar kröfur um sápu og einnota handþurrkur til samræmis við „Fullbúin snyrting“ liður 11.
HER	3	17	Handlaug. Hér er lagt til að orðalag sé samræmt miðað við annars staðar í textanum að handlaug sé vaskur sem ætlaður er til handþvotta með rennandi köldu og heitu vatni. Sjá einnig tillögu um Fullbúna handlaug.
HEVF	3	18	Einnig er til heilsugæslusel, ætti það að vera í skilgreiningunni?
HER	3	18	Heilsugæslustöð. Hér þarf fyrst og fremst að breyta þessum lið og skilgreina hugtakið Heilbrigðisstofnun, sem er hvert það húsnæði/aðstaða sem hvers konar heilbrigðisþjónusta fer fram skv. ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu kveður á um að sé slík. Laga þarf síðan í gegnum textann þar sem heilbrigðisstofnanir eru nefndar sjúkrastofnanir, þar sem verið er að nota neikvætt formerki þess sem heilbrigðisstofnanir standa fyrir. Einnig þarf að laga í textanum og aðgreina heilbrigðisþjónustu frá annarri þjónustu þar sem veittar eru e-s konar líkamsmeðferðir aðrar en heilbrigðisþjónusta. Orðið heilsugæslustöð er eitt af undirheitum heilbrigðisþjónustu og fellur þar undir. Í fylgiskjali skal svo tiltaka hvaða heilbrigðisstofnanir eiga að vera starfsleyfis og skráningarskyldar en einnig að skilgreina heilbrigðisþjónustu sem mögulega á að undanskilja starfsleyfisskyldu t.d. þar sem eingöngu er veitt samtalsmeðferð og engar ífarandi aðgerðir gerðar. Fella svo niður lið 38.
HEV	3	19	Bardagaíþróttastöðvar, sérstakt að taka þennan eina þátt út - ætti að duga að hafa íþróttaiðkana eða sambærileg starfsemi.
HER	3	19	Heilusræktarstöð. Tillaga er gerð um að fella þetta orð undir Íþróttahús/íþróttamiðstöð og er húsnæði þar sem fer fram skipulögð íþróttastarfsemi ásamt annarri starfsemi eftir atvikum sem almenningur hefur aðgang að. Hér væru einnig líkamsræktarstöðvar og heilsuræktarstöðvar aðrar en heilbrigðisstofnanir. Önnur tillaga væri að hafa eina skilgreiningu Líkamsræktarstöð og það er húsnæði þar sem fer fram skipulögð líkamsræktarstarfsemi ásamt annarri starfsemi eftir atvikum sem almenningur hefur aðgang að m.a. hvers kyns heilsuræktarstöðvar aðrar en heilbrigðisstofnanir.
HER	3	20	Heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga eru vistheimili, meðferðarheimili, hjálparstöðvar, neyðarathvörf, sumardvalarheimili og sumarþúðir og önnur heimili sem taka sex eða fleiri börn til uppeldis eða umönnunar til lengri eða skemmri tíma. Lagt er til að breyta þessu og bæta við öðrum viðkvæmum hópum sem þarfnast þessarar þjónustu s.s. vegna fötlunar,

aldurs eða sérstakrar stöðu. Einnig þarf að fella orðið „unglinga“ út þar sem það er ekki skýrt við hvaða aldur er átt.

HEV	3	22	Of þröng skilgreining á hollustuvernd að hún nái bara yfir eftirlit með efnum.
HER	3	22	Hollustuvernd. Lagt er til að breyta þessu orði í Hollustuháttaeftirlit og hollustuhætti þar sem á við gegnum textann. Hollustuháttaeftirlit tekur til eftirlits með heilnæmi umhverfis bæði utan sem innandyr, ónæði hvers konar, í þeim fyrirtækjum og stöðum/svæðum sem reglugerð þessi tekur til. Síðan þarf að skilgreina nánar í viðeigandi texta reglugerðarinnar hvað átt er við og auk þess tiltaka mælanlega þætti eins og kostur er.
HER	3	23	Húðflúrstofa og stofa þar sem fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr er stofa ... Lagt er til að í stað orðsins stofa verði notað orðið húsnæði. Auk þess að felld verði úr textanum ... þegar húðflúr er afmáð ... þar sem sú aðgerð er gerð á heilbrigðisstofnunum. Hér þyrfti aftur á móti að bæta við starfsemi þar sem verið er að sprauta efnum undir húð í fegrunarskyni og fellur ekki undir heilbrigðisþjónustu (dermafillers, mesotherapy).
HER	3	26	Íþróttahús og/eða íþróttamannvirki. Sjá athugasemd við lið 19. Lagt er til að fella líkamsræktar- og heilsuræktarstöðvar hvers konar hér undir aðrar en heilbrigðisstofnanir eða að heitið Líkamsræktarstöð verði notað í stað heilsuræktarstöð.
HEV	3	27	Þjónustuhús, er það hús með snyrtingum?
HER	3	27	Íþróttavöllur. Lagt er til að felld verði út orðið með í setningunni ... með eða án þjónustuhúss. Ef þjónustuhús er við íþróttavöll er um að ræða íþróttahús ásamt íþróttavelli eins og er í flestum tilvikum. Einnig má hugsa sér að þetta ætti einungis við velli utanhúss og það þá tekið fram í skilgreiningunni.
HEV	3	28	Mannabústaðir, getur það t.d. verið ákveðið svæði?
HER	3	28	Mannabústaðir. Lagt er til að þessi grein verði felld út og eins að orðið mannabústaður verði hvergi notað í texta reglugerðarinnar. Eins þarf að samræma orðanotkunina í gegnum textann. Lagt er til að orðið íbúðarhúsnæði verði notað þar sem um einkaheimili fólks er að ræða og hins vegar húsnæði eða híbýli sem ætlað er til búsetu eða dvalar, sem reglugerð þessi tekur til. Skilgreina þarf almennar kröfur til húsnæðis og á við íbúðarhúsnæði eftir því sem á við og með mælanlegum þáttum innivistar. Hér ætti líka húsnæði að taka til frístundahúsa án þess að sérstakur kafli sé um það síðar í textanum. Það á bara að vera eftirlitsskyld ef beiðni um skoðun berst heilbrigðiseftirliti. Síðan að tilgreint sé sérstaklega hvað á við þegar um gististaði hvers konar er að ræða sbr. þá löggjöf og heilbrigðisnefnd á að hafa eftirlit með.
HEV	3	31	Nálarstungustofa, beitt í fegrunarskyni. Er tvítalið, kemur fram í lið 23.

HER	3	31	Nálastungustofa. Lagt er til að breyta orðalagi og fella út ... í lækningarskyni ... því slík starfsemi er heilbrigðisþjónusta og á að vera undir skilgreiningunni heilbrigðisstofnun. Legg til að setningin hljóði svona ... í fegrunar- eða meðferðarskyni öðrum en heilbrigðisstofnunum.
HHK	3	32	Nuddstofa er stofa þar sem boðið er upp á nudd, hér undir fellur þó ekki nudd á stofu sjúkranuddara. “ Stofa þar sem eingöngu er boðið sjúkranudd (ekki sjúkrapjálfunarstöð) telst sem sagt ekki nuddstofa og þ.a.l. ekki starfsleyfisskyld /skráningarskyld sem slík!
HEV	3	34	Er háður heilbrigðiseftirliti. Er ekki betra orðalag að segja; háður eftirliti heilbrigðisnefndar?
HEV	3	35	Samgöngumiðstöð sem þjónustar "lestir" er það raunhæf setning?
HER	3	35	Samgöngumiðstöð. Skoða þar hvort ekki þurfi að bæta við í setninguna ... sem þjónustar almenning þar sem bílar aðrir en leigubílastöðvar ... þar sem í lið 1 eru leigubílar eru ekki skilgreindir sem almenningssamgöngutæki.
HHK	3	36	Samkomustaður í orðskýringum en samkomuhús í viðauka um starfsleyfi- og skráningaskylda starfsemi. Jafnframt í lögunum. Ekki fjallað nánar um þessa starfsemi sem þó er mjög fjölbreytt. Vantar t.d. Mathöll.
HER	3	36	Samkomustaður. Lagt er til að bæta við upptalningunni Samkomusalir sbr. skilgreiningu þeirrar löggjafar.
HER	3	37	Skemmtigarður. Hér þarf að laga orðalag því líklega er ekki vilji til að gera alla garða starfsleyfisskylda sem eru aðgengilegir almenningi með eða án tækja. Lagt er til að orðið án verði fellt út og bætt við ... sem eru aðgengilegir almenningi með tækjum og/eða þjónustu sem reglugerð þessi tekur til.
HER	3	38	Sjúkrastofnun. Lagt er til að hér sé notað orðið Heilbrigðisstofnun og lagað alls staðar í textanum, sjá nánar athugasemd við lið 18.
HER	3	39	Skipulögð afþreyingarstarfsemi. Hér á skilgreiningin einungis við skipulagðar ferðir utanhúss. Skilgreiningin þarf líka að taka til afþreyingarstarfsemi innanhúss s.s. trampólíngarða, tívolís, klifurveggja og slíks sem krefst sérstakrar aðstöðu og búnaðar sem varðar öryggismál o.fl. sem reglugerð þessi tekur til þ.á.m. heilnæmi innanhússumhverfis.
HER	3	40	Skolvaskur Lagt er til að í stað „vaskur til að skola búnað og áhöld“ komi „vaskur til að þrífa búnað og áhöld.
HEV-HSL	3	41	Legg til að notað verði hugtakið Skólar en ekki skólahúsnæði – auk þess að tekin verði út orðin: „fyrir börn“ Skýringar: 1. Lóðir er ekki húsnæði en tilheyra samt skólum. 2. Skólar eru ekki eingöngu fyrir börn heldur alla aldurshópa sem sækja skóla og reglugerðin gildir einnig um skóla fyrir fullorðna. Skólahúsnæði fyrir börn. Fullorðnir eru jafnframt í skólahúsnæði og spurning hvort háskólar falli hér út úr þessari skilgreiningu fyrir skólahúsnæði?

HER	3	41	Skólahúsnæði fyrir börn. Hér þarf að taka út orðin fyrir börn. Það liggur fyrir að t.d. í framhaldsskólum eru bæði börn og fullorðnir og því erfitt að sjá hvernig það ætti að útfærast varðandi starfsleyfi og eftirlit að óbreyttu. Lagt er til að liðurinn heiti Skólahúsnæði en sé að öðru leyti eins en háskólar, sérskólar o.þ.u.l. bætist við en að slíkir skólar sem eru með færri fullorðna nemendur en 6 eða 10 séu ekki starfsleyfis skyldir. Undir þetta ætti einni að falla ýmis fræðslustarfsemi fyrir sérstaka hópa s.s. fatlaða.
HER	3	42	Snyrting. Hér er notað orðið rými en annars staðar herbergi og lagt til að samræma það. Hér vantar að bæta við varðandi handlaug að hún sé með heitu og köldu vatni.
HER	3	43	Snyrtistofa í stað orðsins líkamssnyrtingar komi líkamsmeðferð sem á betur við starfsemi sem fer fram á snyrtistofum s.s. trimform, sogæðanudd o.fl. samsvarandi. Einnig er lagt til að þetta eigi ekki aðeins við ef gjald er tekið fyrir þjónustuna. Skoða þarf víðar í reglugerðinni hvort skipti máli út frá hollustuháttum og öryggi almennings hvort gjald er tekið fyrir þjónustuna eða ekki.
HEV	3	43	Í grein 32. koma fram sér skilyrði fyrir snyrtistofur en skilyrði fyrir hársnyrtistofur koma fram í grein 33. Skoða þarf betur hver skilyrðin eru fyrir hvort tveggja. Spurning hvort vanti hárgreiðslustofa?
HEV	3	44	Starfsleyfi, spurning hvort þarna þurfi að koma "eða eftir atvikum framkvæmdastjóra" sbr. heimild í lögum 7/1998.
HER	3	47	Tjald- og hjólhýsasvæði. Lagt er til að bæta við setningu Ef aðstaða og þjónusta er á svæðinu sem reglugerð þessi tekur til s.s. sundlaug, veitingaþjónusta eða annað sem heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með gilda ákvæði þeirra reglugerða um hana. Einnig ætti að fella niður „gegn gjaldi“ sjá fyrri athugasemd.
HEVF	3	51	Gistiskýli, spurning hvort það þurfi skilgreiningu sbr. 26. gr.
HEVF	3	51	Frístundahús, spurning hvort þurfi skilgreiningu sbr. 25. gr. reglugerðarinnar.
HHK	3	51	Tillaga að atriði til skilgreiningar: "Staðfesting á skráningu"
HER	3	51	Fullbúin handlaug er vaskur ætlaður til handþvotta með rennandi köldu og heitu vatni þar sem sérstakrar smitgátar er þörf s.s. á heilbrigðisstofnunum og þar sem unnið er með matvæli og á öðrum stöðum þar sem hætta er á húðrofi eða húðrof á sér stað. Hér þarf að vera handfrjáls krani, fljótandi handsápa, einnota handþurrkur og sóttthreinsandi sápa eða lögur eftir því sem við á.
HER	5	1	Umhverfisstofnun: Hér vekur athygli að í 1. mgr. hefur orðinu með líkum hætti verið breytt í sama hátt. HER hefur ekki heyrt á þessum tímapunkti að aukin áhersla verði lögð á þennan þátt hjá Umhverfisstofnun en væri jákvætt að svo væri. Einnig er jákvætt að stofnunin skuli sérstaklega eiga að gæta að hagkvæmni í eftirliti og að fyrirbyggja tvíverknað. HER telur þetta atriði sérstaklega renna stoðum undir þá skoðun HER að heilbrigðiseftirlitin í landinu

hafi sem mesta beina aðkomu að málum er varða lögbundið hlutverk þeirra en ekki að Umhverfisstofnun sé milliliður þegar þess gerist ekki þörf. Hér má nefna fyrirhugaða breytingu á lögum nr. 7/1998 sem nýlega var til umsagnar um að færa heimild ráðherra til að veita fyrirtækjum bráðabirgðaleyfi til Umhverfisstofnunar. Eins og umsögn HER hljóðaði um það atriði þá ætti slíkt í þeim tilfellum sem heilbrigðisnefnd er starfsleyfisútgefandinn að vera sá aðili sem hefur heimildina. Eins varðar þetta hugmyndir löggjafans um skráningaskyld fyrirtæki að þau eigi fyrst að skrá sig hjá Umhverfisstofnun sem svo tilkynni viðkomandi heilbrigðiseftirliti um skráningarnar þar sem skráningareglugerðin kveður á um að heilbrigðisnefnd fari með eftirlitið og þurfi að sjálfsgöðu að skrá fyrirtækið hjá sér. Allir sem það vilja sjá að þetta er langt í frá nokkuð sem fyrirbyggir tvíverknað eða einfaldar stjórnsýslu. Í 2. mgr. kemur fram að heilbrigðisnefndum beri að fylgja viðmiðunarreglur og leiðbeiningar sem Umhverfisstofnun gefur út. Þetta þarf að skoða nánar. HER telur mun jákvæðara og líklegra til árangurs að umorða þetta þannig að Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlitin vinni saman að leiðbeiningum sem viðkomandi samþykkja að gildi. Hins vegar um viðmiðunarreglur þá telur HER að slíkar reglur þurfi að binda í löggjöfina þannig að hægt sé að gera kröfur skv. þeim og því Umhverfisstofnun ekki til þess bær aðili frekar en heilbrigðisnefndir. Stofnanirnar gætu vissulega komið með tillögur að slíku. Því leggur HER til að þessari málsgrein verði breytt.

HSL	6	1	Hér mætti 45. grein reglugerðarinnar koma í beinu framhaldi til að útskýra að starfsmenn heilbrigðisnefndar þ.e. heilbrigðisfulltrúar sjá um framkvæmd reglugerðarinnar. Eftirlitshlutverk heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar þessarar og annarra reglugerða settra á grundvelli laganna, auk ákvæða annarra laga eða reglna sem heilbrigðisnefnd er falið að annast um framkvæmd á að því er varðar hollustuhætti. Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með atvinnurekstri, annarri starfsemi og framkvæmdum auk athafna einstaklinga eftir því sem við á, og tryggja að skilyrðum samkvæmt lögum, reglugerðum, ákvæðum starfsleyfis, starfsskilyrðum og almennum kröfum að því er varðar hollustuhætti sé fullnægt, sbr. viðauka. Heilbrigðisnefnd gerir áætlanir um eftirlit eftirlitsskyldra aðila á grundvelli eftirlitsáætlana Umhverfisstofnunar og í samræmi við áhættumat um hollustuhætti. Heilbrigðisfulltrúi annast eftirlit í umboði heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd getur falið framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits eða tilteknum heilbrigðisfulltrúum afgreiðslu einstakra mála í tilteknum málaflokkum sem undir heilbrigðisnefnd heyra. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fela faggiltum skoðunaraðilum tiltekna þætti heilbrigðiseftirlitsins. Heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar og annað sem varðar valdsvið og þvingunarúrræði er þó eingöngu í höndum heilbrigðisnefndar.
HER	6	2	Heilbrigðisnefnd: Lagt er til að í 2. mgr. verði orðinu lífsskilyrðum breytt í lífsgæði sbr. markmiði reglugerðarinnar.

HNV	7		Almennt er greinin óskýr um hvert gangverk stjórnsýslunnar verður, þar sem óljóst er hvernig skráningareglugerð mun líta út og hvaða fyrirtækjum verður heimilt að nýta skráningu í stað starfsleyfis. Síðasta málsgreinin er nánast óskiljanleg, en ætla má að hún opni á að hægt sé að fá undanþágu frá því að hefja starfsemi án starfsleyfis, síðan segir að heilbrigðisnefnd skuli greina frá undanþágunni í starfsleyfi sem búið er að veita undanþágu frá. Óskýr er sömuleiðis krafan á Heilbrigðisnefnd, um að birta undanþágu ráðherra á heimasíðu og örökstutt að draga eigi sérstaklega út á heimasíðum skýrslur þeirra fyrirtækja sem hafa undanþágu? Þetta kallar á sérstaka skráningu inn í gagnagrunn sem er bæði kostnaðarsamur og eykur hættu á mistökum.
HSL	7		Legg til að sérstök grein verði í reglugerðinni um undanþágur sem tiltaki að undanþágur séu eingöngu gerðar í undantekningartilfellum. Það er líka nóg að fjalla um undanþágur á einum stað í reglugerðinni sbr. einnig 4. mgr. 12. g. Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar, veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerðar þessarar. Óski rekstraraðili eftir slíkri undanþágu skal skriflegri beiðni beint til ráðherra þar sem tilgreina skal með skýrum hætti frá hvaða skilyrði óskað er eftir undanþágu og í hvaða ákvæði skilyrðið er að finna, gildistíma undanþágu og þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort aðstæður máls séu svo sérstakar að veita skuli undanþágu í umbeðnu tilviki. Veiti ráðherra undanþágu samkvæmt þessari grein skal heilbrigðisnefnd kveða á um hana í starfsleyfi, þar sem við á.
HSL	8	1	og staðsetningu (þetta bætist við) ... starfsstöðvar, fasta-númer fasteignar, staðfesta skal að staðsetning starfseminnar samrýmist skipulagi og að húsnæðið uppfylli kröfur byggingafulltrúa. Ef umsækjandi er ekki eigandi húsnæðis þarf samþykki eigandans að fylgja með umsókn.
HSL	9	2	Set spurningamerki við að hafa færanlega starfsemi þar í þessari upptalningu. ATH næsta málgrein er um færanlega starfsemi. Þar mætti nefna dæmi um hvaða starfsemi er átt við?
HHK	9	4	Auglýsing á heimasíðu á tillögum að starfsleyfi í 4 vikur og ef engar athugasemdir eru gerðar þá má taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Tefur gríðarlega fyrir rekstraraðila.
HSL	9	4	Óheimilt er að hefja starfsleyfis skyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. sbr. 2. málsl. 2. mgr. 7. greinar hér ofar!! Er ekki verið að tefja afgreiðslu mála að óþörfu með því að setja hér inn auglýsingaskyldu á hollustuháttafyrirtækjum sem hafa fram að þessu verið undanþegin kynningu – er ekki nóg að búið sé að afla samþykkis skipulags- og byggingafulltrúa og gera úttekt áður en leyfið er veitt? Þessi málsmeðferð að setja starfsleyfisskilyrði í kynningu í fjórar vikur er í stíl við afgreiðslu leyfa sem eru gefið út fyrir mengandi verksmiðjur svo sem járnblendi eða álver! Þetta er hreinasti óþarfi. Hins vegar er sjálfsgagt að auglýsa útgáfu starfsleyfis á heimasíðu um leið og það er gefið út með því að setja það á lista yfir starfsleyfi í gildi.

HNV	9	4	Greinin mun óumdeilanlega að gera leyfisveitingu bæði flóknari og mun kostnaðarsamari. Það er því ekki í samræmi við þann pólitíska vilja um einfaldara Ísland. Það blasir við að auglýsing á starfsleyfisskilyrðum fyrir t.d. fyrir litla hárgreiðslustofu á Siglufirði í 4 vikur, þar sem almenningi er heimilt að gera athugasemd við starfsleyfisskilyrðin mun ekki einfalda leyfisferil og vandséð er að greinargerð sem gerð er krafa um að fylgi útgáfu starfsleyfi hárgreiðslustofunnar, sé til nokkurs nýts. Gera má ráð fyrir að þessum slaufum og greinargerð, fylgi nokkur kostnaður. Í greininni er krafist þess að Heilbrigðisnefnd leiti umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa, eðlilegra væri að sú krafa væri sett á umsækjendur um starfsleyfi að þeir létu fylgja umsögn skipulagsfulltrúa með umsókn. Það á sérstaklega við um veitinga- og gististaði þar sem umsækjendur þurfa að vera búnir að afla þeirrar umsagnar áður en viðkomandi starfsemi fær rekstrarleyfi sýslumanna
HER	9	4	Útgáfa starfsleyfis: Í 4. mgr. kemur fram að heilbrigðisnefnd skuli vinna tillögur að starfsleyfi og að auglýsa á vefsíðu sinni. HER telur þetta valda óþarfa flækjustigi og telur enga ástæðu fyrir að auglýsa skuli starfsleyfi skv. Hollustuháttareglugerð enda eiga þau öll að standast kröfur reglugerðarinnar sem og kröfur í gildandi skipulagi og hafa samþykkar teikningar hjá viðkomandi byggingarfulltrúa. Svona krafa er mjög íþyngjandi fyrir atvinnulífið auk þess sem flækjustig eykst talsvert. Reynsla af auglýsingum starfsleyfa skv. reglugerð nr. 550/2018 styður þessa skoðun HER um mjög svo aukið flækjustig er að ræða að óþörfu hjá vissum fyrirtækjaflokkum, Hins vegar má skoða hvort viss starfsleyfi fyrirtækja skv. áhættumati þegar það er tilbúið ættu ekki að vera auglýsingaskyld s.s. vissar heilbrigðisstofnanir og jafnvel fyrirtæki sem eru í eða við íbúðabyggð og eru líkleg til að valda ónæði s.s. skemmtistaðir.
HER	10	6	Gildistími starfsleyfa: Lagt er til í 1. mgr. að tími verði skilgreindur eins og hægt er miðað við áhættumatið þegar þar að kemur. Eins mætti orða greinina almenn ... þó aldrei lengur en 12 ár. Í 2. mgr. mætti huga að því hvort hægt væri að skilgreina hvað átt er við með umfangsmiklum breytingum til að samræma endurskoðunarpátt starfsleyfa sem mest. Er hér t.d. átt við breytingar þar sem teknir eru inn nýir rekstrarþættir sem eru starfsleyfisskyldir einir og sér o.fl.
HSL	12	1	Í greininni er krafist þess að Heilbrigðisnefnd leiti umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa, eðlilegra væri að sú krafa væri sett á umsækjendur um starfsleyfi að þeir létu fylgja umsögn skipulagsfulltrúa með umsókn. Það á sérstaklega við um veitinga- og gististaði þar sem umsækjendur þurfa að vera búnir að afla þeirrar umsagnar áður en viðkomandi starfsemi fær rekstrarleyfi sýslumanna.
HER	12	1	Reglufylgni: Í 1. mgr. þar sem talin eru upp önnur lög og reglugerðir og varða hollustuhætti eru lög um kynrænt sjálfræði nefnd. Lagt er til að þeim verði sleppt enda ekkert í eftirliti með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum skv. Hollustuháttareglugerð eða útgáfu starfsleyfa sem hefur með kynrænt sjálfræði að gera eða brot á þeirri löggjöf.

HEV	12	4	Sleppa þessari 4. málsgrein það er eðlilegra að heilbrigðisnefnd meti hvaða kröfur eiga við og hverjar ekki í starfsleyfinu.
HSL	12	4	Óþarfi að hafa ákvæði um undanþágur á tveimur stöðum í reglugerðinni sjá athugasemd hér ofar við 6. mgr. 7. greinar.
HHK	13	1	Þar sem við á skal tryggja viðskiptavinum nauðsynlegan öryggisbúnað. Þetta ákvæði reglugerðar er of almennt að mínu mati og þarfnast frekari skilgreiningar.
HSL	13	1	ATH hvort ekki þurfi að setja ítarlegri kröfur um öryggisþætti, s.s. öryggisreglur, viðbragðsáætlun og neyðaráætlun sbr. sundstaði. Einnig þarf að gera starfsleyfisskilyrði um afþreyingarstarfsemi, s.s. hvað beri að hafa eftirlit með skv. reglugerðinni.
HER	13	1	Öryggisþættir: Lengi hefur verið kallað eftir auknum skýrleika hvað þeir öryggisþættir sem heilbrigðisnefnd á að framfylgja taka til. Þar sem tæki og búnaður er nefndur í greininni og rekstraraðili á að taka ábyrgð á að sé í lagi telur HER nauðsynlegt að þetta verði skilgreint betur og ekki síst m.t.t. Vinnueftirlits og þess sem það hefur eftirlit með. Lagt er til að varðandi tæki og búnað að bætt verði við þar ... annan en þann sem aðrar eftirlitsstofnanir hafa eftirlit með. Hér er alls lags vélrænn búnaður sem Vinnueftirlitið hefur eftirlit með í t.d. sumum leiktækjum/afþreyingartækjum, Landlæknisembættið t.d. á lækningatækjum o.s.frv.
HHK	14	2	Þar segir m.a.: „Ef upp kemur grunur um sjúkdóm eða smit meðal starfsfólks eða viðskiptavina skal þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd. Sé þess þörf skal heilbrigðisnefnd tilkynna sóttvarnalækni um slík tilfelli." Hvernig greinum við þörf á að komu sóttvarnalækni?
HEV	14	2	Það er ólíklegt að þetta verði virkt ákvæði. Fólki er tamara að tilkynna sjúkdóma til heilsugæslu. Ekki er heilbrigðisnefnd að fara safna upplýsingum um alla sem veikjast í hinni og þessari starfsemi.
HER	14	2	Hreinlæti og smithætta: Í 2. mgr. er lagt til að fella út orðið sjúkdóm og sameina það þannig að einungis standi smitsjúkdóm. Aðrir sjúkdómar koma heilbrigðisnefndum varla við. Einnig þarf að bæta við setningunasmitsjúkdóm, hættu vegna eiturefna eða annars sem getur ógnað öryggi starfsfólks eða viðskiptavina. Í 3. mgr. Er lagt til að einföldum þannig að upptalningu sé sleppt á ýmsum rekstarformum og einungis sagt að starfsfólk sem starfar á stöðum sem reglugerð þessi taki til skuli stunda persónulegt hreinlæti og klæðast hreinum vinnufatnaði við störf sín. Einnig er lagt til að í síðustu setningunni verði orðin eða kvilla tekin burt. Ekki er ljóst hvaða kvilla fólks það eru sem heilbrigðisnefnd ætti að hafa eftirlit með hjá starfsfólki annað en tekur til smithættu eða öryggismála annarra er varðar almenna hollustuhætti.
HHK	14	3	Þar segir m.a.: „...skal stunda persónulegt hreinlæti og klæðast hreinum vinnufatnaði við störf sín." Hvenær er vinnufatnaður nægilega hreinlegur?

HHK	14	3	Þar segir: „Það má ekki stunda vinnu sína sé það haldið smitnæmum sjúkdómi eða kvilla sem öðrum getur stafað hættu af.“ Hvernig snýr þetta ákvæði m.t.t. persónuverndar?
HSL	14	4	Fínt að fá kafla inn um hreinlæti og smithættu. Þessi málsgrein vefst samt aðeins fyrir mér, þar sem ágreiningur hefur verið um þetta atriði. Þeir sem vinna við meindýravarnir hafa haldið því fram að þeim beri að gæta trúnaðar við verkkaupa og því ekki sent inn slíkar tilkynningar! Þar þetta ekki að vera í lögunum til að tekið sé mark á því? Þetta atriði var ekki haft með í nýrri reglugerð um málefnið sjá slóð: https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/0677-2021 .
HEV	14	4	Heilbrigðiseftirlitið er ekki að fá þessar skýrslur, mikilvægara er að meindýraeyðir skili ársskýrslu og einnig sé tilkynnt sérstaklega ef um veggjalús eða önnur meindýr sem geta valdið skaða þar sem þau finnast.
HER	16	1	Húsnæði: Varðandi þessa grein almennt þá gerir HER tillögu um að sett verði viðmiðunarmörk um loftskipti, hitastig í húsnæði þar sem fólk dvelst lengri eða styttri tíma miðað við aðstæður, raka, hávaða, ... eða að það komi í íbúðarhúsnæðiskaflanum. Í 1. mgr. þarf að bæta við að húsnæði í útleigu sem íbúðarhúsnæði, skuli vera samþykkt sem slíkt. Sjá einnig athugasemdir við 28. tl. 3. gr. í 4. mgr. Er lagt til að sleppa allri upptalningu á einstaka rekstrarformi og að málsgreining verði einungis að þannig að húsnæði eftirlitsskyldra staða skulu vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúðarhúsnæði, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Í 6. mgr. Um vatnskerfi þarf að bæta við öðrum viðkvæmum hópum en börnum s.s. að á stofnunum þar sem viðkvæmir einstaklingar búa/dvelja geti heilbrigðisnefnd gert kröfur um hitastýrð blöndunartæki á handlaugar, í steypiböðum og baðkerum sem þeir nota. Einnig þarf að bæta við greinina að huga skuli að (eða heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um) skolun vatnslagna reglubundið þar sem viðkvæmir einstaklingar dvelja, við ákveðið hitastig, þar sem lítil notkun er á kerfinu til að koma í veg fyrir vöxt örvera. Einnig mætti íhuga af hverju ekki er almennt sagt í byrjun að hitastig vatns við átöppunarstaði þar sem almenningur, gestir, vistmenn og börn hafa aðgang að skuli ekki fara yfir 43°C og svo koma með það sem er sérstakt við staðina þar sem yngstu börnin eru. Þar ætti jafnvel að sleppa orðinu leikvellir. Breyta þarf orðalaginu um að vatn skuli að öðru leyti uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar og er tillaga HER að segja nánar um hvað heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með eða að nota orðin vatnslagnir og hitastig í stað vatns. Um vatn af ýmsum toga gildir annað regluverk sem heilbrigðisnefndir framfylgja. Í 7. mgr. er lagt til að upptalningar á ýmsum tegundum rekstrar sé sleppt. Ef ekki að orðið mannbústaður verði felld brott og notað húsnæði (eða hóbýli og hvers konar húsnæði sem reglugerð þessi tekur til) í staðinn. 9. mgr. er í raun endurtekning á 2. mgr. og mætt fella 9. mgr. brott en bæta við í 2. mgr. m.a. við framkvæmdir. Í 11. mgr. þarf að bæta viðoddhvöss áhöld og tæki. Sleppa á 13. mgr. þar sem hún á ekki við það sem hollustuháttareglugerð tekur til er varðar eftirlit og útgáfu starfsleyfa, sjá nánar athugasemdir undir 12. gr.

HEV	16	1	Mætti einfalda og fella niður; og hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins.
HHK	16	1	Búið að fella út: "Loftræstikerfi skal halda við og hreinsa reglulega." "Sérstakt loftræst rými skal vera fyrir ræstiáhöld og ræstilaug, þar sem það á við" Skil ekki af hverju það er gert?
HSL	16	3	Í þennan kafla mæti bæta kröfum vegna hljóðvistar eða getur slæm hljóðvist talist til ónæðis almennt?
HSL	16	4	Er þetta tæmandi listi? Það er enginn kafli um Samkomustaði, þ.e. veitingastaði, krár og heldur ekki um fræðslustarfsemi fyrir fullorðna – er þetta nægilega skýrt?
HHK	16	5	Þar segir: „Húsnæði skal í samræmi við eðli starfseminnar fullnægja almennum skilyrðum um rými, birtu, upphitun og loftræstingu. " Hver eru þessi almenn skilyrði?
HEV	16	7	Sleppa upptalningu; á veitingastöðum, útihátíðum, heimilum og stofnunum fyrir börn, í húsnæði daggæslu barna í heimahúsum, á snyrtistofum, nuddstofum, húðflúrsstofum og sambærilegum stofum, sólbaðsstofum, dvalarheimilum og sjúkrastofnunum og hafa einfaldlega að þetta eigi við um fyrirtæki sem fái starfsleyfi.
HEV	16	12	hér vantar inn lausamuni.
HHK	16	13	Gefið í skyn að öll hættuleg efni eigi að geyma í læstum hirslum. Í efnalögum 16.gr. er talað um slík efni eigi að geyma tryggan hátt og þannig að óviðkomandi nái ekki til þeirra. Vörur sem flokkast eiturefni og tiltekin varnarefni á að geyma í læstum hirslum eða rými. Að mínu mati er nóg að segja: "Öll hættuleg tæki og hættuleg efni, eins og ræstiefni, lyf, málningarvörur og hættuleg eða oddhvöss tæki, skulu geymd á tryggan og öruggan hátt þar sem börn ná ekki til."
HSL	16	15	Kynræns sjálfræðis. EF HES á að taka þessi mál að sér er þá ekki rétt að nefna líka að hreyfihamlaðir hafi viðunandi aðgengi þar sem almenningur hefur aðgang til dæmis að salernisaðstöðu. Það er hvergi minnst á fatlaða eða hreyfihamlaða í þessari reglugerð.
HNV	16	15	Við framkvæmd reglugerðar þessara skal tryggja, eftir því sem við á, að staðið sé vörð um rétt einstaklinga til kynræns sjálfræðis og líkamlegrar friðhelgi. Þetta atriði þarf að skýra betur og síðan þyrfti að gaumgæfa lagalega heimild heilbrigðisnefnda til þess að hafa eftirlit og framfylgja lögum um kynrænt sjálfræði. Það hlýtur að þurfa að hnykkja á því með lagabreytingu í lögum nr. 7/1998.
HSL	17	3	Tilkynna skal lóðareiganda eða eiganda lausamunar um málið, svo tryggt sé að hlutaðeigandi hafi fengið vitneskju um málið og gefist færi á að bregðast við áður en hluturinn er fjarlægður. Ef þetta ákvæði fær að standa er verið að koma ábyrgð yfir á HES um að tryggja að eigandi hluta fái vitneskju um að hann verði fjarlægður. Þarna er verið að gera HES ómögulegt að fara í hreinsun lóða og opinna svæða.

HER	17	3	Lóðir og önnur opin svæði: Í 3. mgr. er kveðið á um að heilbrigðisnefnd skuli tilkynna lóðareiganda eða eiganda lausamunar um málið, svo tryggt sé að hlutaðeigandi hafi fengið vitneskju um málið til að bregðast við áður en hluturinn er fjarlægður. HER leggst alfarið gegn þessari nálgun. Lagt er til að mgr. verði breytt þannig að kveðið sé á um að heilbrigðisnefnd geti látið fjarlægja númerslausa bíla, lausamuni, bíflök eða hluti að undangenginni viðvörun svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum og fresti til viðbragða af landi viðkomandi sveitarfélags. Varðandi hluti s.s. númerslausa bíla á einkalóðum er heilbrigðisnefnd heimilt að líma aðvörunarmiða á þá ef mengunarhætta stafar af hlutnum. Að öðru leyti gilda ákvæði xx gr. Um almenna umgengni á lóðum og lög um fjöleignahús þar sem við á.
HNV	17	1,2,3	Óþarfi þar sem lög um meðhöndlun úrgangs taka á þessum málum
HSL	18	1	Kaflann um salerni þarf að endurskrifa í heild sinni og lagfæra.
HER	18	1	Snyrtingar: Í 1. mgr. þarf að fjarlægja síðustu setninguna þar sem heilbrigðisnefnd framfylgir ekki lögum um kynrænt sjálfræði þar sem þau hafa ekki með hollustuhætti að gera. Heilbrigðisnefnd hefur aldrei haft hlutverk í að framfylgja að salerni séu kynjagreind enda hefur það ekkert með hollustuhætti að gera og því þarf að fjarlægja 6. mgr. Athygli vekur í þessu samhengi að salerni fyrir fatlaða er ekki nefnt. Eina aðkoma heilbrigðisnefndar að skiptingu salerna á milli einstakra aðila er þar sem kveðið er á um sérstaka starfsmanna snyrtingu á veitingastöðum. Að öðru leyti eiga salerni að vera útbúin og þrífín þannig að ekki valdi óhollustu.
HSL	18	1	Algild hönnun“ er hugtak sem einungis fáir skilja!
HSL	18	2	Hvað er „viðeigandi fjöldi“ hvernig á að meta það? Væri ekki nær að fá aftur inn fjölda salerna í viðauka?
HEV	18	2	Óþarfi að fjalla um skólp þar sem um þar er fjallað í sérreglugerð.
HHK	18	4	Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera í nálægð við salerni. Þá skal vera salernispappír og ruslafata með loki við hvert salerni ”Breytingartillaga: “Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera í nálægð við salerni. Þá skal vera salernispappír og ruslafata með loki við hvert salerni þar sem við á.”
HEV	18	6	Einstaklingssalerni fyrir önnur kyn, þetta er allt of opið og þarf að skýra betur
HNV	18	6	Þar sem salerni kvenna og karla eru aðskilin skal einnig vera til staðar einstaklingssalerni fyrir önnur kyn. Hér er um talsverðan kostnað að ræða en umbylta þyrfti t.d. snyrtingum N1 Staðarskála, Víðigerði, Miðgarði ofl. stöðum, til þess að koma móts við þessi sjónarmið - þetta ákvæði þyrfti að fá umræðu og kostnaðarmeta auk þess að setja einhvern aðlögunartíma fyrir fyrirtæki og stofnanir

HER	19	1	Staðsetning mannabústaða: Lagt er til að orðinu mannabústaðir verði skipt út á móti húsnaði (eða híbýli) og þá um leið heiti greinarinnar. Einnig kemur fram í heiti kaflans o.fl. sem ekki er ljóst hvað er átt við. Í 1. mgr. Frístundasvæði og -húsabyggð er nefnd á nokkrum stöðum í textanum en HER telur að slík svæði eða hús séu ekki sérstaklega undir eftirliti heilbrigðisnefnda nema bara almennt hvað viðkemur leiksvæðum, beiðnum um húsnaðisskoðanir eða annað það sem reglugerðir tekur til s.s. vatnsból, vatnsveita o.fl. Einnig er bent á að skipta úr orðinu gistihúsa í gististaði aðra en heimagistingar, en gististaðir eru yfirheiti um alla flokka gististaði og heimagistingar féllu út úr starfsleyfis- og eftirlitsskyldu heilbrigðisnefnda fyrir nokkru utan að beiðni um húsnaðisskoðun eins og í hverju öðru íbúðarhúsnaði. Í upptalningu á ýmsum hollustuháttatriðum s.s. hita, raka o.s.frv. mætti bæta við lýsingu og svo að sett verið mælanleg gildi eins og hægt er fyrir þessi atriði. Í síðustu setningunni vantar stórt S í sveitarstjórn.
HER	20	1	Íbúðarhúsnaði: Í 1. mgr. Eru taldir upp ýmsir þættir sem þarf að skoða og setja inn viðmiðunarmörk um til að gera eftirlit skilvirkar og eins að rekstraraðilar hafi betri leiðbeiningar um hvað er að ræða. HER telur óásættanlegt að vísað sé til annars regluverks eins og gjarnan hefur verið gert gegnum tíðina þar sem heilbrigðisnefnd hefur engar heimildir til að gera kröfur skv. HER lýsir sig tilbúið að vinna með Umhverfisstofnun að þessu. Í 2. mgr. er í fyrstu setningunni vísað til 17. gr. en á að vera 16. gr. Í mgr. Síðan kveðið á að leigusala leiguhúsnaðis skuli boðið að vera með í húsnaðisskoðunum. Þetta þarf að taka út eða breyta. Ekki eru nefndir eigendur í þessu samhengi en málsgreinin á við allt húsnaði. Hins vegar mælir HER ekki með að þetta sé skylda en gæti mögulega verið eftir eðli máls að eigendur íbúðarhúsnaðis séu viðstaddir en þá alltaf í samráði við umráðamann húsnaðisins.
HNV	20	2	Það þarf að breyta ákvæðinu á þá leið að heilbrigðiseftirlitið láti leigusala vita af skoðun og jafnframt leitast eftir því að leigusali geti verið viðstaddur skoðun. Af ýmsum ástæðum getur verið vandkvæðum fundið að gera fortakslausa kröfu um að heilbrigðiseftirlitið boði þriðja aðila inn á heimili fólks, en leigusali á rétt til skoðunar á eigin húsnaði eftir ákvæðum leiðum ef ég man rétt samkv. húsaleigulögum. Það væri gott að fá athugasemd við ákvæðið frá félagsmálaráðuneytinu og kanna hvernig það rímar við húsaleigulögin. Ath. hvernig rímar þetta við húsaleigulög og er rétt að nefndin sé að gera kröfu á hendur eiganda fyrir hönd leigjanda?
HEV	20	2	Þetta er væntanlega leigubann. Þar sem tæplega er banna fyrir eigendur að nota eigið húsnaði. Það vantar betri feril hvernig standa skal að tilkynningu um leigubann og fylgja því eftir.
HSL	20	2	sbr. 17. gr vísað í ranga grein, á að vera 16. gr.
HEV	21	2	Þetta er óskiljanlegt! Er ekki verið að tala um sama hlutinn hér?? Starfsmannabústaðir fyrir 4 eða færri skulu fullnægja almennum kröfum um íbúðarhúsnaði. Svo kemur fram „að öðru leyti gilda sömu reglur um starfsmannabústaði og um íbúðarhúsnaði“ „eftir því sem við á“

HER	21	2	Starfsmannabústaðir: Í 2. mgr. kemur fram að starfsmannabústaðir fyrir fjóra eða færri skulu fullnægja almennum kröfum um íbúðarhúsnæði eftir því sem við á. Skv. skilgreiningu á starfsmannabústöðum er um varanlegt húsnæði að ræða og því óskiljanlegt að það eigi ekki að uppfylla almennar kröfur eftir því sem við á hvort þar búi einn eða fleiri. Lagt er til að þessu verði breytt í samræmi við það. Eins að í setningunni þar sem vísað er til byggingarreglugerðar að vísað sé til 20. gr. hollustuháttareglugerðar og annars sem á við skv. henni. Önnur setningin í málsgreininni er endurtekning á 1. mgr. og á að sleppa.
HEV	22	5	Betra að hafa skýrt í regluverkinu hver hefur eftirlitið.
HER	22	5	Starfsmannabúðir: Í 5. gr. kemur fram framsalsheimild til Vinnueftirlitsins. HER leggur til að slíkt ákvæði verði sér grein og nánar útfært.
HEV	23	1	Flokkun gististaða er önnur samkvæmt ISAT flokkunarkerfinu sem ekki er í samræmi við reglugerð um gististaði. Er ekki líka eðlilegt að tiltaka nr. á þeirri reglugerð? Nr.1277/2016.
HSL	23	7	Vegna fjölgunar tilfella veggjalúsar vilja rekstraraðilar oft skaffa rúmföt án endurgjalds fremur en að leyfa gestum að nota sín eigin rúmföt til að leitast við að koma í veg fyrir veggjalús
HER	23	7	Gististaðir: Í 7. mgr. Er heimagisting tiltekin og þarf að taka burt þar sem gististaðir í flokki I eru ekki lengur undir eftirliti eða starfleyfisskyldir hjá heilbrigðisnefnd fyrir utan beiðni vegna skoðun á íbúðarhúsnæði.
HEV	24	1	Gestum er leyfilegt að nota eigin rúmföt. Tvítekning, kemur fyrir í 7. málsgrein 23 gr.
HEV	24	2	Fjallaskálar skulu hafa viðunandi salernis- og snyrtiaðstöðu, sem samþykkt er af heilbrigðisnefnd. (spurning um að sleppa). Á heilbrigðisnefnd að meta ráðstafanir eða fara fram á viðeigandi aðgerðir?
HER	24	3	Fjallaskálar: Í 3. mgr. þar sem fjallað er um yfirborðsvatn sem leitt er í krana þarf að breyta orðalagi. HER leggur til að það skuli merkja sérstakleg þannig að vatnið standist ekki kröfur reglugerðar um neysluvatn og leiðbeiningar við hæfi til notenda ef nota á vatn til neyslu á einhvern hátt s.s. suðu.
HER	25	1	Frístundahús: Í skilgreiningakaflanum er frístundahús ekki skilgreint en skv. lögum um frístundabyggð er það skilgreint m.a. sem hús utan þéttbýlis sem aðallega er nýtt til að fólk geti dvalist þar tímabundið til að eyða frítíma sínum og þar sem að öðru jöfnu er óheimilt að hafa skráð lögheimili. Erfitt er að sjá aðkomu heilbrigðisnefnda að þessu nema að hún sé sérstaklega kölluð til skoðunar ef notendur senda inn ábendingar um að húsnæðið standist ekki kröfur. HER telur nóg að einkaaðilar og félagasamtök hafi heimild í skipulagi og samþykktar byggingarteikningar fyrir mannvirkjum sem þessum. Hins vegar gætu mögulega verið vatnsból eða vatnsveita og önnur þjónusta á svæði skipulögðu fyrir frístundabyggð sem regluverk heilbrigðisnefnda tekur til og þarf að tiltaka.

HEV	25	2	Heitir pottar fylgja nær undantekningarlaust frístundahúsum. Gott væri að koma inn á öryggismál varðandi þá. Mögulega varðandi lok yfir pottana og læsingar á lokin. Þá væri einnig hægt að koma inn á umgengnisreglur sem þurfa að vera til staðar, þar sem foreldrar þurfa að hafa augu með börnum.
HEV	26	1	Nóg að vísa í kröfur um gististaði og sleppa þessari grein um gistiskýli, nema þá helst um tómstundaherbergi
HER	26	1	Gistiskýli: Óþarfi er að tiltaka það sem fram kemur í fyrstu tveimur setningum 1. mgr. Enda er það tiltekið í 16. gr. Og á við allt húsnæði. Athygli vekur að rúm í gistiskýlum á að vera 80 cm breitt en gerð er krafa annars staðar um 90 cm breið rúm. Orðið gistiskýli er ekki til í byggingarreglugerð en orðið gistiskáli aftur á móti, lagt er til að samræma þetta. Hér er lýsing nefnd sem er vel og mætti gjarnan setja hana í almenna textann sjá athugasemdir við 19. Gr.
HEV	26	2	Af hverju er 80 cm rúm hér en 90 annarstaðar?
HEV	26	3	Er ástæða til að hafa tómstundaherbergi í gistiskýli en ekki í starfsmannabústöðum og starfsmannaíbúðum?
HSL	27	1	Það er hentugt að halda þessu aðskildu eins og í gildandi reglugerð! Þ.e. tjaldsvæði og útihátíðum!! Um ólíkar kröfur er að ræða!
HER	27	2	Tjald- hjólhýsasvæði og úthátíðir: Í 2. mgr. kemur fram að öryggisgæla skuli vera nægileg. Þetta þarf að skýra betur að mati HER. Í 5. og 7. gr. er tekið fram að salerni skulu vera snyrtingar með aðgengi fyrir fatlaða en hér er ekki nefnd ákvæði laga um kynrænt sjálfstæði sem HER hefur gagnrýnt að sé með í fyrri greinum og eigi að taka út. Í þeim greinum er hins vegar ekki tekið fram að salerni skulu vera aðgengileg fötluðum. Taka þarf til í þessum greinum öllum og samræma. Skilgreiningar á fjölda salerna og þvagstæða er hægt að einfalda.
HEV	27	4	Það þarf að fjalla um fráveituna sem á að taka við þessu jukki úr ferðasalernum er það safnþró, það má ekki vera rotþró sem notuð er fyrir eitthvað annað því það eru rotvarnarefni í ferðasalernum

HSL	27	5	Í Kaflann um útihátíðir vantar allt er varðar öryggisþætti – kaflann þarf að endurskrifa! Lagt er til að notuð verði atriði sem koma fram í eldri starfsleyfisskilyrðum um atriði sem þurfa að fylgja umsókn – sjá hér neðar. Skilgreining á útihátíð er samkoma sem stendur í 3 klst. eða lengur, en getur líka verið yfir nótt þannig að þá gilda skilyrði um tjaldsvæði einnig, en oftast eru hávaðasamar skemmtanir sem fylgja slíku, s.s. tónleikar o.fl. Þannig að ríkari kröfur þarf til en koma fram í skilyrðum fyrir tjaldsvæði. • Sækja skal um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar fyrir útisamkomu ef samkoman fer yfir 3 klst. sbr. skilgreiningu. • Umsókn skal berast heilbrigðisnefnd minnst þremur vikum fyrir útisamkomu. • Í umsókn skulu hið minnsta koma fram upplýsingar um eftirfarandi atriði: a. Nafn, kennitala heimilisfang og símanúmer umsækjanda (rekstrarhafa og umsjónarmanns) • Tímasetning útihátíðar og afstöðumynd svæðis. • Áætlaður fjöldi gesta. d. Vottorð sem sýni gæði neysluvatns ef vatnsveita er ekki með starfsleyfi. • Fjöldi snyrtinga og staðsetning þeirra. Mögulegur aðgangur að snyrtingum ef útisamkoman er haldin í þéttbýliskjarna. Þjónusta við snyrtingar, s.s. þrif og losun . nafn þjónustuaðila • Fjöldi ruslabeða, staðsetning og þjónusta við þær. • Áætlun um hreinsun svæðis meðan á samkomu stendur og eftir að samkomuhaldi lýkur. • Bílastæði og umferð farartækja um samkomusvæðið. • Næturlýsingu á svæðinu. • Aðstaða til aðhlynningar. • Annað sem umsækjandi eða leyfisveitandi vill koma að.
HSL	28	1	Vantar kröfur um fræðslustarfsemi fyrir fullorðna.
HER	28	3	Almenn ákvæði: Í 3. mgr. er lagt til breytt orðalag þannig að rekstraraðili skuli tryggja öryggi og koma í veg fyrir slys. Hann skal setja starfsreglur (innra eftirlit) hvað varðar lóð, innréttingar og búnað eftir því sem við á. Í 4. mgr. Er lagt til að leiksvæðum þar sem slysaætla í umhverfinu er til staðar verði bætt við þá staði þar sem heilbrigðisnefnd getur krafist girðinga. Í 5. mgr. Þar sem leiðbeiningar Umhverfisstofnunar eru nefndar og að við eftirlit skuli fara að þeim þarf að skýra betur að rekstraraðili skuli sjá til að leiðbeiningum sé fylgt um allt er varðar öryggi á stöðum þar sem rekin er þjónusta fyrir börn. Hins vegar fundust þessar leiðbeiningar ekki á vef stofnunarinnar.
HER	29	1	Húsnæði og aðbúnaður: Í 1. mgr. er spurning hvort ekki þyrfti að umorða þannig að hljómburður og hljóðeinangrun sé þannig að þeir sem dvelja í húsnæði og stofnunum sem kaflinn taki til hljóti ekki skaða af. Einnig mætti vísa til reglugerðar um hávaða hvað varðar viðmiðunargildi. Í 2. mgr. væri mun skýrara að nefna hvaða rými á að vera á nemanda ef heilbrigðisnefnd á að framfylgja málsgreininni. Í 6. mgr. vantar að nefna þann sið að börn

eru látin sofa úti t.d. hjá dagmæðrum og þarf því að tiltaka hvaða aðstæður og aðbúnaður þarf að vera til staðar til að tryggja öryggi og vellíðan barnanna.

HER	30	1	Skólahúsnæði fyrir börn: Í 1. mgr. þar sem læknastofa er nefnd þarf að breyta því orði í heilbrigðisstofnun.
HHK	30	3	"Á leikskólum skal vera handlaug ætluð fullorðnum og skolvaskur". Þarf ekki að tilgreina að þetta eigi við um á snyrtingum (eins og í núverandi reglugerð 40. gr.)?
HEV	30	3	<i>Á leikskólum skal vera handlaug ætluð fullorðnum og skolvaskur.</i> Hvar á þetta að vera og af hverju er þetta umfram það sem kemur í reglugerð 655/2009.
HSL	30	3	Á leikskólum skal vera aðskilin snyrtiaðstaða fyrir börn og starfsfólk sjá slóð á reglugerð: https://island.is/reglugerdir/nr/0655-2009
HSL	30	5	Er heimavist langtímaleiga íbúðarhúsnæðis, eða gistihúsnæðis. Þarf að skýra betur þar sem íbúðarhúsnæði er ekki eftirlitsskipt. Þarf að forðast.
HER	31	1	Starfsemi sem viðhafa skal sértakt hreinlæti og smitgát. Í 1. mgr. er lagt til eftirfarandi orðalag. „Undir þessa grein fellur öll starfsemi sem reglugerð þessi tekur til þar sem starfsfólk, tæki, áhöld og búnaður getur komist í snertingu við viðskiptavinum þ.á.m. snyrtistofur hvers konar þ.m.t. húðflúrstofur“ sjá gr. 34 og heilbrigðisstofnanir eftir því sem við á, sjá 37. gr. um heilbrigðisstofnanir eins og HER leggur til að stofnanir sem nefndar eru sjúkrastofnanir í drögunum verði kallaðar.
HSL	31	2	Allsherjarhreingerning skal fara fram eftir þörfum, bæta við "í það minnsta árlega".
HSL	31	3	bæta við "Einnota hanska".
HER	31	3	Í 3. mgr. er lagt til orðalagið „Starfsfólk skal gæta ítrasta hreinlæti við störf sín ekki síst fullnægjandi handhreinun fyrir og eftir snertingu við viðskiptavin og meðferðir og inngrip hvers konar.“ Sama á við um meðhöndlun matvæla. Hanskar skulu notaðir á réttan hátt þar sem við á.
HER	31	4	þarf að bæta við fyrstu setningunaog fargað á fullnægjandi hátt.
HEV	31	5	Það vantar ákvæði um að dauðhreinsibúnaður skuli vera til staðar. Nú er kominn búnaður þar sem unnt er að setja hlut inn með því sem á að dauðhreinsa og hluturinn litast ef sótthreinsun tókst, þetta er gert í hvert skipti.
HHK	31	5	Hér þarf að koma frekari skilgreining á því hvernig vinnurými sótthreinsunar skuli vera uppbyggð. Hugsa þetta út frá sótthreinsirými tannlæknastofa sem og 4.mgr. 37.gr. draganna.

HER	31	5	Í 5. gr. er lagt til að þvottur þar sem meðferðir og inngríp þar sem hætta er á eða að húð sé rofun, skuli þvottur þvegin að lágmarki við 60-90°C, annarra ráðstafana gæti þurft að gæta við sérstakar aðstæður t.d. á heilbrigðisstofnunum. Í 5. gr. má skoða misunandi eðli starfsemi og krafna um prófun á dauðhreisibúnaðar. Þar sem kröfur eru mestar eru ákveðnar vinnureglur um aðferðir og tíðni.
HER	31	6	Í 6. mgr. þar sem fjallað eru um blandað sótthreinsiefni í ílátum með loki vantar að þau ílát skulu merkt á fullnægjandi hátt með hvaða efni eru í blöndunni og hlutföll, auk hvernær blandan var gerð og/eða notkunartími tilgreindur auk varúðarráðstafna ef slys verður og geymsla í lagi.
HER	31	7	Í 7. gr. þarf að koma skýrar fram að heilbrigðisnefnd geti gert auknar kröfur um búnað við handlaugar t.d. handfrjálсан búnað eftir því sem við á.
HHK	31	8	Þar segir: „Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavini þar sem við á." Þetta ákvæði reglugerðar er mjög opið og gæti leit til ágreinings.
HER	31	8	Í 8. gr. er kveðið á um baðaðstöðu en þar mætti bæta við fataskiptiaðstöðu eða annarri aðstöðu jafnvel aðgreindri á milli viðskiptavina eftir því sem við á.
HHK	32	1	"Sérstakar þvottalaugar skulu vera til hárpvotta og til blöndunar efna" (32. gr. snyrtistofur)- Hvað eru þvottalaugar? Af hverju þarf þvottalaug til hárpvotta á snyrtistofu? Krafa ætti frekar að vera gerð um áhaldavask.
HER	32	1	Snyrtistofur: Hér þarf að sleppa kröfu um sérstakan vask til hárpvotta en frekar að tiltaka kröfur um vaska eftir eðli starfsemi sem gjarnan mætti útfæra nánar í greininni.
HEV	32	1	þvottalaugar til hárpvotta á ekki við á snyrtistofu.
HHK	33	1	"Sérstakur vaskur til hárpvotta" á hársnyrtistofu. Hér er talað um vask en ekki þvottalaug.
HEV	34	2	"Skal hafa lokið viðurkenndu námskeiði" hvað er átt við. Hvað með staðfestingu landlæknis á leyfi til húðrofs?
HEV	34	5	"Handlaug skal vera til staðar í vinnurými" Endurtekning frá 31. gr.
HEV	35	2	Hvað með fjölda fólks per. Baðaðstöðu.
HER	35	4	Sólbaðsstofur: Í 4. gr. er nefnt að yngri en 18 ára séu óheimil aðgengi að sólbaðsstofum í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum. Þetta þarf að skoða sérstaklega ef á að vera inni þar sem HER er ekki kunnugt um að læknar ávísi meðferð á börnum á staði sem ekki eru reknar af öðrum en heilbrigðisstarfsmönnum.
HHK	36	1	Breytingartillaga: Á nuddstofu skal vera gott aðgengi að handlaug og skolvaski ef við á í eða við vinnurými. Baðaðstaða skal vera fyrir viðskiptavini þar sem við á. Aldrei skulu fleiri en 25 gestir vera um hverja snyrtingu."

HER	37	1	Sjúkrastofnun og stofa þar sem framkvæmdar eru aðgerðir: Hér sem áður í athugasemdum við reglugerðardrögin leggur HER til að orðinu sjúkrastofnun verði skipt út fyrir heilbrigðisstofnun og að titill greinarinnar verðir Heilbrigðisstofnun og stofa þar sem framkvæmdar eru aðgerðir. Í 1. mgr. er lagt til að undir þessa grein falli þær stofnanir sem skilgreindar eru sem heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstafsfolk starfar á skv. lögum um heilbrigðisstarfsmenn og lögum um heilbrigðisþjónustu. Þetta þarf einnig að koma skýrt fram í viðaukanum og endurskoða þarf þar töluliði 17, 29, 36, 37, 38, 46 og hvort ætti að vera liður um heilbrigðisstofnanir og svo upptalning hvað er um að ræða og er starfsleyfis og eftirlitsskylt af hálfu heilbrigðisnefndar.
HHK	37	1	Sérkennilegt að tannlæknastofur eru ekki einnig tilgreindar í þessari grein í upptalningu þess sem fellur undir hana. Geri ráð fyrir að þær falli þá undir aðrar sjúkrastofnanir!
HER	37	2	Í 2. mgr. ætti fyrsta setningin ætti fremur að vera að mati HER Nota skal hrein/sóttahreinsuð/dauðahreinsuð áhöld og búnað við meðferðir eftir því sem við á og viðhafa fyllstu smitgát. Einnig þarf að laga orðalag þannig að dauðahreinsaðan búnað eigi að nota þar sem við á s.s. þar sem húð er rofin og á vefi fólks í staðinn fyrir þegar því verður við komið.
HER	37	5	Í 5. gr. þarf að skipta úr orðinu fótaaðgerðastofa í heilbrigðisstofnanna þar sem við á og bæta við handlaug með viðeigandi búnaði. Í stað gott aðgengi að skolvaski er lagt til í tengslum við aðgerðarrými á heilbrigðisstofnunum þar sem fram fara aðgerðir skal vera aðskilið rými með tilheyrandi aðstöðu þar sem áhöld eru hreinsuð.
HER	37	7	Í 7. gr. Er lagt til að orðinu Sjúklingur verði skipt úr fyrir Notendur heilbrigðisþjónustu.
HSL	38	1	Velti fyrir mér hvort ekki sé tímabært að setja kröfu um einbýli? Þetta eru frekar úreltar kröfur almennt – engar stærðarkröfur? Bendi á kröfur fyrir fanga í skammtímagæslu til samanburðar hér í næstu grein. Bendi á viðmið Landlæknis frá 2014 (fann ekkert nýrra – kannski er það til?) sjá slóð: www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item23094/Faglegar_lagmarkskrofur_hjukrunarheimili_27.mars.2014.pdf
HER	38	1	Dvalarheimili: HER gerir athugasemd við að enn er inni og margoft hefur verið gerð athugasemd við, er varðar dvalarheimili sem eru heimili oftast fólks sem glímir við víðtæk heilsufarsvandamál, að 10 heimilismenn deili baðaðstöðu og salernisaðstöðu. Gera ætti kröfu, mögulega með sólarlagsákvæði fyrir eldri heimili, að heimilismenn hafi sér salernisaðstöðu en baðaðstöðu mætti nýta fyrir fleiri ef hún er ekki á hverju herbergi sérstaklega.
HSL	38	2	Hjúkrunar- og dvalarheimili skulu hafa fullbúna baðaðstöðu og fullbúna snyrtingu enda sé ekki fullbúin baðaðstaða og fullbúin snyrting inn af hverju íbúðarherbergi. Skulu aldrei vera

fleiri en tíu heimilismenn um baðaðstöðu með búningsklefa og fullbúna snyrtingu. Handlaug skal vera í herbergjum sé snyrting ekki inn af því. (Þetta er endurtekning á fyrstu málsgrein)

HHK	39	2	Fangelsi og fangagæsla: Í 2. mgr. Er einungis talið upp það hollustuháttaatriði er varðar lýsingu í klefa sem skuli vera fullnægjandi. HER telur að hér eigi annað hvort að sleppa þessu eða vísa til að klefar skulu standast kröfur sbr. A
HHK	39	2	Verið að skerða réttindi fanga miðað við fyrri reglugerð. Búið er að fella út að fangar hafi aðgang drykkjarvatni, snyrtingu og að í skammtímgæslu skuli vera kodd til staðar
HEV	39	2	Hvað með ákvæði um þrif og að fangar fái hrein sængurföt og teppi?
HSL	40	2	Vantar kröfur um öryggisþætti s.s. vegna neyðaráætlanna, slysaskráningar. Vantar einnig kröfur um fjölda snyrtinga og baðaðstöðu.
HSL	42	1	Mætti bæta við verslunarmiðstöðvar.
HSL	42	1	Spurning hvort það ætti að vera sérgrein um samkomuhús og hvaða kröfur eru gerðar til þeirra.
HSL	44	1	Mæti bæta við upptalningu í 6. lið, veitingastaðir.
HER	44	1	Í 1. mgr. er lagt til að <i>skipta út orðinu sjúkrastofnanir á móti heilbrigðisstofnanir</i> (ath. að það vantar að setja tölulið á þær í drögunum). Í 3. tl. Sjá athugasemdir við 3. gr., 19, 26 og 27 tl. Hvað varðar <i>íþróttastarfsemi og líkamsræktastöðvar</i> . Lagt er til að liðurinn sé <i>Íþróttahús/íþróttamannvirki, líkamsræktastöðvar og sund- og baðstaði</i> . Í 7. mgr. þarf að breyta orðalagi þar sem HER telur að rekstraraðilar hjúkrunarheimila eins og það er orðað í greininni, en annars staðar í drögunum dvalarheimili, geti án samþykkis heilbrigðisnefndar komið inn með gæludýr að eigin ákvörðun. Á þessum heimilum í dag býr yfirleitt fólk með margþættan heilsufarsvanda og þarf því að skoða aðstæður á hverjum stað sérstaklega. Varðandi sambýli og annað búsetuform sem mögulega er í fjöleignahúsum þá þarf að fá samþykki sameigenda eftir því hvað um er að ræða og þarf að bæta ákv. laga um fjöleignahús er þetta varðar við málsgreinina. Hér er einnig að mati HER rétt að bent sé á mögulegar heilbrigðissamþykktir um gæludýrahald í viðkomandi sveitarfélagi líka.
HHK	47	1	Þessa grein þarf að ræða. Er hér átt við að heilbrigðifulltrúar fari að öðru jöfnu einungis í boðað eftirlit, ef svo er þá er það nýmæli.
HHK	48	1	Hér hefur myndataka verið tekin út. Þetta þarf að laga, en myndataka kemur reyndar fram í 1.mgr. 49.gr.
HHK	48	1	Hér segir að eftirlit nær m.a. til notkunar og merkingar efna í starfsleyfis- eða skráningarskyldri hollustuháttastarfsemi. Þetta þarf að ræða og fá botn í.

HER	51	2	Varðandi 2. mgr. Vill HER taka fram eins og ítrekað hefur komið fram í umsögnum embættisins að stjórnvaldssektir eiga að vera jafnt á höndum viðkomandi heilbrigðisnefndar varðandi þau fyrirtæki og annað sem er þar undir eftirliti og telur enga þörf á að tilkynna Umhverfisstofnun um slíkt sérstaklega nema í frávíkaskráningum eða öðrum upplýsingum sem Umhverfisstofnun hefur rétt á og/eð þarf að afla sér frá heilbrigðisnefndum.
HER	57	1	Hér sem í gegnum textann í drögunum þarf að ákveða hvort nota eigi orðið fyrirvarsmaður eða forsvarsmaður.
HHK	Ákv. bráða b.		Ræða þarf þynningarsvæði - eða nýrri skilgreiningu á þynningarsvæði. Hvort kveða skuli á um að íbúðarsvæði eða önnur viðkvæm starfsemi sé ekki heimil á svæðum þar sem hætta er á mengun eða hætta neikvæðum umhverfisáhrifum frá atvinnustarfsemi.
HHK	Við- auka		Hér vantar samkomustaði í listann. Samkomustaðir eru heldur ekki í viðauka IV. laga nr. 7/1998. Kannski eru samkomustaðir komnir undir annan lið. Sama athugasemd og hjá 1b hér að ofan.



Reykjavík 21. janúar 2022

HER22010016

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að hollustuháttareglugerð.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) veitir eftirfarandi umsögn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um mál nr. 2/2022 í Samráðsgátt sem birt var 4. janúar 2022 og send HER til umsagnar sama dag og varðar endurskoðun hollustuháttareglugerðar nr. 941/2002 með síðari breytingum.

Almennt:

HER vill í byrjun ávarpa þá óhóflegu bið sem hefur orðið á endurskoðun reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 með síðari breytingum, en í reglugerðinni kveður á um að hún hafi átt að endurskoðast í síðasta lagi 30. júní 2008. Jákvætt er þó að hreyfing sé á málinu enda lengi verið kallað eftir endurskoðuninni. Þetta hefur valdið óþarfa vanda bæði fyrir þá sem reglugerðin beinist að sem og eftirlitsaðila.

HER hefur verið með sérfræðinga að störfum í starfshópum með hléum síðan árið 2007. Á undanförunum árum hefur HER skrifað umsagnir um fyrri drög að breytingum á reglugerðinni, bæði vegna minniháttar breytinga sem meiri, síðast 10. apríl 2017 auk þess að reyna að koma að sínum sjónarmiðum gegnum samstarfsvettvang við Umhverfisstofnun og önnur heilbrigðiseftirlit í landinu

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði starfshóp til að undirbúa heildarendurskoðun reglugerðarinnar árið 2018. Hópurinn skilaði af sér áhersluatriðum sem hópurinn taldi að ætti að hafa til hliðsjónar við endurskoðun reglugerðarinnar. Í skilabréfi starfshópsins til þáverandi umhverfisráðherra dags. 7. maí 2018, voru áhersluatriði starfshópsins rakin sem og mikilvægi þess að Umhverfisstofnun hygði að samræmingu við vinnslu tillagnanna við aðrar reglugerðir, sérstaklega á sviði byggingarmála og matvæla auk þess að lögð yrði áhersla á skýrleika og valdmörk stjórnvalda. HER vekur því sérstaka athygli á umsögn SHÍ hvað varðar að ekki hefur tekist að ná markmiðum starfshópsins og tekur undir þær. Vakin er athygli ráðuneytisins á að þær athugasemdir sem HER sendi SHÍ punkta um og koma fram í umsögn samtakanna, þá voru þær ófyrlesnar og því eru athugasemdir í þessari umsögn hér á eftir uppfærðar og yfirlesnar eins langt og það nær á stuttum umsagnartíma.

Það er skemmst frá að segja að þau drög sem nú liggja fyrir í Samráðsgátt valda vonbrigðum hvað varðar áhersluatriði starfshópsins, að ekki hefur á þessu stigi verið tekið tillit til þeirra. Einnig að takmarkað tillit hefur verið tekið til ítrekaðra athugasemda HER í gegnum árin sem lögð hefur verið gífurleg vinna í að greina og að koma á framfæri. Hér má nefna atriði sem HER hefur áður bent á að skorti í núgildandi hollustuháttareglugerð og starfshópurinn benti líka á að þyrfti að



taka tillit til s.s.; skýrleika, hvaða regluverk er heilbrigðisnefndar að framfylgja, kröfur séu mælanlegar eins og kostur er, að áhersla sé á viðkvæma hópa, að hugtök séu skýr, samræmd og skiljanleg svo dæmi séu tekin.

HER telur að skortur á stefnumörkun í málaflokknum og heildaryfirsýn sé hluti af því að ekki hafi betur tekist til auk þess sem meginlögin nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem hollustuháttareglugerðin byggir á hafi ekki fyrst verið unnin.

Athugasemdir við einstaka greinar:

I. KAFLI

2. gr. Gildissvið: Það vantar s í heilbrigðiseftirlit í fyrstu setningunni. Einnig þarf að athuga orðið hollustuvernd, sjúkrastofnun, heilsurækt o.fl. gegnum skjalið, sjá nánar í athugasemdum við 3. gr.

3. gr. Skilgreiningar. Hér koma athugasemdir við einstaka töluliði. Lagt er til að bætt verið við skilgreiningar og farið yfir þær með hliðsjón af fylgiskjali yfir starfsleyfis- og skráningarskylda starfsemi þannig að öruggt sé að hugtök séu skýr og samræmd.

3. Dýragarður. Lagt er til að felld verið út úr setningunni “....annarra en skrautfiska...” enda falla skrautfiskar undir skilgreininguna gæludýr og dýraverndunarlöggjöf nær til þeirra.

7. Fangelsi og fangagæsla. Laga orðalag “...er stofnun...” í eru stofnanir eða hafa heiti liðarins Fangelsi/fangagæsla.

8. Fjallaskálar eru gististaðir... Lagt er til að sleppa orðinu gististaðir hér vegna hættu á ruglingi við gististaði sbr. skilgreiningu á gististöðum í þessari reglugerð og í löggjöf um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Hægt væri að segja *Fjallaskálar* eru staðir þar sem og svo frv.

9. Frístundaheimili og önnur félagsaðstaða og dægradvöl fyrir börn. Hér er gerð athugasemd við að þessir staðir séu einungis fyrir börn þar sem markmið reglugerðarinnar er að vernda viðkvæma hópa og þeir eru fleiri en einungis börn s.s. aldraðir, sjúkir fatlaðir o.fl. Lagt er til að skilgreiningin verði eftirfarandi: Frístundaheimili og önnur félagsaðstaða og dægradvöl sem eru ætlaðir fyrir börn og aðra hópa eru staðir þar sem skipulögð starfsemi fer fram og eru ekki heilbrigðisstofnanir.

10. Fullbúin baðaðstaða. Hér er gerð athugasemd við að krafa sé um að salerni sé í aðstöðunni þar sem það getur við viss tilfelli verið verra að svo sé t.d. á stofnunum þar sem sérstakrar smitgátar er þörf og eins jafnvel til trafala ef margir deila aðstöðunni vegna nýtingamöguleika. Lagt er til að annað hvort sleppa orðinu salerni eða setja aftan við það “þar sem við á”.

11. Fullbúin snyrting Hér þarf að samræma og samlesa við skilgreiningu á handlaug sbr. athugasemd við tl. 17. Einnig er gerð athugasemd við að heilbrigðiseftirlitið eigi að hafa eftirlit með því að einnota tíðavörur séu til staðar á snyrtingum. Þetta gæti því átt við aðrar einnota vörur s.s. bleyjur þar sem aðstaða er til að skipta á borunum eða fyrir fullorðna sem þurfa slíkt. Einnig verður það að teljast andstætt markmiðum um úrgangsforvarnir að hvetja til notkunar á einnota búnaði.



12. *Færanleg starfsemi.* Lagt er til að bætt verði við skilgreininguna í lokin,þó þarf leyfi lóðarhafa hverju sinni og/eða stöðuleyfi.

14. *Gistiskýli.* Lagt er til að bætt sé við setninguna “.....án þess að greiðsla gesta komi fyrir.....”.

17. *Handlaug.* Hér er lagt til að orðalag sé samræmt miðað við annars staðar í textanum að handlaug sé vaskur sem ætlaður er til handþvotta með rennandi köldu og heitu vatni. Sjá einnig tillögu um *Fullbúna handlaug*.

18. *Heilsugæslustöð.* Hér þarf fyrst og fremst að breyta þessum lið og skilgreina hugtakið *Heilbrigðisstofnun*, sem er hvert það húsnæði/aðstaða sem hvers konar heilbrigðisþjónusta fer fram skv. ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu kveður á um að sé slík. Laga þarf síðan í gegnum textann þar sem heilbrigðisstofnanir eru nefndar sjúkrastofnanir, þar sem verið er að nota neikvætt formerki þess sem heilbrigðisstofnanir standa fyrir. Einnig þarf að laga í textanum og aðgreina heilbrigðisþjónustu frá annarri þjónustu þar sem veittar eru e-s konar líkamsmeðferðir aðrar en heilbrigðisþjónusta. Orðið heilsugæslustöð er eitt af undirheitum heilbrigðisþjónustu og fellur þar undir. Í fylgiskjali skal svo tiltaka hvaða heilbrigðisstofnanir eiga að vera starfsleyfis og skráningarskyldar en einnig að skilgreina heilbrigðisþjónustu sem mögulega á að undanskilja starfsleyfissskyldu t.d. þar sem eingöngu er veitt samtalsmeðferð og engar ífarandi aðgerðir gerðar. Fella má svo niður tl. 38.

19. *Heilsuræktarstöð.* Tillaga er gerð um að fella þetta orð undir undir *Íþróttahús/íþróttamiðstöð* og er húsnæði þar sem fer fram skipulögð íþróttastarfsemi ásamt annarri starfsemi eftir atvikum sem almenningur hefur aðgang að. Hér væru einnig líkamsræktarstöðvar og heilsuræktarstöðvar aðrar en heilbrigðisstofnanir. Önnur tillaga væri að hafa eina skilgreiningu *Líkamsræktarstöð* og það er húsnæði þar sem fer fram skipulögð líkamsræktarstarfsemi ásamt annarri starfsemi eftir atvikum sem almenningur hefur aðgang að m.a. *hvers kyns heilsuræktarstöðvar aðrar en heilbrigðisstofnanir*.

20. *Heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga* eru vistheimili, meðferðarheimili, hjálparstöðvar, neyðarathvörf, sumardvalarheimili og sumarbúðir og önnur heimili sem taka sex eða fleiri börn til uppeldis eða umönnunar til lengri eða skemmri tíma. Lagt er til að breyta þessu og bæta við öðrum viðkvæmum hópum sem þarfnast þessarar þjónustu s.s. vegna fötlunar, aldurs eða sérstakrar stöðu. Einnig þarf að fella orðið „unglinga“ út þar sem það er ekki skýrt við hvaða aldur er átt.

22. *Hollustuvernd.* Lagt er til að breyta þessu orði í *Hollustuháttaeftirlit og hollustuhætti* þar sem á við gegnum textann. Hollustuháttaeftirlit tekur til eftirlits með heilnæmi umhverfis bæði utan sem innandyra, ónæði hvers konar, í þeim fyrirtækjum og stöðum/svæðum sem reglugerð þessi tekur til. Síðan þarf að skilgreina nánar í viðeigandi texta reglugerðarinnar hvað átt er við og auk þess tiltaka mælanlega þætti eins og kostur er.

23. *Húðflúrstofa* og stofa þar sem fer fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr er stofa.....Lagt er til að í stað orðsins stofa verði notað orðið *húsnæði*. Auk þess að felld verði úr textanumþegar húðflúr er afmáð.....þar sem sú aðgerð er gerð á heilbrigðisstofnunum. Hér þyrfti



aftur á móti að bæta við starfsemi þar sem verið er að *sprauta efnum undir húð í fegrunarskyni* og fellur ekki undir heilbrigðisþjónustu (dermafillers, mesotherapy).

26. *Íþróttahús og/eða íþróttamannvirki.* Sjá athugasemd við tl. 19. Lagt er til að fella líkamsræktar- og heilsuræktarstöðvar hvers konar hér undir aðrar en heilbrigðisstofnanir eða að heitið *Líkamsræktarstöð* verði notað í stað heilsuræktarstöð.

27. *Íþróttavöllur.* Lagt er til að felld verði út orðið *með* í setningunnimeð eða án þjónustuhúss. Ef þjónustuhús er við íþróttavöll er um að ræða íþróttahús ásamt íþróttavelli eins og er í flestum tilvikum. Einnig má hugsa sér að þetta ætti einungis við velli utanhúss og það þá tekið fram í skilgreiningunni.

28. *Mannabústaðir.* Lagt er til að þessi grein verði felld út og eins að orðið *mannabústaður* verði hvergi notað í texta reglugerðarinnar. Eins þarf að samræma orðanotkunina í gegnum textann. Lagt er til að orðið *íbúðarhúsnæði* verði notað þar sem um einkaheimili fólks er að ræða og hins vegar *húsnæði eða hýbýli* sem ætlað er til búsetu eða dvalar, sem reglugerð þessi tekur til. Skilgreina þarf almennar kröfur til húsnæðis og á við búðarhúsnæði eftir því sem á við og með mælanlegum þáttum innivistar. Hér ætti líka húsnæði að taka til frístundahúsa án þess að sérstakur kafli sé um það síðar í textanum. Það á bara að vera eftirlitsskylt ef beiðni um skoðun berst heilbrigðiseftirliti. Síðan að tilgreint sé sérstaklega hvað á við þegar um gististaði hvers konar er að ræða sbr. þá löggjöf og heilbrigðisnefnd á að hafa eftirlit með.

31. *Nálastungustofa.* Lagt er til að breyta orðalagi og fella útí *lækningarskyni*..... því slík starfsemi er heilbrigðisþjónusta og á að vera undir skilgreiningunni heilbrigðisstofnun ef nálastungur eru stundaðar þar. Legg til að setningin hljóði svonaí *fegrunar- eða meðferðarskyni öðrum en heilbrigðisstofnunum*.

32. *Nuddstofa.* Lagt er til að breyta orðalagi þannig að nuddstofa er stofa þar sem boðið er upp á nudd á öðrum stofum en heilbrigðisstofnunum.

35. *Samgöngumiðstöð.* Skoða þarf hvort ekki þurfi að bæta við í setningunasem þjónustar almenning þar sem bílar *aðrir en leigubílar*.....þar sem í tl. 1 eru leigubílar eru ekki skilgreindir sem almenningssamgöngutæki.

36. *Samkomustaður.* Lagt er til að bæta við upptalningunni *Samkomusalir* sbr. skilgreiningu þeirrar löggjafar.

37. *Skemmtigarður.* Hér þarf að laga orðalag því líklega er ekki vilji til að gera alla garða starfsleyfissskylda sem eru aðgengilegir almenningi með eða án tækja. Lagt er til að orðið *án* verði felld út og bætt viðsem eru aðgengilegir almenningi *með tækjum og/eða þjónustu sem reglugerð þessi tekur til*.

38. *Sjúkrastofnun.* Lagt er til að hér sé notað orðið *Heilbrigðisstofnun* og lagað alls staðar í textanum, sjá nánar athugasemd við tl. 18.

39. *Skipulögð affþreyingastarfsemi.* Hér á skilgreiningin einungis við skipulagðar ferðir utanhúss. Skilgreiningin þarf líka að taka til affþreyingarstarfsemi innanhúss s.s. trampólíngarða, tívolía,



klifurveggja og slíks sem krefst sérstakrar aðstöðu og búnaðar sem varðar öryggismál o.fl. sem reglugerð þessi tekur til þ.á.m. heilnæmi innanhússumhverfis.

40. *Skolvaskur* Lagt er til að í stað „vaskur til að skola búnað og áhöld“ komi „vaskur til að þrifa á fullnægjandi hátt búnað og áhöld.

41. *Skólahúsnæði fyrir börn*. Hér þarf að taka út orðin *fyrir börn*. Það liggur fyrir að t.d. í framhaldsskólum eru bæði börn og fullorðnir og því erfitt að sjá hvernig það ætti að útfærast varðandi starfsleyfi og eftirlit að óbreyttu. Lagt er til að liðurinn heiti *Skólahúsnæði eða Skólar* en sé að öðru leyti eins en háskólar, sérskólar o.þ.u.l. bætist við en að slíkir skólar sem eru með færri fullorðna nemendur en 6 eða 10 séu ekki starfsleyfisskyldir. Undir þetta ætti einnig að falla ýmis fræðslustarfsemi fyrir sérstaka/viðkæma hópa s.s. fatlaða.

42. *Snyrting*. Hér er notað orðið rými en annars staðar herbergi og lagt til að samræma það. Hér vantar að bæta við varðandi handlaug *að hún sé með heitu og köldu vatni*.

43. *Snyrtistofa* í stað orðsins líkamssnyrtingar komi líkamsmeðferð sem á betur við starfsemi sem fer fram á snyrtistofum s.s. trimform, sogæðanudd o.fl. samsvarandi. Einnig er lagt til að þetta eigi ekki aðeins við ef gjald er tekið fyrir þjónustuna. Skoða þarf víðar í reglugerðinni hvort skipti máli út frá hollustuháttum og öryggi almennings hvort gjald er tekið fyrir þjónustuna eða ekki.

44. *Starfsleyfi* Ekki gerð athugasemd við skilgreiningu á starfsleyfi en bent á að skilgreina skráningu fyrirtækja og mun á skráningu og starfsleyfi ef einhver er.

47. *Tjald- og hjólhýsasvæði*. Lagt er til að bæta við setningu Ef aðstaða og þjónusta er á svæðinu sem reglugerð þessi tekur til s.s. sundlaug, veitingaþjónusta eða annað sem heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með gilda ákvæði þeirra reglugerða um hana. Einnig ætti að fella niður „*gegn gjaldi*“ sjá fyrri athugasemd.

Skilgreiningar sem þarf að bæta við en er ekki tæmandi upptalning:

Mikilvægt er að samlesa skilgreiningar með listanum yfir starfsleyfis- og skráningarskylda starfsemi til að tryggja að samræmi sé í hugtakanotkun. Einnig að fara vel yfir texta í reglugerðinni og samræma hugtakanotkun en einnig til að tryggja að hugtök séu skilgreind sé þess nokkur þörf.

Fullbúin handlaug er vaskur ætlaður til handþvotta með rennandi köldu og heitu vatni þar sem sérstakrar smitgátar er þörf s.s. á heilbrigðisstofnunum og þar sem unnið er með matvæli og á öðrum stöðum þar sem hætta er á húðrofi eða húðrof á sér stað. Hér þurfa að vera handfrjáls búnaður, s.s. blöndunartæki, fljótandi handsápa, einnota handþurrkur og sótthreinsandi sápa eða lögur eftir því sem við á.

Lagt er til að alls staðar í textanum þar sem kemur fram “*og sambærileg starfsemi*” verði felld út og frekar talið upp allt sem gæti fallið undir viðkomandi skilgreiningu eins og kostur er. Einnig þarf að vera möguleiki að meta nýja starfsemi sem kemur fram og því er lagt til að bætt verði við “*önnur starfsemi sem að mati Umhverfisstofnunar ætti að vera eftirlits, skráningar- eða starfsleyfisskyld*”.



Samþýli Þetta hugtak þarf að skilgreina þar sem starfsemi og fyrirkomulag hefur breyst frá því núgildandi reglugerð kom út.

Heilsuspillandi húsnæði þarf að skilgreina og önnur hugtök sem notuð eru til að lýsa ástandi húsnæðis.

Dvalarheimili þarf að skilgreina.

Fristundahús/-byggð er ekki skilgreint en víða gegnum plaggið með ýmsu orðalagi. Á heilbrigðisnefnd yfirleitt að hafa eftirlit með slíku nema bara eins og hverju öðru húsnæði ef kvartað er. Lagt er til að skilgreiningar verði eins og í lögum um fristundabyggð.

II. KAFLI

5. gr. Umhverfisstofnun: Hér vekur athygli að í 1. mgr. hefur orðinu með *likum* hætti verið breytt í *sama* hátt. HER hefur ekki heyrt á þessum tímapunkti að aukin áhersla verði lögð á þennan þátt hjá Umhverfisstofnun en væri jákvætt að svo væri. Einnig er jákvætt að stofnunin skuli sérstaklega eiga að gæta að hagkvæmni í eftirliti og að fyrirbyggja tvíverknað. HER telur þetta atriði sérstaklega renna stoðum undir þá skoðun HER að heilbrigðiseftirlitin í landinu hafi sem mesta beina aðkomu að málum er varða lögbundið hlutverk þeirra en ekki að Umhverfisstofnun sé milliliður þegar þess gerist ekki þörf. Hér má nefna fyrirhugaða breytingu á lögum nr. 7/1998 sem nýlega var til umsagnar um að færa heimild ráðherra til að veita fyrirtækjum bráðabirgðaleyfi til Umhverfisstofnunar. Eins og umsögn HER hljóðaði um það atriði þá ætti slíkt í þeim tilfellum sem heilbrigðisnefnd er starfsleyfisútgefandinn að vera sá aðili sem hefur heimildina. Eins varðar þetta hugmyndir löggjafans um skráningaskyld fyrirtæki að þau eigi fyrst að skrá sig hjá Umhverfisstofnun sem svo tilkynni viðkomandi heilbrigðiseftirliti um skráningarnar þar sem skráningareglugerðin kveður á um að heilbrigðisnefnd fari með eftirlitið og þurfi að sjálfsgöðu að skrá fyrirtækið hjá sér. Allir sem það vilja sjá að þetta er langt í frá nokkuð sem fyrirbyggir tvíverknað eða einfaldar stjórnsýslu. Í 2. mgr. kemur fram að heilbrigðisnefndum beri að fylgja viðmiðunarreglur og leiðbeiningar sem Umhverfisstofnun gefur út. Þetta þarf að skoða nánar. HER telur mun jákvæðara og líklegra til árangurs að umorða þetta þannig að Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlitin vinni saman að leiðbeiningum sem viðkomandi samþykkja að gildi. Hins vegar um viðmiðunarreglur þá telur HER að slíkar reglur þurfi að binda í löggjöfina þannig að hægt sé að gera kröfur skv. þeim og því Umhverfisstofnun ekki til þess bær aðili frekar en heilbrigðisnefndir. Stofnanirnar gætu vissulega komið með tillögum að slíku. Því leggur HER til að þessari málsgrein verði breytt.

6. gr. Heilbrigðisnefnd: Lagt er til að í 2. mgr. verði orðinu *lífsskilyrðum* breytt í *lífsgæði* sbr. markmiði reglugerðarinnar.

III. KAFLI

7. gr. Starfsleyfi og skráning: Í 1. mgr. Gæta þarf samræmis við viðauka IV í lögum nr. 7/1998 þegar vísað er til starfsemi sem talin er upp í viðauka. Í 2. mgr. er lagt til að til samræmis við 3.



mgr. Að bætt verði við í lokin að starfsleyfi taki ekki gildi fyrr en starfsleyfisgjald hafi verið greitt.

8. gr. Umsókn um starfsleyfi: HER leggur til að nánar verði útskýrt í greininni hvað rekstraraðili skal tryggja að fylgi umsókninni, staðfesting á að samþykktar byggingarnefndateikningar fylgi umsókn sem og að heimild sé í skipulagi fyrir viðkomandi starfsemi, sjá einnig tillögu um breytingar á 9. gr. í samræmi við þetta.

9. gr. Útgáfa starfsleyfis: Í 1. mgr. er lagt til að sleppa síðustu setningunni en kemur krafan fram miðað við tillögu HER í 8. gr. eða breyta og orða *Rekstraraðili skal staðfesta með starfsleyfisumsókn að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist ákvæði skipulags*. Í 4. mgr. kemur fram að heilbrigðisnefnd skuli vinna tillögur að starfsleyfi og að auglýsa á vefsíðu sinni. HER telur þetta valda óþarfa flækjustigi og telur enga ástæðu fyrir að auglýsa skuli starfsleyfi skv. Hollustuháttareglugerð enda eiga þau öll að standast kröfur reglugerðarinnar sem og kröfur í gildandi skipulagi og hafa samþykkar teikningar hjá viðkomandi byggingarfulltrúa. Svona krafa er mjög íþyngjandi fyrir atvinnulífið auk þess sem flækjustig eykst talsvert. Reynsla af auglýsingum starfsleyfa skv. reglugerð nr. 550/2018 styður þessa skoðun HER um mjög svo aukið flækjustig er að ræða að óþörfu hjá vissum fyrirtækjaflokkum, Hins vegar má skoða hvort viss starfsleyfi fyrirtækja skv. áhættumati þegar það er tilbúið ættu ekki að vera auglýsingaskyld s.s. vissar heilbrigðisstofnanir og jafnvel fyrirtæki sem eru í eða við íbúðabyggð og eru líkleg til að valda ónæði s.s. skemmtistaðir.

10. gr. Gildistími starfsleyfa: Lagt er til í 1. mgr. að tími verði skilgreindur eins og hægt er miðað við áhættumatið þegar þar að kemur. Eins mætti orða greinina almennt*þó aldrei lengur en 12 ár*. Í 2. mgr. mætti huga að því hvort hægt væri að skilgreina hvað átt er við með umfangsmiklum breytingum til að samræma endurskoðunarþátt starfsleyfa sem mest. Er hér t.d. átt við breytingar þar sem teknir eru inn nýir rekstrarþættir sem eru starfsleyfis skyldir einir og sér o.fl. Einnig þyrfti að vera heimild til að yfirtaka starfsleyfi ef nýr rekstraraðili tekur við en ekki verða aðrar breytingar.

IV. KAFLI

11. gr. Breytingar á starfsemi. Þar sem segir að rekstraraðila beri að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar með hæfilegum fyrirvara um fyrirhugaðrar breytingar um ákvæði er varða starfsleyfi þarf þetta einnig koma fram hvort þetta eigi ekki einnig að gilda um skráningarskylda starfsemi. Eins væri eðlilegt að hafa viðmið um hvað telst hæfilegur fyrirvari.

12. gr. Reglufylgni: Í 1. mgr. þar sem talin eru upp önnur lög og reglugerðir og varða hollustuhætti eru lög um kynrænt sjálfræði nefnd. Lagt er til að þeim verði sleppt enda ekkert í eftirliti með starfsleyfis skyldum fyrirtækjum skv. Hollustuháttareglugerð eða útgáfu starfsleyfa sem hefur með kynrænt sjálfræði að gera eða brot á þeirri löggjöf.

13. gr. Öryggisþættir: Lengi hefur verið kallað eftir auknum skýrleika hvað þeir öryggisþættir sem heilbrigðisnefnd á að framfylgja taka til. Þar sem tæki og búnaður er nefndur í greininni og rekstraraðili á að taka ábyrgð á að sé í lagi telur HER nauðsynlegt að þetta verði skilgreint betur og ekki síst m.t.t. Vinnueftirlits og þess sem það hefur eftirlit með. Lagt er til að varðandi tæki og



búnað að bætt verði við þar*annan en þann sem aðrar eftirlitsstofnanir hafa eftirlit með.* Hér er alls lags vélrænn búnaður sem Vinnueftirlitið hefur eftirlit með í t.d. sumum leiktækjum/afþreyingartækjum, Landlæknisembættið t.d. á lækningatækjum o.s.frv.

14. gr. Hreinlæti og smithætta: Í 2. mgr. er lagt til að fella út orðið sjúkdóm og sameina það þannig að einungis standi *smitsjúkdóm*. Aðrir sjúkdómar koma heilbrigðisnefndum varla við. Einnig þarf að bæta við setninguna*smitsjúkdóm, hættu vegna eitrefna eða annars sem getur ógnað öryggi starfsfólks eða viðskiptavina.* Í 3. mgr. er lagt til að einföldun þannig að upptalningu sé sleppt á ýmsum rekstarformum og einungis sagt að *starfsfólk sem starfar á stöðum sem reglugerð þessi taki til skuli stunda persónulegt hreinlæti og klæðast hreinum vinnufatnaði við störf sín.* Einnig er lagt til að í síðustu setningunni verði orðin *eða kvilla* tekin burt. Ekki er ljóst hvaða kvillar fólks það eru sem heilbrigðisnefnd ætti að hafa eftirlit með hjá starfsfólki annað en tekur til smithættu eða öryggismála annarra er varðar almenna hollustuhætti.

Almennt þarf að endurskoða orðalag þessarar greinar. T.d. væri í stað þess að telja upp tiltekna starfsemi þar sem starfsfólk á m.a. stunda persónulegt hreinlæti og klæðast hreinum hlífðarfatnaði betra að segja að þessi ákvæði gildi um alla starfsemi sem reglugerðin tekur til.

16. gr. Húsnæði: Varðandi þessa grein almennt þá gerir HER tillögu um að sett verði viðmiðunarmörk um loftskipti, hitastig í húsnæði þar sem fólk dvelst lengri eða styttri tíma miðað við aðstæður, raka, hávaða, lýsingu, agnir o.s.frv..... eða að það komi í íbúðarhúsnæðiskaflanum. Eins að skilgreind verði hugtök sem notuð eru um húsnæði m.t.t. heilsu, s.s. heilsuspillandi, hættulegt heilsu. Þar verði tekið tillit til viðkvæmra hópa.

Í 1. mgr. þarf að bæta við að húsnæði í útleigu sem íbúðarhúsnæði, skuli vera samþykkt sem slíkt. Sjá einnig athugasemdir við 28. tl. 3. gr. Í 4. mgr. er lagt til að sleppa allri upptalningu á einstaka rekstrarformi og að málsgreining verði einungis að þannig að húsnæði eftirlitsskyldra staða skulu vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúðarhúsnæði, nema annað sé sértaklega tekið fram. Í 6. mgr. um vatnskerfi þarf að bæta við öðrum viðkvæmum hópum en börnum s.s. að á stofnunum þar sem viðkvæmir einstaklingar búa/dvelja geti heilbrigðisnefnd gert kröfur um hitastýrð blöndunartæki á handlaugar, í steypiböðum og baðkerum sem þeir nota. Einnig þarf að bæta við greinina að huga skuli að (eða heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um) skolun vatnslagna reglubundið þar sem viðkvæmir einstaklingar dvelja, við ákveðið hitastig, þar sem lítil notkun er á kerfinu til að koma í veg fyrir vöxt örvera. Einnig mætti íhuga af hverju ekki er almennt sagt í byrjun að hitastig vatns við töppunarstaði þar sem almenningur, gestir, vistmenn og börn hafa aðgang að skuli ekki fara yfir 43°C og svo koma með það sem er sérstakt við staðina þar sem yngstu börnin eru. Þar ætti jafnvel að sleppa orðinu leikvellir. Breyta þarf orðalaginu um að vatn skuli að öðru leyti uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar og er tillaga HER að segja nánar um hvað heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með eða að nota orðin *vatnslagnir og hitastig í stað vatns*. Um vatn af ýmsum toga gildir annað regluverk sem heilbrigðisnefndir framfylgja. Í 7. mgr. er lagt til að upptalningar á ýmsum tegundum rekstrar sé sleppt. Ef ekki að orðið mannabústaður verði felld brott og notað húsnæði (eða hóbýli og hvers konar húsnæði sem reglugerð þessi tekur til) í staðinn. 9. mgr. er í raun endurtekning á 2. mgr. og mætt fella 9. mgr. brott en bæta við í 2. mgr. m.a. við *framkvæmdir*. 10. mgr. þarf að umörða því í einhverjum tilvikum er ekki hægt að komast hjá því að framkvæmdir við hreinsun geti leitt il óþrífnaðar og ónæðis meðan á þeim



stendur og ekki hægt hindra fólk í að halda eignum sínum við þótt það geti valdið tímabundnu ónæði. En hins vegar eðlilegt að lágmarka ónæði í slíkum tilvikum. Í 11. mgr. þarf að bæta viðoddhvöss *áhöld* og tæki. Sleppa á 13. mgr. þar sem hún á ekki við það sem hollustuháttareglugerð tekur til er varðar eftirlit og útgáfu starfsleyfa, sjá nánar athugasemdir undir 12. Gr. Bæta þarf við ákvæði um viðhald og hreinsun loftræstikerfa í íbúðarhúsnæði en ekki er nóg að það sé gerð krafa um slíkt í innra eftirliti hjá fyrirtækjum sbr. 15. gr.

17. gr. Lóðir og önnur opin svæði: Í 3. mgr. er kveðið á um að heilbrigðisnefnd skuli tilkynna lóðareiganda eða eiganda lausamunar um málið, svo tryggt sé að hlutaðeigandi hafi fengið vitneskju um málið til að bregðast við áður en hluturinn er fjarlægður. HER leggst alfarið gegn þessari nálgun. Lagt er til að mgr. verði breytt þannig að kveðið sé á um að *heilbrigðisnefnd geti látið fjarlægja númerslausa bíla, lausamuni, bíflök eða hluti að undangenginni viðvörun svo sem með álímingarmiða með aðvörunarorðum og fresti til viðbragða af landi viðkomandi sveitarfélags. Varðandi hluti s.s. númerslausa bíla á einkalóðum er heilbrigðisnefnd heimilt að líma aðvörunarmiða á þá ef mengunarhætta stafar af hlutnum. Að öðru leyti gilda ákvæði xx gr. Um almenna umgengi á lóðum og lög um fjöleignahús þar sem við á.*

18. gr. Snyrtingar: Í 1. mgr. þarf að fjarlægja síðustu setninguna þar sem heilbrigðisnefnd framfylgir ekki lögum um kynrænt sjálfræði þar sem þau hafa ekki með hollustuhætti að gera. Heilbrigðisnefnd hefur aðeins framfylgt ákvæði í 15. gr reglugerðarinnar þar sem segir að þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salerni vera aðgreind fyrir konur og karla en að öðru leyti ekki haft afskipti af því að salerni séu kynjagreind enda hefur það ekkert með hollustuhætti að gera og því þarf að fjarlægja 6. mgr. Athygli vekur í þessu samhengi að salerni fyrir fatlaða er ekki nefnt. Eina aðkoma heilbrigðisnefndar að skiptingu salerna á milli einstakra aðila er þar sem kveðið er á um sérstaka starfsmannasnyrtingu á veitingastöðum. Að öðru leyti eiga salerni að vera útbúin og þrífín þannig að ekki valdi óhollustu.

V. KAFLI

19. gr. Staðsetning mannabústaða: Lagt er til að orðinu mannabústaðir verði skipt út á móti húsnæði (eða híbýli) og þá um leið heiti greinarinnar. Einnig kemur fram í heiti kaflans o.fl. sem ekki er ljóst hvað er átt við. Í 1. mgr. Fristundasvæði og -húsabyggð er nefnd á nokkrum stöðum í textanum en HER telur að slík svæði eða hús séu ekki sérstaklega undir eftirliti heilbrigðisnefnda nema almennt hvað viðkemur leiksvæðum, beiðnum um húsnæðisskoðanir eða annað það sem reglugerðir tekur til s.s. vatnsból, vatnsveita, fráveita o.fl. Einnig er bent á að skipta úr orðinu gistihúsa í *gististaði aðra en heimagistingar*, en gististaðir eru yfirheiti um alla flokka gististaði og heimagistingar féllu út úr starfsleyfis heilbrigðisnefnda fyrir nokkru. Í upptalningu á ýmsum hollustuháttaatriðum s.s. hita, raka o.s.frv. mætti bæta við *lýsingu og svo að sett verið mælanleg gildi eins og hægt er fyrir þessi atriði*. Í síðustu setningu 1.mgr. vantar stórt S í sveitarstjórn. Í 2. mgr. þarf að opna á nýjar fráveitulausnir s.s. þar sem ekki þarf siturlögn.



20. gr. Íbúðarhúsnæði: Í 1. mgr. eru taldir upp ýmsir þættir sem þarf að skoða og setja inn viðmiðunarmörk um til að gera eftirlit skilvirkar og eins að rekstraraðilar hafi betri leiðbeiningar um hvað er að ræða. HER telur óásættanlegt að vísað sé til annars regluverks eins og gjarnan hefur verið gert gegnum tíðina þar sem heilbrigðisnefnd hefur engar heimildir til að gera kröfur skv. HER lýsir sig tilbúið að vinna með Umhverfisstofnun að þessu. Í 2. mgr. er í fyrstu setningunni vísað til 17. gr. en á að vera 16. gr. Síðan kveðið á að leigusala leiguhúsnæðis skuli boðið að vera með í húsnæðisskoðunum. Þetta þarf að taka út eða breyta. Ekki eru nefndir eigendur í þessu samhengi en málsgreinin á við allt húsnæði. Hins vegar mælir HER ekki með að þetta sé skylda en gæti mögulega verið eftir eðli máls að eigendur íbúðarhúsnæðis séu viðstaddir en þá alltaf í samráði við umráðamann húsnæðisins. Enn fremur er ítrekað að skilgreina þarf hvað átt er við með heilsuspillandi, fullnægjandi m.t.t. hollustuhátta o.s.frv. Einnig þarf að tilgreina lágmarkskröfur til íbúðarhúsnæðis s.s. rými á íbúa.

21. gr. Starfsmannabústaðir: Í 2. mgr. kemur fram að starfsmannabústaðir fyrir fjóra eða færri skulu fullnægja almennum kröfum um íbúðarhúsnæði eftir því sem við á. Skv. skilgreiningu á starfsmannabústöðum er um varanlegt húsnæði að ræða og því óskiljanlegt að það eigi ekki að uppfylla almennar kröfur eftir því sem við á hvort þar búi einn eða fleiri. *Lagt er til að þessu verði breytt í samræmi við það. Eins að í setningunni þar sem vísað er til byggingarreglugerðar að vísað sé til 20. gr. hollustuháttareglugerðar og annars sem á við skv. henni.* Önnur setningin í málsgreininni er *endurtekning* á 1. mgr. og á að sleppa. Athuga þarf kröfur um að eitt salerni fyrir hverja 10 íbúa sé nægjanlegt miðað við nútíma kröfur um aðbúnað. Fróðlegt væri að vita hvað þarna er verið að miða við.

22. gr. Starfsmannabúðir: Í 5. mgr. kemur fram framsalsheimild til Vinnueftirlitsins. HER leggur til að slíkt ákvæði verði sér grein og nánar útfært. Athugasemd um fjölda salerna við 21. gr. á einnig við hér.

24. gr. Fjallaskálar: Í 3. mgr. þar sem fjallað er um yfirborðsvatn sem leitt er í krana þarf að breyta orðalagi. HER leggur til að það skuli merkja sérstakleg þannig að vatnið standist ekki kröfur reglugerðar um neysluvatn og leiðbeiningar við hæfi til notenda ef nota á vatn til neyslu á einhvern hátt s.s. suðu.

25. gr. Frístundahús: Í skilgreiningakaflanum er frístundahús ekki skilgreint en skv. lögum um frístundabyggð er það skilgreint m.a. sem hús utan þéttbýlis sem aðallega er nýtt til að fólk geti dvalist þar tímabundið til að eyða frítíma sínum og þar sem að öðru jöfnu er óheimilt að hafa skráð lögheimili. Erfitt er að sjá aðkomu heilbrigðisnefnda að þessu nema að hún sé sérstaklega kölluð til skoðunar ef notendur senda inn ábendingar um að húsnæðið standist ekki kröfur. Stað HER telur nóg að einkaaðilar og félagasamtök hafi heimild í skipulagi og samþykktar byggingarteikningar fyrir mannvirkjum sem þessum. Staðsetning frístundahúsa er skipulagsmál og því erfitt fyrir heilbrigðisnefnd að gæta þess sérstaklega að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir hættu eða ónæði eins og tekið er fram í 1.mgr. Hins vegar gætu mögulega verið vatnsból eða vatnsveita og önnur þjónusta á svæði skipulögðu fyrir frístundabyggð sem regluverk heilbrigðisnefnda tekur til og þarf að tiltaka.



26. gr. Gistiskýli: Óþarfi er að tiltaka það sem fram kemur í fyrstu tveimur setningum 1. mgr. Enda er það tiltekið í 16. gr. Og á við allt húsnæði. Athygli vekur að rúm í gistiskýlum á að vera 80 cm breitt en gerð er krafa annars staðar um 90 cm breið rúm. Orðið gistiskýli er ekki til í byggingarreglugerð en orðið gistiskáli aftur á móti, lagt er til að samræma þetta. Hér er lýsing nefnd sem er vel og mætti gjarnan setja hana í almenna textann sjá athugasemdir við 19.gr.

27. gr. Tjald- hjólhýsasvæði og úthátíðir: Í 2. mgr. kemur fram að öryggisgæla skuli vera nægileg. Þetta þarf að skýra betur að mati HER. Í 5. og 7. gr. er tekið fram að salerni skulu vera snyrtingar með aðgengi fyrir fatlaða en hér er ekki nefnd ákvæði laga um kynrænt sjálfstæði sem HER hefur gagnrýnt að sé með í fyrri greinum og eigi að taka út. Í þeim greinum er hins vegar ekki tekið fram að salerni skulu vera aðgengileg fötluðum. Taka þarf til í þessum greinum öllum og samræma. Skilgreiningar á fjölda salerna og þvagstæða er hægt að einfalda.....

VI. KAFLI

28. gr. Almenn ákvæði: Í 3. mgr. er lagt til breytt orðalag þannig að rekstraraðili skuli tryggja öryggi og koma í veg fyrir slys. Hann skal setja starfsreglur (innra eftirlit) hvað varðar lóð, innréttingar og búnað eftir því sem við á. Í 4. mgr. Er lagt til að leiksvæðum þar sem slysaætla í umhverfinu er til staðar verði bætt við þá staði þar sem heilbrigðisnefnd getur krafist girðinga. Í 5. mgr. Þar sem leiðbeiningar Umhverfisstofnunar eru nefndar og að við eftirlit skuli fara að þeim þarf að skýra betur að rekstraraðili skuli sjá til að leiðbeiningum sé fylgt um allt er varðar öryggi á stöðum þar sem rekin er þjónusta fyrir börn. Hins vegar fundust þessar leiðbeiningar ekki á vef stofnunarinnar. Um daggæslu barna í heimahúsum er tekið fram að gildi ákvæði reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum. Skýrt þarf að vera hvort með þessu ákvæði sé litið svo á að heilbrigðisnefndir eigi og hafi heimild til að framfylgja þeirri reglugerð. Betra væri að tilgreina í hollutsuháttareglugerð hvaða kröfur eru gerðar.

29. gr. Húsnæði og aðbúnaður: Í 1. mgr. er spurning hvort ekki þyrfti að umorða þannig að hljómburður og hljóðeinangrun sé þannig að þeir sem dvelja í húsnæði og stofnunum sem kaflinn taki til hljóti ekki skaða af. Einnig mætti vísa til reglugerðar um hávaða hvað varðar viðmiðunargildi. Í 2. mgr. væri mun skýrara að taka fram lágmarksrými á nemanda í leik og grunnskólum ef heilbrigðisnefnd á að framfylgja slíku ákvæði. Einnig þarf að tilgreina með nákvæmari hætti hvernig aðstaða þarf að vera til tómtunda og innileikja. Einnig væri rétt að tilgreina lágmarksbúnað, aðstöðu og rými þar sem börn hvílast og sofa og kröfur um hreinlæti þær. Í 6. mgr. vantar að nefna þann sið að börn eru látin sofa úti t.d. hjá dagmæðrum og þarf því að tiltaka hvaða aðstæður og aðbúnaður þarf að vera til staðar til að tryggja öryggi og vellíðan barnanna, s.s. aðstöðu til geymslu á vögnum.

30. gr. Skólahúsnæði fyrir börn: Í 1. mgr. Þar sem lækningastofa er nefnd þarf að breyta því orði í heilbrigðisstofnun að öðrum kosti þarf að skilgreina hugtakið lækningastofa sem kemur aðeins fyrir á þessum eina stað í reglugerðinni en einnig kemur orðið dýralækningastofa fyrir í viðauka. Í 3.mgr. kemur fram að á leikskólum skuli vera handlaug ætluð fullorðnum og skolvaskur. Líklegast er þarna átt við að þessi aðstaða eigi að vera á snyrtingum barna og í aðstöðu þar sem skipt er á börnum. Þetta þarf að umorða og lagt er til að notað verði orðalag í



núgildandi reglugerð þar sem segir “*Salerni og handlaugar skulu vera við hæfi barna eftir því sem við á*”. Auk þess skal þar vera handlaug ætluð fullorðnum og skolvaskur og þar sem við á skal vera *aðstaða til að skipta á börnum*”.

VII.KAFLI

31. gr. Starfsemi sem viðhafa skal sértakt hreinlæti og smitgát: Í 1. mgr. er lagt til eftirfarandi orðalag *Undir þessa grein fellur öll starfsemi sem reglugerð þessi tekur til þar sem starfsfólk, tæki, áhöld og búnaður getur komist í snertingu við viðskiptavinum þ.á.m. snyrtistofur hvers konar þ.m.t. húðflúrstofur sjá gr. 34 og heilbrigðisstofnanir eftir því sem við á, sjá 37. gr. um heilbrigðisstofnanir eins og HER leggur til að stofnanir sem nefndar eru sjúkrastofnanir í drögunum verði kallaðar. Í 3. mgr. er lagt til orðalagið *Starfsfólk skal gæta ýtrasta hreinlætis við störf sín ekki síst fullnægjandi handhreinsun fyrir og eftir snertingu við viðskiptavin og meðferðir og inn grip hvers konar. Sama á við um meðhöndlun matvæla. Hanskar skulu notaðir á réttan hátt þar sem við á.* Í 4. mgr. þarf að bæta við fyrstu setningunaog fargað á fullnægjandi hátt. Í 5. mgr. er lagt til að þvottur þar sem meðferðir og inn grip eru og þar sem hætta er á eða að húð sé rofin, skuli þvottur þvegin að lágmarki við 60-90°C, aðrar ráðstafanir gæti þurft að gera við sérstakar aðstæður t.d. á heilbrigðisstofnunum. Í 5. mgr. má skoða misunandi eðli starfsemi og kröfur um prófun á dauðhreinsibúnaði. Þar sem kröfur eru mestar eru ákveðnar vinnureglur um aðferðir og tíðni. Í 6. mgr. þar sem fjallað eru um blandað sótthreinsiefni í ílátum með loki vantar að þau ílát skulu merkt á fullnægjandi hátt með hvaða efni eru í blöndunni og hlutföll, auk hvenær blandan var gerð og/eða notkunartími tilgreindur auk varúðarráðstafna ef slys verður og að geymsla sé í lagi. Í 7. mgr. þarf að koma skýrar fram að heilbrigðisnefnd geti gert auknar kröfur um búnað við handlaugar t.d. handfrjálсан búnað eftir því sem við á. Einnig að heilbrigðisnefnd geri kröfur efir eðli og umfangi starfseminnar. Í lista yfir nauðsynlegan búnað vantar t.d. að gera þurfi kröfu um skolvask vegna fótaþvottar á fót snyrtistofum. 8. gr. er kveðið á um baðaðstöðu en þar mætti bæta við fataskiptiaðstöðu eða annarri aðstöðu jafnvel aðgreindri á milli viðskiptavina eftir því sem við á. Hér er vísað til smitgátar en ekki kynjaskiptingar.*

32. gr. Snyrtistofur: Hér þarf að sleppa kröfu um sérstakan vask til hárfvotta en frekar að tiltaka kröfur um vaska eftir eðli starfsemi sem gjarnan mætti útfæra nánar í greininni.

32. gr. Húðflúrstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr: Hér þarf að skilgreina betur hvað telst viðurkennt námskeið og mögulega kröfur um símenntun. Tilgreina þarf betur hvaða upplýsingar viðskiptavinir eiga að fá skriflegar en ekki eingöngu munnlegar s.s. varðandi húðflúrliti. Einnig hvort rétt sé að haldinn sé tímabundin skrá um aðgerðir, hver framkvæmdi, hvenær, á hvaða líkamshluta. Skilgreint verði hvernig slíkar upplýsingar væru geymdar og í hvað langan tíma.

35. gr. Sólbaðsstofur: Í 4. gr. er nefnt að yngri en 18 ára séu óheimil aðgengi að sólbaðsstofum í öðrum tilgangi en læknisfræðilegum. Þetta þarf að skoða sérstaklega ef á að vera inni þar sem HER er ekki kunnugt um að lækna ávísi meðferð á börnum á staði sem eru reknir af öðrum en heilbrigðisstarfsmönnum.



37. gr. Sjúkrastofnun og stofa þar sem framkvæmdar eru aðgerðir: Hér sem áður í athugasemdum við reglugerðardrögin leggur HER til að orðinu *sjúkrastofnun verði skipt út fyrir heilbrigðisstofnun og að titill greinarinnar verði Heilbrigðisstofnun og stofa þar sem framkvæmdar eru aðgerðir*. Í 1. mgr. er lagt til að undir þessa grein falli þær stofnanir sem skilgreindar eru sem heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsfólk starfar á skv. lögum um heilbrigðisstarfsmenn og lögum um heilbrigðisþjónustu. Þetta þarf einnig að koma skýrt fram í viðaukanum og endurskoða þarf þar tölulíði 17, 29, 36, 37, 38, 46 og hvort ætti að vera líður um heilbrigðisstofnanir og svo upptalning hvað er um að ræða og er starfsleyfis og eftirlitsskylt af hálfu heilbrigðisnefndar. Í 2. mgr. ætti fyrsta setningin fremur að vera að mati HER *Nota skal hrein/sóttahreinsuð/dauðahreinsuð áhöld og búnað við meðferðir eftir því sem við á og viðhafa fyllstu smítgát*. Einnig þarf að laga orðalag þannig að *dauðahreinsaðan búnað eigi að nota þar sem við á s.s. þar sem húð er rofin og á vefi fólks í staðinn fyrir þegar því verður við komið*. Í 5. gr. þarf að skipta úr orðinu *fótaaðgerðastofa í heilbrigðisstofnanna* þar sem við á og bæta við handlaug með viðeigandi búnaði. Í stað *gott aðgengi að skolvaski* er lagt til *í tengslum við aðgerðarrými á heilbrigðisstofnunum þar sem fram fara aðgerðir skal vera aðskilið rými með tilheyrandi aðstöðu þar sem áhöld eru hreinsuð*. Í 7. gr. er lagt til að orðinu *Sjúklingur* verði skipt úr fyrir *Notendur heilbrigðisþjónustu*.

38. gr. Dvalarheimili: Skilgreina þarf hugtakið dvalarheimili. HER gerir athugasemd við að enn er inni og margoft hefur verið gerð athugasemd við, er varðar dvalarheimili sem eru heimili oftast fólks sem glímur við víðtæk heilsufarsvandamál, að 10 heimilismenn deili baðaðstöðu og salernisaðstöðu. Gera ætti kröfu, mögulega með sólarlagsákvæði fyrir eldri heimili, að heimilismenn hafi sér salernisaðstöðu en baðaðstöðu mætti nýta fyrir fleiri ef hún er ekki á hverju herbergi sérstaklega.

39. gr. Fangelsi og fangagæsla: Í 2. mgr. er einungis talið upp það hollustuháttaatriði er varðar lýsingu í klefa sem skuli vera fullnægjandi. HER telur að hér eigi annað hvort að sleppa þessu eða vísa til að klefar skulu standast kröfur sem gerðar eru almennt til húsnæðis sem fólk dvelst í (híbýla) er varðar hollustuhætti almennt, einnig ætti endurskoða ákvæði um fjölda snyrtinga þ.e. að leyfilegt sé að allt að 10 fangar noti sömu snyrtingu. Að mati HER er það alltof lítið og vísa til athugasemda við sama ákvæði hvað varðar aðra staði sjá t.d. gr. 38. Bent er á smithættu við þessar aðstæður t.d. ef næmur smitsjúkdómur kemur upp við þessar aðstæður.

41. gr. Skipulögð afþreyingarstarfsemi: Aðal athugasemdirnar eru gerðar við skilgreiningu á afþreyingarstarfsemi, sjá undir 3. gr. 39.

42. gr. Almenningsamgöngutæki og samgöngumiðstöðvar: Í greininni er *algild hönnun* sbr. Ákvæði byggingareglugerðar notuð vegna salernisaðstöðu en þetta er ein af mörgum skilgreiningum á salernum gegnum textann sem þarf að samræma. HER telur best að salerni séu skilgreind vegna krafna um aðbúnað og hreinlæti en ekki öðrum þáttum sem hafa ekki með hollustuhætti að gera eins og athugasemdir hafa verið gerðar við fyrr í umsögninni. Heimildir heilbrigðisnefndar þurfa að vera skýrar til eftirlits og krafna hverju sinni.

VII KAFLI



43. gr. Almennt: Lagt er til að fyrri setning 5. gr. sé sleppt þar sem hún er tvítekning og kemur fram í 1. mgr. en bæta seinni setningunni í 5. mgr. við 1. mgr. Í 7. mgr. Er lagt til að orðinu *búpeningur verði skipt út á móti búfé* eins og notað er í regluverki um það.

44. gr. Aðgangur dýra að tilteknum svæðum, húsnaði og almenningssamgöngutækjum: Í 1. mgr. er lagt til að *skipta út orðinu sjúkrastofnanir á móti heilbrigðisstofnanir* (ath. að það vantar að setja tölulíð á þær í drögunum). Í 3. tl. sjá athugasemdir við 3. gr., 19, 26 og 27 tl. hvað varðar *íþróttastarfsemi og líkamsræktastöðvar*. Lagt er til að liðurinn sé *Íþróttahús/íþróttamannvirki, líkamsræktastöðvar og sund- og baðstaði*. Í 7. mgr. þarf að breyta orðalagi þar sem HER telur að rekstraraðilar hjúkrunarheimila eins og það er orðað í greininni, en annars staðar í drögunum dvalarheimili, geti án samþykkis heilbrigðisnefndar komið inn með gæludýr að eigin ákvörðun. Á þessum heimilum í dag býr yfirleitt fólk með margþættan heilsufarsvanda og þarf því að skoða aðstæður á hverjum stað sérstaklega. Varðandi samþýli og annað búsetuform sem mögulega er í fjöleignahúsum þá þarf að fá samþykki sameigenda eftir því hvað um er að ræða og þarf að bæta ákv. laga um fjöleignahús er þetta varðar við málsgreinina. Hér er einnig að mati HER rétt að bent sé á mögulegar heilbrigðissamþykktir um gæludýrahald í viðkomandi sveitarfélagi líka.

49. gr. Framkvæmd eftirlits. Í 3. mgr: Segir að eftir hverja vettvangsheimsókn.....skuli eftirlitsskýrsla aðgengileg á vefsvæði heilbrigðisnefndar eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum.... Þetta þarf að umorða "*eftir hverja vettvangsheimsókn*" þar sem varla á þetta við um allar eftirlitsferðir t.d. í íbúðarhúsnaði eða kvartana vegna háttsemi einstaklinga.

51. gr. Frávik: Varðandi 2. mgr. vill HER taka fram eins og ítrekað hefur komið fram í umsögnum embættisins að stjórnvaldssektir eiga að vera jafnt á höndum viðkomandi heilbrigðisnefndar varðandi þau fyrirtæki og annað sem er þar undir eftirliti og telur enga þörf á að tilkynna Umhverfisstofnun um slíkt sérstaklega nema í frávikaskráningum eða öðrum upplýsingum sem Umhverfisstofnun hefur rétt á og/eða þarf að afla sér frá heilbrigðisnefndum.

57. gr. Sektir lögaðila: Hér sem í gegnum textann í drögunum þarf að ákveða hvort nota eigi orðið fyrirvarsmaður eða forsvarsmaður.

Samantekt:

Það sem helst kemur fram í athugasemdum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) hér að ofan er að samræma þarf orðalag og skilgreiningar við aðra löggjöf, gera vissar greinar skýrari, einnig að bæta úr þar sem hægt er að setja viðmiðunarmörk. Einnig eru atriði í reglugerðardrögunum sem ekki er á færi heilbrigðisnefnda s.s. að fylgja eftir að salerni séu fyrir öll kyn eða ókynskipt. Því máli þarf að koma í réttan farveg. Einnig leggur HER áherslu á að þar sem fram kemur "og önnur sambærileg starfsemi" þá sé eins og hægt er að sleppa slíku orðalagi og frekar að telja upp þá starfsemi sem átt er við. HER kallar því enn eftir því að sett verði mælanleg viðmið inn í reglugerðina líkt og gert er í byggingarreglugerð og að þar verði t.d. lágmarksviðmið fyrir innivist þ.e. hitastig, raka, koltvísýring, agnir og ljós svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt er að taka inn í reglugerðina eftirlit með skipulagðri félags og fræðslustarfsemi viðkvæmra hópa enda fellur það að markmiðum reglugerðarinnar. Taka þarf mið af umfangi starfsemi þegar ákvarða skal hvort starfsemi er starfsleyfis- eða skráningarskyld og að áhættumat verði lagt til grundvallar.




Einnig kallar HER eftir því að sett verði mörk fyrir umfang starfsemi sem metin er starfsleyfis- og skráningarskyld s.s. dýragarða, dýragæslu, hestahald, skemmti- og þemagarða o.fl. Það hefði verið jákvæðara að vinna við reglugerðina hefði verið komið lengra þegar reglugerðardrögin fóru í samráðsgáttina.

Í ljósi hina fjölmörgu athugasemda hér að ofan er ljóst að laga þarf umtalsvert í framkomnum reglugerðardrögum þannig að reglugerðin muni nýtast sem best þeim sem fara skulu að ákvæðum hennar sem og heilbrigðisnefnda sem eiga að framfylgja henni. HER óskar eftir að reglugerðardrögin verði yfirfarin með hliðsjón af þeim markmiðum sem starfshópur sem skipaður var af umhverfis- og auðlindaráðherra 2018 setti fram vegna endurskoðunar á reglugerðinni og minnir á að ekki er of seint að laga ákvæði hennar að þeim. HER leggur áherslu á mikilvægi hollustuháttamála í daglegu lífi allra landsmanna er varðar nærumhverfi þeirra, hollustu og öryggi. Því liggur mikið við að vel takist til með endurskoðun reglugerðarinnar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur óskar eftir að koma að frekari vinnu við að gera reglugerðina sem best úr garði til að hún nýtist sem best í að vernda og viðhalda lýðheilsu og heilnæmum lífsgæðum.

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri